**HAUKUR VALGEIR MAGNÚSSON**

*Undir miklum áhrifum frá Jamie Oliver*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**HERA BJÖRK ÞÓRHALLSDÓTTIR**

*Er í eðli mínu flökkukind*

Býr bæði á Íslandi og í Danmörku

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**HEIMIR KARLSSON**

*Í beinni á BBC*

Lopapeysuátakið vekur athygli í Bretlandi

FÓLK 34




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. janúar 2009 — 21. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

**Allir hugsa um heilsuna**

Heilsuhúsið fagnar 30 ára afmæli með útgáfu og fyrirlestraröð.



TÍMAMÓT 22

**Nýir þættir**

Benedikt Erlingsson vinnur að sjónvarpsþáttum um Sturlungaöldina.



FÓLK 28

**Tvær borgir**

Lýðræði er ekki skrílræði", skrifar Hannes Hólmsteinn Gissurarson og telur að leiða þurfi brýn mál til lykta áður en kosið verður.

Í DAG 18

**Guttarnir unnu toppliðið**

Hið unga lið FH byrjar nýja árið vel í N1-deild karla í handbolta.



ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR** Í dag verður norðaustan stormur á Vestfjörðum, Snæfellsnesi og suðaustan til, annars strekkingur. Rigning eða slydda með köflum en úrkomulítið suðvestanlands. Hiti 2-6 stig.

VEÐUR 4

# Stjórnin reynir að þrauka

**Formenn stjórnarflokkanna reyna hvað þeir geta til að halda lífi í ríkisstjórninni. Þeir freista þess að koma sér saman um kjördag á árinu. Vaxandi óánægju gætir í garð samstarfsins í þingliðum beggja flokka.**

**STJÓRNMÁL** Furðu gætir innan þingliðs Samfylkingar með yfirlýsingu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra um að ríkisstjórnarsamstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn verði haldið áfram. „Við stöndum saman meðan stætt er," sagði Ingibjörg Sólrún í fréttum Ríkisútvarpsins í gærkvöldi.

Þingmönnum Samfylkingarinnar sem Fréttablaðið ræddi við í gærkvöldi virtist brugðið yfir þessum orðum formanns síns. Í þeirra röðum var í gær gengið út frá að ályktun Samfylkingarfélagsins í Reykjavík frá kvöldinu áður yrði leiðarstef. Í henni var skorað á þingflokkinn að beita sér fyrir tafarlausum stjórnarslitum og mynda nýja stjórn fram að kosningum sem færu fram eigi síðar en í maí. Fleiri Samfylkingarfélög hafa ályktað á sömu lund.

Ingibjörg sagði í viðtalinu að ályktanirnar kæmu sér ekki á óvart. Það hefði lengi verið viðhorfið í Samfylkingunni að Sjálfstæðisflokkurinn þyrfti að axla meiri ábyrgð á því sem gerst hafi. Þá kvaðst hún ætla að beita sér fyrir vorkosningum og sagðist hafa gert Geir H. Haarde forsætisráðherra grein fyrir þeirri afstöðu sinni. Geir sagði í fyrradag að glapræði væri að kjósa í vor. Innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins hefur afstaðan verið sú að þjóðarhagur krefjist þess að ríkisstjórnin starfi áfram. Ef kjósa eigi á annað borð beri að gera það í fyrsta lagi í haust. Geir sagðist á Alþingi í gær sannfærður um að ríkisstjórnin væri á réttri leið í endurreisnaraðgerðum sínum.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem rætt var við eru almennt sammála Geir en þolinmæði þeirra gagnvart yfirlýsingum þingmanna samstarfsflokksins fer hratt minnkandi. Þeir telja Samfylkinguna ekki lengur nægilega trúverðuga í samstarfinu og grafa undan því fremur en styrkja.

Stjórnarsamstarfið og pólitíska ástandið verða til umræðu á fundi miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins í dag.

**- bþs, bj**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**STÓÐU MEÐ LÖGREGLU** Hópur mótmælenda tók sér stöðu við hlið lögreglumanna við Alþingi í gærkvöldi og lagði með því áherslu á andstöðu við ofbeldi. „Okkur þykir afskaplega vænt um þetta," segir Árni Þór Sigmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn.

Skoðanakönnun um viðhorf til mótmælanna:

## Tveir þriðju hlynntir mótmælum

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti þjóðarinnar segist hlynntur mótmælunum að undanförnu, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Mikill meirihluti tók þó sérstaklega fram að hann væri ekki hlynntur ofbeldi, skrílslátum eða árásum á lögregluna. 45,7 prósent sögðust vera hlynnt mótmælunum og 20,6 prósent mjög hlynnt. Þá sögðust 10,2 prósent vera hlutlaus. 13,5 prósent voru andvíg mótmælunum og 10,0 prósent mjög andvíg.

Heldur fleiri konur en karlar eru mótmælunum andvíg. Þá eru íbúar á höfuðborgarsvæðinu mun hlynntari mótmælunum en íbúar á landsbyggðinni.

Stuðningur við mótmælin er mestur meðal vinstri grænna, tæp 87 prósent, og samfylkingarfólks, tæp 76 prósent, en einungis 32 prósent sjálfstæðisfólks eru mótmælunum hlynnt.

Um 54 prósent sjálfstæðisfólks eru andvíg mótmælunum en um átta prósent vinstri grænna, sautján prósent samfylkingarfólks og 33 prósent framsóknarfólks.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 22. janúar og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Hver er afstaða þín til mótmælanna að undanförnu? 97,9 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

**- ss**

### Hvaða afstöðu hefur þú til mótmælanna að undanförnu?




Samkvæmt könnun Fréttablaðsins 22. janúar.

Gjaldeyrisviðskipti Straums:

## Segja ásakanir rangar og óska eftir rannsókn

**VIÐSKIPTI Straumur fjárfestingarbanki hefur óskað eftir því að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið skoði gjaldeyrisviðskipti bankans.**

**Starfsmenn bankans hafa verið sakaðir um að hafa keypt gjaldeyri á yfirverði og valdið því að mikill viðsnúningur á vöruskiptum hefur ekki skilað sér í gengisstyrkingu krónunnar.**



WILLIAM FALL

**William Fall, forstjóri Straums, segir ásakanirnar alrangar og bankinn hafi lagt öll gögn um málið í hendur eftirlitsaðila.**

**Starfsfólk Straums hefur orðið fyrir áreiti af völdum þessara ásakana," segir Georg Andersen, framkvæmdastjóri upplýsingasviðs. Áreitið stafi bæði af grun um að bankinn haldi gengi krónunnar lágu en ekki síst vegna óvildar í garð aðaleiganda bankans, Björgólfs Thors Björgólfssonar.**

**- jab / sjá síðu 16**










**SPURNING DAGSINS**



*Jóhannes, verður þú með súra brandara?*

„Já, gallsúra og snafs með.“

Jóhannes Kristjánsson eftirherma verður á útopnu að skemmta landsmönnum á þorrablótum á næstunni.

Njörður P. Njarðvík og Bera Þórisdóttir leggja af stað í árlega ferð til Tógó í dag:

# Ísland fær ræðismann í Tógó

**SAMFÉLAGSMÁL** Íslensk ræðismannsskrifstofa verður opnuð í Afríkuríkinu Tógó hinn 11. febrúar. Kjörræðismaður verður Claude Gbedey, fjármálastjóri barnaþorps SPES frá stofnun þess. Embætti kjörræðismanns er ólaunað. Hlutverk hans er að gæta hagsmuna íslenskra ríkisborgara og styðja við stjórnmála-, viðskipta- og menningarsamstarf.

Hjálparsamtökin SPES reka barnaþorp í borginni Lóme þar sem 92 börn eiga heimili.

Hjónin Njörður P. Njarðvík og Bera Þórisdóttir, sem voru meðal stofnenda SPES, leggja af stað í árlega ferð til Tógó í dag. Meðal



**NJÖRÐUR OG BERA** Hjónin Njörður P. Njarðvík og Bera Þórisdóttir, stofnendur SPES, með eitt af börnum í barnaþorpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANNA MARGRÉT

annars munu þau líta til með uppbyggingu nýs þorps sem hafin er. Þá munu þau heimsækja skólann sem börnin í þorpinu ganga í, en hann hafa samtökin stutt við bakið á. „Þarna eru fáir kennarar og léleg aðstaða. Við höfum meðal annars byggt skólastofur og látið leggja rafmagn, í samstarfi við foreldrafélag skólans,“ segir Bera.

Samtökin finna fyrir kreppunni eins og aðrir. Bera segir þó framtíð þeirra þó ekki í hættu. „Við höfum tryggt okkur og eigum fé til að reka heimilið um ákveðinn tíma. En þrátt fyrir allt hefur almenningur haldið áfram að styrkja okkur og margir hafa haldið áfram að gefa ríkulega.“ **- hhs**

Fimm sagt upp á Stöð 2:

# Niðurskurður í erfiðu ástandi

**FJÖLMIÐLAR Fimm starfsmönnum fréttastofu Stöðvar 2 og Vísis var sagt upp í gær. Meðal þeirra sem, misstu vinnuna eru þau Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttamaður, Elín Sverrisdóttir útsendingarstjóri, og öll ritstjórn fréttaskýringaþáttarins Kompáss.**

**Óskar Hrafn Þorvaldsson, fréttastjóri Stöðvar 2 og Vísis, segir horft í hverja krónu á tímum sem þessum. Uppsagnirnar snúist um að spara sem mest þannig að það komi sem minnst niður á starfseminni. Því hafi tvær yfirmannastöður verið lagðar niður, sem og dýr fréttaskýringaþáttur. - bj**

# Auðmenn í íslenskri þotu um allan heim

**Bandarísk ferðaskrifstofa leigir sérinnréttaða íslenska þotu undir heimsreisur fyrir auðkýfinga. Farseðill kostar allt að 13 milljónir króna. Íslenskir flugliðar keppast um að komast í ferðirnar sem lýst er sem ævintýri fyrir áhafnirnar.**

**FERÐALÖG** „Þetta er draumur fyrir hverja manneskju,“ segir Auður Pálmadóttir, hjá Loftleiðum Icelandic, um lúxusferðir sem farnar eru á þotu Icelandair með bandaríska auðkýfinga.

Að sögn Auðar hefur Boeing 757-200 þota frá Icelandair verið leigð til bandarísku ferðarskrifstofunnar Abercrombie & Kent til að fara með lítinn hóp farþega í nokkrar lúxusferðir um heiminn á hverju ári. Fyrstu verkefnin voru á árinu 2006. Önnur ferðin af þremur að þessu sinni hófst í Los Angeles í gær, miðvikudag og lýkur ekki fyrr en 13. febrúar.



**AUÐUR PÁLMADÓTTIR**

Þotan getur tekið yfir 200 farþega en skipt hefur verið um innréttingu fyrir þetta verkefni og komið fyrir 52 hægindastólum auk sextán sæta setustofu þar sem hægt er að vera með dúkuð borð fyrir málsverði. Matseðlar eru fjölbreyttir og komið er til móts við séróskir farþega um drykki.

Auður segir farþegana vera vellauðuga enda kosti ferðin á bilinu 80 til 100 þúsund dollara fyrir manninn. Það svarar til 10-13 milljóna króna. „Þarna á meðal er fólk sem kemur á einkavélum inn á flugvellina til þess að fara í ferðirnar,“ útskýrir Auður og bætir við að sumir farþeganna hafi jafnvel farið fleiri en eina ferð.

„Það verður farið til Chile, Ástralíu, Taílands, Indlands, Egyptalands og Spánar áður en ferðinni lýkur aftur í Ameríku í febrúar,“ segir Auður um heimsreisuna sem nú er nýhafin. Tveim dögum eftir að henni lýkur verður lagt í þriggja vikna Afríkuferð sem stendur fram í mars.

Mikill og flókinn undirbúningur starfsmanna hér heima er að baki hverri ferð og Auður segir samstarfið við hlé Abercrombie & Kent hafa gengið afar vel. „Þeir eru sérstaklega ánægðir með okkur og okkar áhafnir sem hafa staðið sig með einstakri prýði,“ segir hún.

Allir í áhöfninni eru íslenskir. Auk tveggja flugstjóra, flugmanns og flugfreyja eru tveir kokkar um borð og einn flugvirki. Auður segir þessi störf afar eftirsótt. „Það er mikil upplifun að fara í svona langar ferðir saman og það myndast einstök samheldni hjá áhöfnunum.“

Eftir að ferðinni til Afríku lýkur tekur við hlé fram á haust þegar ný ævintýri taka við. **gar@frettabladid.is**



**DÚKUÐ BORÐ** Farþegar í lúxusþotu Icelandair eiga þess kost að setjast að dúkuðum borðum aftast í vélinni. MYND/LOFTLEIÐIR ICELANDIC



**ICELANDAIR** Þota í nýjum búningi í Los Angeles í gær.

Evrópumál í Danmörku:

# Fogh undirbýr evrukosningar

**DANMÖRK Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, stefnir að því að boða til nýrrar atkvæðagreiðslu um að Danir falli frá undanþágunni frá þátttöku í myntbandalag ESB og hinum undanþágunum þremur frá ESB-samstarfinu sem samið var um eftir höfnun Dana á Maastricht-sáttmálanum árið 1992.**



**ANDERS FOGH RASMUSSEN**

**Skilyrðið sem Fogh setur fyrir nýrri atlögu að því að koma Danmörku inn á evrusvæðið er að Sósíalíski þjóðarflokkurinn fáist til að styðja hana.**

**Rætt var um kosti og galla inngöngu í myntbandalagið á danska þjóðþinginu í gær. - aa**

Könnun MMR um fylgi flokka:

# Framsókn rís hratt upp

**SKOÐANAKÖNNUN** Fylgi Framsóknarflokksins eykst verulega, samkvæmt nýrri könnun MMR, sem framkvæmd var 20.-21. janúar. 17,2 prósent segjast nú myndu styðja flokkinn, en fylgið var 4,9 prósent í síðustu könnun MMR í desember.

Vinstri græn eru áfram stærsti stjórnmálaflokkurinn samkvæmt könnuninni, með 28,5 prósent fylgi. 24,3 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, en Samfylkingin fær 16,7 prósent fylgi. Þá segjast 24,2 prósent styðja ríkisstjórnina. 3,3 prósent styður Frjálslynda flokkinn og 2,2 prósent Íslandshreyfinguna. 7,9 prósent segjast myndu kjósa eitthvað annað. Könnunin var síma- og netkönnun og svöruðu 1.749 einstaklingar. **- ss**

# Helgi Hálfdanarson látinn

Helgi Hálfdanarson, bókmenntaþýðandi, kennari og lyfjafræðingur, andaðist á heimili sínu 20. janúar, 97 ára að aldri.



**HELGI HÁLFDANARSON**

Helgi fæddist 14. ágúst 1911. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1930 og cand.pharm-prófi í lyfjafræði 1939. Í framhaldinu stofnaði hann Húsavíkur Apótek, sem hann rak í tvo áratugi en starfaði eftir það sem lyfjafræðingur og við kennslu í Reykjavík.

Helgi vann að þýðingum meðfram daglegum störfum og hafa fáir lagt jafn mikið til íslenskra bókmennta og leikhúsmenningar á 20. öld og hann. Helgi þýddi öll leikrit Shakespeares, gríska harmleiki eftir Æskýlos, Sófókles og Evripídes auk sígildra ljóðaleikja eftir aðra höfunda.

Helgi var kvæntur Láru Sigríði Sigurðardóttur, fædd 16. janúar 1914, dáin 21. júlí 1970. Þau eignuðust þrjú börn.

Kveikti í Tryggvagötu 14:

# Brennuvargur úr varðhaldi

**DÓMSMÁL Hæstiréttur felldi í gær úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms yfir manni sem játað hefur að hafa kveikt í íbúðarhúsi við Tryggvagötu 14. janúar síðastliðinn.**

**Maðurinn hefur játað að hafa hellt bensíni inn á stigagang, tekið dagblöð og kveikt í. - bj**




Hildur Petersen í dómnefnd um Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í þriðja sinn:

# Verðlaunin vega þyngra nú

**SAMFÉLAGSVERÐLAUN** Nú líður að því að tilnefningafrestur til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins renni út. Hildur Petersen, stjórnarformaður Kaffitárs og Pfaff, situr nú í dómnefnd um Samfélagsverðlaunin í þriðja sinn.

„Það hefur verið einstaklega skemmtilegt að vera þátttakandi í þessu. Þarna er verið að vekja athygli á þeirri fjölbreytni sem blómstrar í samfélaginu,“ segir Hildur.

„Ég held að vægi þessara verðlauna eigi eftir að aukast nú þegar þjóðfélagsmynstrið er að breytast og áherslurnar með. Þarna er verið að verðlauna störf sem unnin eru af fórnfýsi, hógværð og látleysi. Það getur verið um að ræða eitt hetjuverk eða hugsjónastarf einstaklinga eða félaga í áratugi svo verðlaunahafarnir spanna vítt svið. Verk sem byggist á því að vera góður við náungann dettur aldrei úr tísku en vegur jafnvel þyngra nú en oft áður.“

Tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins má skila í gegnum hlekk Vísi, á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is. Einnig má senda tilnefningar með pósti. Skilafrestur rennur út mánudaginn 26. janúar.



**HILDUR PETERSEN** Góðverk detta aldrei úr tísku en eru jafnvel betur metin nú en oft áður, segir Hildur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dómnefndina að þessu sinni skipa, auk Hildar, Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, Katrín Jakobsdóttir alþingismaður og Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins. **- jse**


-10 kr.
Bara fyrir konur í dag!
Hvernig ætlar þú að gleðja karlinn þinn á bónda-daginn? Á bensínstöðvum Skeljungs færðu 10 kr. afslátt af eldsneytislítranum á bóndadaginn ef þú ert kona. Dekraðu við karlinn með því að fylla tankinn – og kauptu blóm handa honum í leiðinni.
*Önnur afsláttarkjör gilda ekki til viðbótar. Viðskiptavinur fær ávallt þann afslátt sem hagstæðastur er hverju sinni.
Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

## Mótmælin halda áfram

UMFJÖLLUN UM MÓTMÆLI

### Xinhua-fréttastofan

„Sjálfstæðisflokkurinn, sem fer fyrir ríkisstjórn Íslands, sagðist á fimmtudag eiga von á að kosningar verði haldnar í ár vegna fjármálakreppunnar … Mótmælendur hafa safnast saman fyrir utan þinghúsið í höfuðborginni og krafist afsagnar ríkisstjórnarflokksins vegna efnahagshrunsins í landinu.“

### AlJazeera.net

„Lögregla beitti táragasi gegn mótmælendum þegar óeirðir brutust út aðfaranótt fimmtudags, að sögn talsmanns. Hann bætti við að tveir lögreglumenn hefðu verið lagðir inn á sjúkrahús eftir að hafa orðið fyrir grjótkasti. Mótmæli gegn ríkisstjórninni hafa orðið daglegt brauð í borginni eftir að fjármálakerfi landsins hrundi í október vegna milljarða dollara erlendra skulda sem bankar stofnuðu til.“

### Frankfurter Rund-schau

„Þið eruð reknir!“ hrópa reiðir Íslendingar að ráðherrum sínum … og virðast hafa rétt fyrir sér. Eftir hrinu nýrra og nú síðast ofbeldisfullra mótmæla vegna hörmungarafleiðinga fjármálakreppunnar í höfuðborginni Reykjavík virðist það svo gott sem öruggt að Geir Haarde forsætisráðherra víki, leysi upp samsteypustjórnina og mæti kjósendum í nýjum kosningum.“

### Politiken.dk

„Örvæntingin vegna efnahagskreppunnar vex dag frá degi meðal almennings á Íslandi, og óánægjan með sitjandi ríkisstjórn hefur leitt til ítrekaðra átaka milli lögreglu og mótmælenda.“

### Aftenposten.no

„Ótal mótmæli hafa verið haldin gegn íslensku ríkisstjórninni og seðlabankastjóranum síðan efnahagskerfi Íslands hrundi í október. Fólk krefst afsagnar ríkisstjórnarinnar og seðlabankastjórans og að kosningar verði boðaðar.“

### Sydney Morning Herald

„Óeirðalögregla bjargaði forsætisráðherranum, Geir Haarde, úr embættisbifreið sinni eftir að hún var umkringd af mótmælendum. Mótmælendur, reiðir yfir tökum ríkisstjórnarinnar á fjármálakreppunni, slógu í bílinn með könnum og hentu í hann eggjum. Lífverðir reyndu að bægja þeim frá uns lögregla kom á staðinn til að ryðja bílnum braut.“



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FYRIR UTAN KJALLARANN** Meðan menn ræddu málin á félagsfundi Samfylkingarinnar í Þjóðleikhúskjallaranum loguðu blys og bál fyrir utan og var fundarmönnum inni blásinn byltingarandi í brjóst. Það virtist hafa skilað sér, alltént var dansað og sungið þegar ljóst var hvers konar ályktun komið var með af fundinum.

# Vilja ekki segja upp áætlun og láni AGS

**Þingmenn Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins telja ekki koma til greina að segja upp efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.**

Varaformenn Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins taka ekki undir hugmyndir Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri grænna, um að til álita komi að segja upp efnahagsáætluninni við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) og afþakka lánafyrirgreiðslu úr þeirri átt. Hagfræðingur við Háskóla Íslands telur að slík ákvörðun væri hreint glapræði.

Steingrímur sagði í Kastljóssviðtali á miðvikudagskvöld að þingflokkur Vinstri grænna væri þeirrar skoðunar að æskilegast væri að komast út úr samkomulaginu við AGS og skila láni upp á tvo milljarða Bandaríkjadollara ef mögulegt væri. Þetta yrði til dæmis gert til að „losna undan þvingunarskilmálunum sem á okkur eru settir, til dæmis um þennan sársaukafulla niðurskurð í heilbrigðiskerfinu“, eins og Steingrímur komst að orði. Hann tók fram að slík ákvörðun yrði ekki tekin í fljótheitum og í góðu samráði við AGS.

Gylfi Magnússon, dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, telur það vera glapræði að segja upp efnahagsáætlun AGS. Aðkoma sjóðsins sé nánast aðgöngumiði Íslands til að vera gjaldgengt í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Að segja okkur frá samkomulaginu væri yfirlýsing um að við ætluðum ekki að taka á okkar málum á alþjóðavettvangi.“

Birkir J. Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, segist í fljótu bragði ekki getað tekið undir hugmynd Steingríms. „Það þarf að fara yfir öll þessi mál en staða Íslands er með þeim hætti að við þurfum utanaðkomandi aðstoð í þeim erfiðleikum sem við stöndum frammi fyrir.“ Birkir telur að Steingrímur hafi ekki úttalað sig um þær hugmyndir sem hann viðraði í Kastljósinu enda hafi hann sagt að þetta þyrfti nánari skoðunar við. Ef til kæmi þá yrði það í samráði við þá flokka sem hefðu meirihluta hverju sinni.

Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, telur það ekki raunhæfan kost að skila láni AGS. Stjórnmálamenn verði að horfast í augu við staðreyndir, og hún sé að engin önnur leið komi til greina til að endurreisa efnahagslífið en að halda sig við áætlun AGS, og sækja um aðild að Evrópusambandinu.

„Þetta er eitthvað það óábyrgasta sem ég hef heyrt frá stjórnmálamanni,“ segir Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar. Það sé alveg ljóst að Samfylkingin muni ekki taka þátt í því að skila láni AGS.

Aðrir heimildarmenn Fréttablaðsins taka fram að þessi orð Steingríms komi ekki í veg fyrir einhvers konar samstarf fram að kosningum í vor. Slíkt samstarf yrði væntanlega að taka á fyrirfram ákveðnum málum, og það að skila láni AGS verði væntanlega ekki eitt af þeim.

svavar@frettabladid.is,
brjann@frettabladid.is

Oddviti Samfylkingar í Kóp.:

## Harmar ályktun Reykvíkinga

Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, hafnar því að Kópavogsfélagið í heild standi á bak við stuðningsyfirlýsingu við reykvíska flokksbræður sem krefjast stjórnarslita. Þetta kemur fram í bréfi sem Guðríður sendi til nokkurra samfylkingarmanna í Kópavogi.



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

Ályktun reykvískra samfylkingarmanna var þess efnis að skora á þingflokk Samfylkingarinnar að beita sér fyrir því að ríkisstjórnarsamstarfinu verði umsvifalaust slitið, og mynduð verði stjórn sem starfi fram að kosningum sem fram fari eigi síðar en í maí 2009.

Guðríður telur að landið verði stjórnlaust verði ríkisstjórn slitið og mynduð verði minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna.

\- shá

VINSÆLAST!




JANÚAR TILBOÐ
á öllum 204 stk. pakkningum!

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið var reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b • 105 Reykjavík

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**ÞORRI MEÐ LÆTI**
Þorrinn heilsar af krafti þennan daginn. Í dag má búast við stormi vestast á Vestfjörðum og Snæfellsnesi og einnig sunnan Vatnajökuls. Þá verður mjög hvasst á fjallvegum á þessum slóðum. Í fyrramálið verður ennþá mjög hvasst á Vestfjörðum en þegar líður á daginn dregur þar úr vindi. Annars staðar verður vindurinn mun hægari á morgun.



**Á MORGUN**
5-13 m/s, hvassast á Vestfjörðum.

**SUNNUDAGUR**
5-13 m/s, hvassast á Vestfjörðum.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Amsterdam | 6° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 6° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 6° |
| New York | 8° |
| Orlando | 21° |
| Osló | -1° |
| París | 9° |
| Róm | 12° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Steik
## á bóndadaginn!

OPIÐ til 20 alla daga



ÍSLANDS NAUT

30% afsláttur við kassa

ÍSLENSK NAUTA T-BONE STEIK
2.379 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-



ÓÐALS

50% afsláttur við kassa

1.239 kr/kg
Merkt verð 2.478.-

**Svínalundir**
ferskar, íslenskar



ÓÐALS

40% afsláttur við kassa

1.079 kr/kg
Merkt verð 1.798.-

**Svínahnakki**



ÓÐALS

40% afsláttur við kassa

599 kr/kg
Merkt verð 998.-

**Svínarifjasteik**



Holta-kjúklingur

35% afsláttur við kassa

623 kr/kg
Merkt verð 959.-

**Kjúklingalæri með legg**
2 tegundir




499 kr/stk.
Verð áður 699.-

**Freschetta Practissimo pizzur**
2 tegundir



NÝBAKAÐ

40% afsláttur

269 kr/stk.
Verð áður 479.-

**Heilsubrauð Hagkaups**




79 kr/stk.
Verð áður 129.-

**Viking pilsner** 0,5 ltr. dós



LÍFRÆNT

20% afsláttur við kassa

**Lífrænt heilhveiti og spelt pasta**




20% afsláttur við kassa

KYNNINGAR
Í dag í Skeifunni og Garðabæ
Á morgun í Smáralind

**Patak´s indverskar vörur**
Korma sósa og nanbrauð




20% afsláttur við kassa

**Jói Fel ferskt pizzadeig,**
**Hagkaups ferskt spelt pizzadeig**

OPIÐ allan sólarhringinn í Skeifunni 24 Skeifan

Gildir til 25. janúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Mótmælin halda áfram

Landssamband lögreglumanna þakkar verndina:

# Fordæmir tiltekinn hóp ofbeldissinna

„Landssamband lögreglumanna fordæmir framgöngu tiltekinna einstaklinga að beita lögreglumenn alvarlegu ofbeldi. Stór hópur lögreglumanna er slasaður eftir atburði undanfarinna daga og einkum eftir nóttina.“

Svo segir í yfirlýsingu frá LL, sem barst Fréttablaðinu í gær.

Segir enn fremur að lögreglumenn séu einfaldlega að sinna sínum skyldustörfum við þær erfiðu aðstæður sem uppi eru í þjóðfélaginu. Þeir séu fagmenn sem vinni störf sín af alúð og vandvirkni í hvívetna og muni að sjálfsögðu gera svo áfram. Það ástand, sem uppi sé í þjóðfélaginu, bitni ekkert síður á lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra en öðrum þegnum þessa lands.

„Landssambandið höfðar til skynsemi almennings og skilnings á þessari staðreynd. Það hvetur alla til að gæta hófs við beitingu hins lýðræðislega réttar síns að láta skoðanir sínar í ljós og haldi sig innan marka laganna. Rétt er að leggja á það áherslu að virði menn lögregluna að vettugi blasir ekkert annað við en algert upplausnarástand í þjóðfélaginu engum til heilla.“

Loks færir LL því fólki þakkir sem brást við aðstæðum í fyrrinótt með því að slá skjaldborg um lögreglumennina og veita þeim vernd gegn grjótkasti. - jss

> Rétt er að leggja á það áherslu að virði menn lögregluna að vettugi blasir ekkert annað við en algert upplausnarástand í þjóðfélaginu engum til heilla.
>
> **ÚR YFIRLÝSINGU FRÁ LANDSAMBANDI LÖGREGLUMANNA**


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**AÐ LOKNU NÆTURVERKI** Eftir að hafa staðið í ströngu gátu þessir lögreglumenn slakað á um klukkan þrjú í fyrrinótt.

Fjórar hreyfingar hvetja til mótmælahvíldar:

# Vilja ró um helgarnætur

Fjórar hreyfingar hvetja mótmælendur að láta af aðgerðum sínum í kvöld og annað kvöld og vera þá ekki í miðbæ Reykjavíkur. „Verulega hætta er á að til skrílsláta komi er góðglaðir næturgestir öldurhúsa telja sjálfum sér trú um að þeir hafi göfug markmið í huga með skemmdarverkum,“ segir í tilkynningu frá þeim. Þær hvetja hins vegar til áframhaldandi mótmæla og segja þær hafa borið árangur hingað til. Hreyfingarnar sem skrifaðar eru fyrir tilkynningunni eru Borgarahreyfing um þjóðfund 1. des., Landsmenn gegn ríkisstjórninni, Iceland-Calling og Nýir tímar. - jse

# Geir sannfærður um að endurreisn takist

**Ríkisstjórnin hefur unnið hörðum höndum að lausn efnahagsvandans, að sögn forsætisráðherra. Formaður VG segir aðeins örfáa hafa trú á að störf stjórnarinnar gangi vel. „Ekki meir Geir,“ sagði varaformaður Framsóknarflokksins.**

„Sú efnahagsáætlun sem við erum að vinna eftir og ég rakti ítarlega í minni upphafsræðu miðar að því að endurreisa efnahagslífið og það mun takast. Ég er ekki í nokkrum einasta vafa um það,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í lokaræðu sinni í umræðum um efnahags- og atvinnumál á Alþingi í gær.

Í upphafsræðunni sagði hann það mikil öfugmæli sem haldið hefði verið fram að ríkisstjórnin hefði ekkert aðhafst til að bregðast við erfiðleikum í efnahagslífinu. Rakti hann í framhaldinu aðgerðir í 27 liðum til að koma til móts við heimilin og fyrirtækin. Voru þær kynntar í byrjun desember.

Geir fjallaði líka um efnahagsáætlunina sem ríkisstjórnin markaði í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Snýr hún að gengis- og peningamálastefnu, ríkisfjármálum og endurupbyggingu bankakerfisins og miði að því að endurvekja traust og trúverðugleika hagkerfisins og búa í haginn fyrir bætta fjárhagsstöðu íslenskra heimila og fyrirtækja.


**ÞUNGT YFIR ÞINGHEIMI** Alþingismenn sátu brúnaþungir undir umræðum um ástand efnahags- og atvinnumála í gær.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, sagðist ekki vilja segja að ríkisstjórnin hefði ekki gert neitt en hún hefði misst tökin á ástandinu. Þjóðin væri ósátt við stjórnina og treysti henni ekki. Eftir að hafa lýst þungum áhyggjum af risavöxnum skuldum þjóðarbúsins og bágum atvinnuhorfum sagðist Steingrímur gefa lítið fyrir þá skoðun forsætisráðherra að verk stjórnvalda í átt að endurreisn gengju vel; enginn, nema kannski örfáir þingmenn, hefðu það á tilfinningunni.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sagði Íslendinga geta unnið sig út úr ástandinu en til þess þyrfti bjartsýni og von. Útflutningsatvinnuvegirnir væru sterkir, sóknarfæri í ferðaþjónustu mörg, sprotafyrirtæki væru að bæta við sig störfum og möguleiki væri á olíu- og gasvinnslu.

Birkir J. Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, sagði ríkisstjórnina ekki eiga sér viðreisnar von. Það sæju allir nema kannski ráðherrar hennar. Ræða forsætisráðherra hefði verið máttlítil og án sannfæringar. Bjartsýni og kraftur hefðu þó verið í ræðu iðnaðarráðherra. Lauk hann máli sínu á að segja „Ekki meir Geir.“

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sagði að þó kjósa þyrfti fyrr en síðar væri vandinn til staðar og frá honum mætti ekki hlaupa. Takast þyrfti á við hann og það væri forsætisráðherra að meta hvort hann vildi samstarf við stjórnarandstöðuna. En til þess að af því gæti orðið þyrfti að liggja fyrir samkomulag um hvenær kosið yrði.

bjorn@frettabladid.is


## Fögnum þorranum!


© Inter IKEA Systems B.V. 2009

IKEA FOOD

990,-

**Þorrabakki m/nýmeti**
Inniheldur: Hangikjöt, saltkjöt, sviðasultu, marineraða síld, karrý síld, harðfisk, hákarl, baunasalat, rúgbrauð, smjör og rófustöppu.
**Einnig bjóðum við þorrabakka með súrmeti.**

www.IKEA.is

## Xerodent
Við munnþurrki




**Þreföld virkni Xerodents**

- Eplasýra – örvar munnvatnsframleiðslu
- Flúor – ver tennurnar gegn skemmdum
- Xylitol – hemur bakteríuvöxt í munni

**Xerodent 28,6 mg/0,25 mg munnsogstöflur.**
**Notkunarsvið og skömmtun:** Hver tafla inniheldur eplasýru 28,6 mg og natríumflúoríð samsvarandi 0,25 mg af flúor. Xerodent er lyf til varnar tannskemmdum notað við meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrk.
**Skammtastærðir fyrir fullorðna:** 1 tafla eftir þörfum, venjulega 6 sinnum á dag. Við mikinn munnþurrk má auka skammtinn í 12 töflur á dag í takmarkaðan tíma. Töfluna á að láta bráðna hægt í munni. Dreifa skal skammtinum jafnt yfir daginn.
**Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna ættu ekki að nota Xerodent. Við meðhöndlun með Xerodent skal forðast að nota önnur lyf sem innihalda flúor. Xerodent má ekki nota á landsvæðum þar sem flúorinnihald drykkjarvatns er hátt. Vegna þess að Xerodent inniheldur xylitól getur það haft hægðalosandi verkun.
**Meðganga/brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta við notkun á meðgöngu. Natríumflúoríð skilst ekki út í brjóstamjólk. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Actavis Group hf. 29. nóvember 2007.


Árni Páll Árnason:

## ESB grundvöllur endurreisnar

Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði aðkallandi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það væri grundvöllur endurreisnar íslenskra atvinnulífs.


**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

Hann sagði ríkisstjórnina ekki hafa talað nógu skýrt við þjóðina sem upplifði sig afskipta.

Þá sagði hann mikilvægt að skera stjórnkerfi landsins upp enda hefði stjórnkerfi embættismannaklíka og skjallbandalaga engu skilað nema óhæfu kerfi sem reyndist ekki fært um að vara við. - bþs

Helga Sigrún Harðardóttir:

## Ríkisstjórn á bekk spilltra

„Margir voru hneykslaðir á því að vera settir á lista með al Kaída. En ríkisstjórnin sjálf skipar sér á bekk með spilltum og vanþróuðum þjóðum sem ættu að standa íslensku þjóðinni langt að baki,“ sagði Helga Sigrún Harðardóttir Framsóknarflokki.


**HELGA SIGRÚN HARÐARDÓTTIR**

Hún hvatti ráðherra til afsagna en varði megintíma ræðu sinnar í að lýsa áhyggjum af atvinnuleysinu og alvarlegum fylgifiskum þess; vanlíðan, sjúkdómum og hugsanlega örorku. - bþs

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

## Kosningar í ár óhjákvæmilegar

Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntamálaráðherra telur að ekki verði hjá því komist að kjósa í ár. Finna þurfi rétta tímann en það megi ekki verða til þess að beðið verði með nauðsynlegar aðgerðir til að sporna við atvinnuleysinu.


**ÞORGERÐUR K. GUNNARSDÓTTIR**

Þorgerður benti á að í kosningabaráttu hugsuðu stjórnmálamenn um eigin hag og flokka sinna og þjóðfélagið hefði ekki efni á því næstu daga og vikur að bíða með að taka stórar ákvarðanir sem snúa að bankakerfinu. - bþs




***Plastumbúðir sem ekki eru skilagjaldsskyldar fara í***
***græna gáma***

Þar setjum við hreinar og tómar plastumbúðir, svo sem sjampóbrúsa, tómatsósuflöskur, plastbakka undan ýmsum matvörum, plastpoka ýmiss konar, plastílát undan mjólkurdrykkjum, jógúrtdósir, plastílát undan hreinsiefnum og fleira.

***Nú fer allur pappír og pappírsumbúðir nema bylgjupappi saman í***
***bláa gáma***

Þar setjum við flokkaðan pappír og umbúðir úr sléttum pappa, svo sem dagblöð, tímarit, auglýsingapóst, prentpappír, hreinar og tómar fernur og morgunkornspakka.

# Stökkbreyttir grenndargámar

Tækninni fleygir fram og nú getum við sett fleiri hluti í grenndargáma höfuðborgarsvæðisins en áður. Nýttu þér hagræðið, það kostar ekkert og gámarnir eru alltaf í leiðinni - nú er einfaldlega einfaldara fyrir heimilið að flokka og skila.

SORPA
Flokkum og skilum

H:N markaðssamskipti / SÍA

## Mótmælin halda áfram

Appelsínugulur.is:

# Aðgreina sig frá ofbeldissinnum

Appelsínugulur heitir nýstofnaður hópur mótmælenda sem vill aðgreina sig frá ofbeldisfullum mótmælendum. Hópurinn hyggst því klæðast appelsínugulum fatnaði við mótmæli.

„Hópurinn hefur engin önnur markmið en að reyna að sortera frá þá sem eru tilbúnir að kvitta upp á það að við séum friðsöm en viljum breytingar, takk,“ segir Þórarinn Á. Stefánsson, sem skráður er fyrir heimasíðu hópsins, en Appelsínugulur á sér hvorki tals- né formann.

„Punkturinn er að þegar þúsund manns koma saman og tuttugu kasta eggjum, sé ekki hægt að benda á alla og segja „skríll“,“ segir Þórarinn. **- kóþ**

Áskorun andspyrnu.org:

# Engin mótmæli djammkvöldin

**„Engin mótmæli föstudagskvöld eða laugardagskvöld. Látum ekki djammmenninguna blandast mótmælunum og byltinguna blandast fyllirfi,“ segir á síðu Andspyrnu. org, sem er heimasíða helguð anarkisma.**

**Ritstjóri síðunnar, Sigurður Harðarson, betur þekktur sem Siggi pönk, telur að ópólitískt fólk eigi ekkert erindi á mótmælin.**

**„Það er akkúrat engin pólitík í fyllirfi og þar af leiðandi verður að aðgreina þetta tvennt,“ segir hann. Þetta fari ekki saman við markmið mótmælanna – að beita ríkisvaldið þrýstingi. - kóþ**



**VIÐ ÞINGHÚSIÐ** Mótmælendur börðu hvað eina sem finna mátti í eldhúsinu.

Raddir fólksins harma átökin:

# Lögreglan er ekki óvinurinn

Lögreglan er ekki óvinur okkar og landsmenn verða að standa saman allir sem einn á þessum erfiðu tímum, segir í tilkynningu frá Röddum fólksins, hreyfingunni sem staðið hefur fyrir reglulegum mótmælum á laugardögum í vetur.

„Raddir fólksins biðja mótmælendur að gæta stillingar og hófsemi og halda í þá sjálfsvirðingu sem var svo snertandi í gær [miðvikudag] þegar mótmælendur fluttu sig til vegna jarðarfarar og þögðu uns athöfninni lauk,“ segir meðal annars í tilkynningunni, sem ber yfirskriftina Sigur lýðræðis er í augsýn. **- kóþ**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SKJALDBORG UM LÖGREGLUNA** Nokkrir mótmælendur mynduðu vegg fyrir framan lögreglumennina sem vörðu stjórnarráðið til að varna því að kastað yrði að þeim meira grjóti.



**TÁRAGAS** Menn voru misvel búnir til að bregðast við táragasinu sem lögregla varð að grípa til.



**HALDIÐ UM VITIN** Táragasi hefur ekki verið beitt hér á landi síðan árið 1959 þegar síldarball fór út um þúfur.



**GRJÓTKAST** Þessir köstuðu grjóti að lögreglumönnum en aðrir mótmælendur létu það ekki lengi viðgangast.

# Skjaldborg um lögregluna

**Langstærstur hluti mótmælenda er friðsamur og margir byrjaðir að stöðva grjótkastið, segir yfirlögregluþjónn. Mótmælendur gengu inn í grjótregnið og slógu skjaldborg um fáliðaða lögreglu við Stjórnarráðið.**

Fámennur hópur ungra karla fer fram með ofbeldi gegn lögreglu og skemmir fyrir friðsömum meirihluta mótmælenda. Þetta segja sjónarvottar að aðdraganda þess að lögregla beitti táragasi aðfaranótt fimmtudags. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn tekur undir.

„Mjög ungt fólk, allt niður í börn, kemur hér nestað til að kasta í lögreglumenn, en það er líka eldra fólk innan um,“ segir hann.

Langstærsti hluti fólks vilji mótmæla í friði á „eðlilegan og heilbrigðan hátt“, segir Geir Jón. Margir mótmælenda hafi lýst yfir vanþóknun sinni á ofbeldisfullri framkomu: „Og þeir hafa tekið upp á því að ganga að þeim sem eru að henda í lögregluna og biðja þá um að gera það ekki, því það er ekki í þökk mótmælenda.“

Áður en lögreglan beitti táragasi á mótmælendur hafði hópur ungra manna og drengja kastað í hana, allt frá mótmælunum við Þjóðleikhúsið fyrr um kvöldið. Eitthvað hafði fjölgað í hópi grjótkastara eftir því sem á leið en dropinn sem fyllti mælinn hjá lögreglu var þegar kveikt var í aðaldyrum Alþingis og tveir lögreglumenn lágu særðir, eftir því sem Stefán Eiríksson lögreglustjóri hefur sagt. Hann hefur einnig sagt að fremstir í flokki hinna árásargjörnu hafi verið góðkunningjar lögreglu, sem hafi gerst sekir um ofbeldisbrot áður.

Friðsamlegri mótmælendur urðu margir reiðir eftir táragasið og gerðu aðsúg að lögreglu við skálabyggingu Alþingis. Geir Jón neitar ekki að fjölgað hafi í hópi árásargjarnra við þetta.

„En þetta er bara það eina sem við höfum til þess að reyna að koma fólki frá okkur,“ segir hann.

Geir Jón neitar því ekki beint, hvort lögreglan sé of fáliðuð: „Við reynum að vera eins margir og hægt er. Auðvitað getur stundum verið á einhverju augnabliki að við séum færri en við þyrftum að vera.“

Dæmi um fyrrgreindan velvilja mótmælenda í garð lögreglumanna sást þessa nótt við Stjórnarráðið, eftir táragasárásina. Þá voru fimm lögregluþjónar sendir til varnar Stjórnarráðinu þar sem voru nokkur hundruð mótmælenda.

Meðan grjóti rigndi yfir lögreglumennina tók hópur mótmælenda sig til og gekk að þeim með hendur á lofti. Þeir sneru sér síðan við og stóðu þar sem varnarveggur. Grjótkastinu linnti við þetta og bættust þá fleiri í hóp verjenda lögreglunnar.

Í gærdag sáust svo mótmælendur bera blóm og kaffi í lögregluþjóna við Alþingishúsið.

**klemens@frettabladid.is**

### HJÁLMUR BJARGAÐI LÍFI

Lögreglumaður rotaðist og fékk heilahristing eftir að þungum steini var kastað í höfuð hans aðfaranótt fimmtudags.

Jónas Sen, sérfræðingur á slysadeild segir að hjálmur hafi sennilega bjargað lífi mannsins.

Alls hafi fjórir lögreglumenn komið á slysadeild, eftir að þeir urðu fyrir grjótkasti en með minni háttar meiðsli. Tveir lítt særðir mótmælendur hafi einnig notið aðhlynningar.

Slökkviliðið sendi þrjá sjúkrabíla að Lækjargötu og skolaði piparúða úr augum og hlynnti að lemstruðum.

Einn drengur var fluttur á barnadeild Landspítalans.

LYFJA
– Lífið heil

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 44706 01/09




20% verðlækkun+
ORIGINAL ARCTIC ROOT
Gegn streitu og álagi, extra sterkt og fljótvirkandi.
~~2.450 kr.~~ 1.960 kr.




20% verðlækkun+
UDO'S Omega fitusýrur eru meðal vinsælustu bætiefnanna hjá íþróttafólki. Hreysti úthald og vellíðan.
500 ml. ~~2.619 kr.~~ 2.095 kr.
250 ml. ~~2.240 kr.~~ 1.792 kr.




20% verðlækkun+
ANGELICA veitir styrk og hugarró.
60 töflur ~~2.692 kr.~~ 2.154 kr.
100 ml. ~~1.679 kr.~~ 1.343 kr.

www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju
+ Gildir til 31. 1. 2009

# Þorraveisla!

netto

SÚRSAÐIR HRÚTSPUNGAR
30% afsláttur
**1.994 kr/kg**
~~2.849~~ kr/kg

GRÍSASULTA, NÝ
30% afsláttur
**944 kr/kg**
~~1.348~~ kr/kg

SÚRAR BRINGUR
30% afsláttur
**897 kr/kg**
~~1.281~~ kr/kg

BLÓÐMÖR, SOÐIN
40% afsláttur
**413 kr/kg**
~~689~~ kr/kg




LIFRARPYLSA, SOÐIN
40% afsláttur
**509 kr/kg**
~~849~~ kr/kg

GRÍSASULTA, SÚR
30% afsláttur
**979 kr/kg**
~~1.398~~ kr/kg

SOÐIÐ HANGIKJÖT
30% afsláttur
**2.099 kr/kg**
~~2.998~~ kr/kg



TEX MEX KJÚKLINGAVÆNGIR
50% afsláttur
**225 kr/kg**
~~449~~ kr/kg




GOÐI

SÚRMATUR Í FÖTU 2,5l
30% afsláttur
**1.654 kr/stk.**
~~2.363~~ kr/stk.




COOP MAKRÍLL
50% afsláttur
**89 kr/stk.**
~~179~~ kr/stk.




COOP MAÍS 340g
50% afsláttur
**65 kr/stk.**
~~129~~ kr/stk.

TILBOÐIN GILDA 22. - 25. JANÚAR

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík
www.netto.is

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**Mótmælin halda áfram**

Blaðamannafélag Íslands:

## Harmar nýja stefnu lögreglu

Blaðamannafélag Íslands lýsir undrun á því hversu margir fréttaljósmyndarar og tökumenn urðu fyrir piparúða við aðgerðir lögreglunnar í Alþingisgarðinum 20. janúar síðastliðinn.

Í ályktun félagsins segir að margar myndir af vettvangi sem og fjöldi þeirra sem urðu fyrir úðanum bendi til þess að lögreglan hafi vísvitandi gripið til aðgerða gagnvart þessum hópi sem var einungis að sinna störfum sínum. Blaðamannafélagið harmar ef þetta er til vitnis um nýja stefnu lögreglunnar gagnvart fjölmiðlum og fer fram á að málið verði rannsakað. - ovd

Hópur stofnaður á Fésbók:

## Halda mótmæli gegn ofbeldi

**Nokkrir Fésbókarhópar hafa sameinast um að efna til mótmæla gegn ofbeldi og eignaspjöllum á Lækjartorgi, sunnudaginn næsta klukkan 15.**

**Júlía Helgadóttir kemur að mótmælunum og segir hún þau vera vettvang til að hvetja borgarana til að sýna stillingu og mótmæla með friðsamlegum hætti. Beita eigi rödd og penna í stað hnefa og grjóts.**

**Búast megi við fjölda fólks, því í stærsta hópnum séu tæplega 9.000 félagar á netinu, segir Júlía.**

**Mótmælin séu ekki hugsuð sem vettvangur fyrir fólk sem vilji berjast gegn mótmælendum, það er hvítliða.** - kóþ

# Alþýðusambandið hefur gefist upp á ríkisstjórninni

**Verkalýðshreyfingin hefur gefist upp á því að ræða við stjórnvöld um þróun kjara samhliða endurskoðun samninga. Formenn aðildarfélaga ASÍ ákveða í dag hvort viðræðum verði frestað í von um nýja ríkisstjórn.**

Formenn aðildarfélaga ASÍ taka í dag afstöðu til tillögu atvinnurekenda um að fresta framlengingu kjarasamninga fram í júní. Upphaflega var stefnt að nokkurs konar þjóðarsátt með aðkomu ASÍ, SA, hins opinbera og ríkisstjórnarinnar en nú er lagt til að endurskoðun verði frestað og hefur miðstjórn ASÍ hvatt ríkisstjórnina til að boða til kosninga í vor. „Söguleg tíðindi,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, SGS.

Samkvæmt kjarasamningum sem átti að endurskoða um miðjan febrúar er launahækkun 1. mars og svo aftur 1. janúar 2010. Atvinnurekendur vilja fresta þessum dagsetningum þannig að launahækkanir komi seinna og kostnaðarlækkun framkallist hjá atvinnulífinu. Kristján segir varnarviðbrögð að fresta samningum frekar en að slá þá af.

„Atvinnurekendur hafa óskað eftir viðræðum um meiri sveigjanleika með tímasetningar til að efna ákvæði kjarasamninga en þó þannig að á samningstímanum reyni þeir að standa við innihaldið. Þetta gera þeir vegna þess að fyrirtækin eru illa stödd. Við höfum sagt að þetta komi til álita,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Gylfi bendir á að atvinnurekendur geti líka sagt samningunum upp. „Við erum að reyna að búa okkur til tíma til að vinna úr þessum erfiðu aðstæðum,“ segir hann.

Forystumenn á vinnumarkaði tilkynntu ríkisstjórninni í nóvember að hún þyrfti að treysta ímynd sína og endurnýja umboð sitt með uppstokkun. Hún væri rúin trausti. Gylfi segir að ríkisstjórnin hafi ekki viljað neina uppstokkun og því sé komið að endalokum þess sem hún geti staðið að. Verkalýðshreyfingin treysti sér ekki til að ræða við ríkisstjórnina við núverandi aðstæður.

„Við erum að ræða við ASÍ um mögulega frestun samninganna en Samtök atvinnulífsins hafa hingað til ekki tekið afstöðu með eða á móti ríkisstjórninni. Við höfum alltaf unnið með ríkisstjórninni,“ segir Þór Sigfússon, formaður SA.

„Að mínu viti hefur margt gengið vel og margt gengið illa líka. Ég hefði viljað sjá menn bretta meira upp ermar núna, það eru vonbrigði mín, en það þýðir ekki að ég hefði viljað sjá skipt um ríkisstjórn,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is



**SÖGULEGT** „Söguleg tíðindi,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður SGS, um samþykkt miðstjórnar um að boða til kosninga.



**BÚA TIL TÍMA** „Við erum að reyna að búa okkur til tíma,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.



**BRETTA UPP ERMAR** „Ég hefði viljað sjá menn bretta meira upp ermar,“ segir Þór Sigfússon, formaður SA.

### ÁTÖK RÍKISSTJÓRNAR OG ASÍ

Ýmsar aðstæður hafa komið upp í samskiptum verkalýðshreyfingar og stjórnvalda en ekkert sambærilegt við það sem er að gerast nú þegar verkalýðshreyfingin vill fresta kjarasamningum fram yfir kosningar.

**1956** Vinstristjórnin hrökklaðist frá völdum vegna þess að þing ASÍ hafnaði þeirri efnahagsstefnu sem stjórnin lagði fyrir ASÍ-þingið. Nokkrum árum síðar hrökklaðist stjórnin frá.

**1977-1978** Verkalýðshreyfingin gerði harða atlögu að ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar eftir sólstöðusamningana 1977 og inngrip ríkisstjórnarinnar í þá en ríkisstjórnin þraukaði þó til loka kjörtímabilsins 1978.

**1990** Þjóðarsáttarsamningarnir. Stjórnvöldum var boðið upp á það að aðilar vinnumarkaðarins í samvinnu við stjórnvöld, sveitarfélög, banka og bændasamtök mótuðu efnahags-, atvinnu- og kjarastefnu til nokkurra ára.



Bláa lónið er opið alla daga frá kl. 10.00–20.00 • Sími 420 8800 • www.bluelagoon.is

Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá Fóðurblöndunni hf. í gærmorgun:

# Grunur leikur á verðsamráði

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið gerði húsleit á skrifstofu Fóðurblöndunnar hf. í Reykjavík í gærmorgun. Samkvæmt dómsúrskurði sem heimilaði húsleitina telur Samkeppniseftirlitið grun leika á að Fóðurblandan og Mjólkurfélag Reykjavíkur hafi viðhaft viðvarandi verðsamráð í andstöðu við samkeppnislög á fóðurmarkaði undanfarin þrjú ár. Einnig að Fóðurblandan ásamt öðrum keppinautum í áburðarsölu, Sláturfélagi Suðurlands svf. og Skeljungi hf., hafi haft með sér verðsamráð á áburðarmarkaði síðastliðið ár.

Í fréttatilkynningu frá Eyjólfi Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Fóðurblöndunnar, segir að fyrirtækið vísi ávirðingum Samkeppnisstofnunar á bug, en fagni því að Samkeppniseftirlitið leiti af sér allan grun um viðskiptahætti þeirra félaga sem um ræði. Fóðurblandan vænti þess að rannsókn málsins verði hraðað svo félagið þurfi ekki að sitja undir meintum ávirðingum Samkeppniseftirlitsins um lengri tíma.

Enn fremur segir í tilkynningunni að samkeppni á fóður- og áburðarmarkaði hafi verið mikil undanfarin ár. Markaðurinn sé hins vegar fákeppnimarkaður sem skili sér í einsleitu verði þegar upp sé staðið, enda séu fyrirtæki á þessum mörkuðum að dæma sig út af markaðnum ef verð eru ekki samkeppnisfær. **- kg**



**FÓÐURBLANDAN** Framkvæmdastjóri Fóðurblöndunnar hf. vísar ávirðingum Samkeppnisstofnunar á bug.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Innrásarlið Ísraela allt farið frá Gaza en herinn áfram í viðbragðsstöðu:

# Ísraelar bæti SÞ tjón á Gaza

**ÍSRAEL, AP** Yfirmaður mannúðarmála hjá Sameinuðu þjóðunum, John Holmes, skoðaði í gær tjónið af völdum hinnar 22 daga löngu innrásar Ísraelshers á Gaza-svæðinu, til að sjá hvað gera þurfi til að samtökin geti aftur tekið til við að koma hjálpargögnum til Gaza-búa í neyð.

Síðustu liðsmenn innrásarherliðs Ísraela yfirgáfu Gaza-svæðið fyrir dögun á miðvikudag, að sögn Ísraelshers. Talsmenn hans segja mikinn liðsafnað verða í viðbragðsstöðu við landamærin ef skæruliðar á Gaza skyldu rjúfa hið viðkvæma vopnahlé sem hófst í byrjun vikunnar.

Í innrásinni lentu sprengjur Ísraela ítrekað á birgðastöðvum og öðrum byggingum SÞ á Gaza. Holmes sagði manntjónið í innrásinni vera hrikalegt – um 1.300 Palestínumenn dóu, um helmingur óbreyttir borgarar og þar á meðal mörg börn – og sagði að SÞ kynnu að fara fram á að Ísraelar bættu fyrir tjónið á eigum samtakanna á Gaza.

Ísraelski utanríkisráðherrann Tzipi Livni hélt Brussel til að leita alþjóðlegs stuðnings við aðgerðir til að hindra vopnasmygl til Hamas-samtakanna sem fara með stjórn á Gaza. Beiðni hennar um að ESB-ríkin legðu til herstyrk í þessum tilgangi var hins vegar hafnað.

Talsmenn hersins sögðu enn fremur að hann myndi rannsaka ásakanir um ólögmæta notkun fosfórsprengna í innrásinni. Amnesty International segja beitingu sprengnanna stríðsglæpi. **- aa**



**SMYGL** Palestínskur drengur sést hér í opi ganga sem notuð hafa verið til smygls á vopnum og öðrum varningi frá Egyptalandi inn á Gaza.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Vertu góð við bóndann um helgina

Um helgina er Bóndadagshelgi á veitingahúsinu Einar Ben.
Eintóm gleði og hamingja, komdu karlinum á óvart
og bjóddu honum í 3ja rétta rómantískan kvöldverð.

Bóndasúpa með fíntskornum gulrótum,
rófum og kartöflum eða
Saltfisk Carpaccio með salati
og Sharlott vinaigrette

Pönnusteiktur skötuselur með lauk
og fennelragu á ætiþistilsósu eða
Nautalund með parmesan kartöflum,
gulrótum og koníakssósu

Heit Súkkulaðikaka með Vanilluís
og ferskum berjum

5.500 kr.

BERINGER
ROSEMOUNT ESTATE
MASI
Einar Ben RESTAURANT

Veltusundi 1/Sími: 511 5090

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið





**TVEIR Á GRÆNNI GREIN** Pandabirnirnir Ying Ying og Le Le sitja í mestu makindum og éta gulrætur. Eins og flestir vita eru pandabirnir í útrýmingarhættu en Kínverjar gátu séð af þeim tveimur og gáfu þá í skemmtigarðinn Ocean Park í Hong Kong. Þeir eru hinir viðkunnanlegustu svo ljóst má vera að sú gjöf var enginn bjarnargreiði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heildarskuldir sjávarútvegs um 427 milljarðar króna:

# Skulda þrefaldar árstekjur

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarskuldir sjávarútvegs í ríkisbönkunum eru um 427 milljarðar króna. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar. Mestar eru skuldirnar í Nýja Landsbankanum, eða 1.300 milljónir evra. Það eru tæpir 168 milljarðar króna. Skuldir greinarinnar í Nýja Glitni eru 125 milljarðar króna og í Nýja Kaupþingi 85,5 milljarðar.

„Það er ekki ástæða til að hafa áhyggjur ef þetta eru heildarskuldir greinarinnar, þetta eru um það bil þrefaldar árstekjur. Það er nokkuð víst að greinin ræður við það, ef þessu er dreift á nokkur ár, sem það öruggllega er,“ segir Kristinn.

> Það vantar skuldir í öðrum fjármálastofnunum inn í þessa tölu. Þá gætu ýmis kvótakaup verið færð undir fjármálafyrirtæki
>
> **KEISTINN H. GUNNARSSON**
> ALÞINGISMAÐUR

Hann segist hins vegar hafa ástæðu til að ætla að ekki séu allar skuldir inni í þessari tölu. „Það vantar skuldir í öðrum fjármálastofnunum inn í þessa tölu. Þá gætu ýmis kvótakaup verið færð undir fjármálafyrirtæki. Oft eru það einkahlutafélög sem hafa umsýslu með því.“ Kristinn segir veðmál hins vegar áhyggjuefni. „Þegar verð hefur lækkað um 50 prósent þá er nokkuð víst að við erum að ræða um áhættulán.“



KRISTINN H. GUNNARSSON

Svör við því hve mikið af lánunum væri vegna kvótakaupa og hvaða tryggingar hefðu verið gefnar fengust ekki. Kristinn segir það einnig áhyggjuefni. - kóp

Sex ára fangelsi:

# Braut gegn stjúpdóttur

**DÓMSTÓLAR Hæstiréttur hefur dæmt karlmann í sex ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni. Staðfesti rétturinn þar með dóm héraðsdóms. Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða stúlkunni tvær og hálfa milljón króna í bætur.**

**Í dómnum segir að brot mannsins gegn stúlkunni hafi verið mjög alvarleg og beinst að ungri stúlku á heimili hennar sem var griðastaður hennar. Jafnframt að þau hafi verið framin á fjögurra mánaða tímabili. Brotin voru einnig að mati dómara til þess fallin að valda stúlkunni verulegum skaða.** - jss

Kristinn H. Gunnarsson:

# Bauðst að tala en gerði ekki

**ALÞINGI Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, var ekki meðal ræðumanna flokksins í umræðunum um efnahagsmál í gær. Í umræðunum, sem skiptust í fjórar umferðir, talaði Guðjón A. Kristjánsson formaður í tvígang.**

**Kristinn segir að sér hafi boðist að tala en hann afráðið að gera það ekki. Hann vill ekki segja af hvaða ástæðu.**

**Spurður hvort hann sé á leið úr þingflokki Frjálslyndra kveðst Kristinn ekkert vilja um það segja. „En ég tel að það þurfi að verða miklar breytingar á áherslum og forystu flokksins.“** - bþs

VIKA 46

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA



Algirdas Slapikas:

### Fór á mótmælin

„Frænka mín kom í heimsókn frá Litháen og vildi hún ólm kynnast sem mestu í íslensku þjóðlífi,“ segir Algirdas. „Ég fór meðal annars með hana á mótmælin á Austurvelli og það var nokkuð magnað að sjá. En frænka mín hafði lesið mikið um ófarirnar hér en hún hafði orð á því að það væru svo sem ekki mikil fátæktarmerki að sjá á landi og þjóð. Ég sem bý hér gat þó sagt henni að fólk hefði fengið sinn skammt af óförunum, misst vinnuna og tapað eigum sínum sem og fjármunum. Henni fannst Íslendingar bera sig vel miðað við allt saman.“ Algirdas segist ekkert vera á förum þrátt fyrir ástandið. „Við erum búin að vera hér í tíu ár, börnin eru hér í skóla og ég legg bara mitt af mörkum svo landið komist upp úr þessu. En svo veit enginn hvað framtíðin ber í skauti sér.“



Junphen Sriyoha:

### Hremmingar urðu að kátínu

Eins og Junphen greindi frá lenti hún í hremmingum fyrir jól þar sem hún var stöðvuð í Englandi og henni meinað að halda áfram til Póllands þar sem hún ætlaði að halda jól með unnusta sínum. Þau fóru því til baka en þessi óskemmtilega reynsla varð ekki til þess að eyðileggja hátíðarhöldin. „Við höfðum það verulega gott um jólin, þrátt fyrir allt. Íslenskir, taílenskir og pólskir vinir okkar komu saman og við áttum góða stund. En núna er lítið að frétta, vinnan er aftur tekin við.“

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier:

### Undirbýr græna daga

„Gaia, nemendafélag meistaranema í umhverfis- og auðlindafræðum, stendur fyrir Grænum dögum sem standa munu í fimm daga í byrjun mars. Þetta er víst í annað sinn sem félagið stendur fyrir Grænum dögum. Ég er að hjálpa til við undirbúninginn. Við vinnum þetta í samstarfi við Norræna húsið. Við ætlum meðal annars að fjalla um lífrænt ræktaðar vörur, fáum fyrirlesara og bjóðum upp á lífrænt ræktaðar matvörur. Við erum meðal annars að reyna að fá nemendur í Listaháskólanum til liðs við okkur, til dæmis í veggspjaldagerðina. Svo ætlum við að vera með fataskipti þar sem fólk kemur með gömul föt og skiptir þeim fyrir önnur föt því við erum að reyna að sannfæra fólk um að í kreppunni eigi það ekki að kaupa eitthvað sem það getur fengið með fataskiptum. Einnig erum við að reyna að fá fólk í fatahönnunardeild Listaháskólans til að sýna fólki hvernig það getur breytt gömlum fötum. Annars er nóg að gera í skólanum.“






endalaust sófaúrval í ýmsum verðflokkum
síðustu dagar
Einstakt tækifæri
til að eignast vandað innbú
15-50%
af gamla verðinu
...á öllum vörum í búðinni
Reykjavík / Oslo
exó
Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNDADAGUR Í BÓNUS



20% AFSLÁTTUR

K.S LAMBAFILLET FROSIÐ **2398 kr.kg.** MERKT VERÐ 2998 KR.KG.




1998

BÓNUS SOÐIÐ HANGIKJÖT Í SNEIÐUM
**1998 kr.kg.**




98

BÓNUS BRAUÐ 7 SNEIÐAR Í PK. **98 kr.**




498

N.F HÁKARL Í BITUM FRÁ BJARNARHÖFN
100 gr **498 kr.**




179

K.F RÓFUSTAPPA 350 gr **179 kr.**




30% AFSLÁTTUR

K.F BLANDAÐUR SÚRMATUR 1,3 KG
**1609 kr.** MERKT VERÐ 2298 KR.




30% AFSLÁTTUR

K.F SÚRSUÐ EISTU (SÚRSAÐIR PUNGAR)
**2099 kr.kg.** MERKT VERÐ 2998 KR.KG.




30% AFSLÁTTUR

GOÐA SOÐIN LAMBASVIÐ
**482 kr.kg.** MERKT VERÐ 689 KR.KG.



898

BÓNDADAGS BLÓMVÖNDUR **898 kr.**




795

FRYSTIR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR
**795 kr.kg.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN
KJARNAFÆÐI
TILBOÐ KJARNAFÆÐI
KJÖTFARS
0,628 kg
399
K.F NÝTT KJÖTFARS
399 kr.kg.
Nýtt..
KJÚKLINGUR
40%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKAR KJÚLINGABRINGUR
1798 kr.kg. MERKT VERÐ 2998 KR.KG.
40%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
598 kr.kg. MERKT VERÐ 998 KR.KG.
Ferskur Holtakjúklingur
40%
AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚLINGABRINGUR
1798 kr.kg. MERKT VERÐ 2998 KR.KG.
499
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
499 kr.kg. AF NÝSLÁTRUÐU
KS
569
K.S FROSINN LAMBABÓGUR
569 kr.kg. 20% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 759 KR.KG.
Egils
Gull
59
EGILS GULL
500 ml 59 kr.
ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON
Egils
PILSNER
Bruggaður síðan 1917
59
EGILS PILSNER
500 ml 59 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 62 **Velta:** 62 milljóni

**OMX ÍSLAND 15**
319 **-0,03%**

**OMX ÍSLAND 6**
863 **-0,09%**

MESTA HÆKKUN
**BAKKAVÖR** 9,04%
**ÖSSUR** 0,52%

MESTA LÆKKUN
**ALFESCA** 2,26%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,90 -2,26% ... Atlantic Airways 168,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +0,00% ... Bakkavör 2,05 +9,04% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,30 +0,00% ... Føroya Banki 112,00 +0,00% ... Icelandair Group 13,26 +0,00% ... Marel Food Systems 66,20 +0,00% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,22 +0,00% ... Össur 97,00 +0,52%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Bretar óttaslegnir

„Ef marka má það sem margir Bretar rita í athugasemdum við greinina mína í Guardian í gær [fyrradag] óttast þeir að samskonar hrun og hér hefur orðið geti brátt orðið þar í landi," segir Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnmálafræðingur í bloggfærslu á Eyjunni í gær. Hann hefur fengið þó nokkur viðbrögð við grein sem hann ritaði í breska dagblaðið Guardian um ástandið hér á landi með fyrirsögninni „The heat is on". Í gærkvöldi voru komnar 70 færslur lesenda við greinina á vef Guardian. Einn segir allt stefna í sömu átt og á Íslandi í Bretlandi. „Löndin eru í skuggalega svipaðri stöðu: sprungin fasteigna- og lánabóla, hagkerfi þar sem mjög hefur verið dregið úr regluverki, stjórnvöld sem haga sér eins og höfuðlaus hænsn [...] Allt hljómar þetta kunnuglega, Bretland ætti að búa sig undir það versta."



### Útlendingar vilja Moggann

Erlendir fjárfestar eru sagðir áhugasamir um að kaupa Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins. Þykir það nokkuð djarfur leikur af útlendingum að kaupa dagblað í taprekstri í landi þar sem þeir kannski þekkja lítið til og hefðu kannski átt að kalla til ráðgjafar einhvern sem reynslu hefur af slíkum ævintýrum. Hér eru einhverjir sem enn svíður Nyhedsavisen. Svo getur náttúrulega verið að fjárfestarnir séu hér öllum hnútum kunnugir. Aldrei upplýstist hver var á bak við kaup á fimm prósenta hlut í í Straumi í ágúst í hittiðfyrra, en þau urðu tilefni rannsóknar hjá FME til að útiloka að yfirtökuskylda hefði myndast, eða reglur brotnar um flöggunarskyldu.



## Stoðir fá frest fram í apríl

Héraðsdómur Reykjavíkur framlengdi í gær greiðslustöðvun Stoða (áður FL Group) til 6. apríl næstkomandi.

Stjórn Stoða óskaði eftir greiðslustöðvun eftir yfirtöku ríkisins á Glitni í septemberlok í fyrra. Um leið var starfsfólki félagsins sagt upp. Sú greiðslustöðvun rann út í byrjun vikunnar.

Stoðir voru kjölfestufjárfestir Glitnis banka með rúmlega 30 prósenta hlut. Hlutirinn varð einskis virði við ríkisvæðinguna. Stærstu eignir Stoða í dag eru Tryggingamiðstöðin, drykkjarvöruframleiðendurnir Royal Unibrew og Refresco. Þá eru ótaldar fjöldi smærri eigna. **- jab**

## Apple blæs á svartsýnisspár

Jákvæðar afkomutölur bandarískra tæknifyrirtækja á borð við Apple og IBM hífðu hlutabréfamarkað vestanhafs upp í fyrradag eftir skell daginn áður þegar S&P 500-hlutabréfavísitalan féll um rúm fimm prósent.

Menn eru almennt sammála um að skipan Timothys Geithners í stöðu fjármálaráðherra í nýrri ríkisstjórn Baracks Obama og boðaðar björgunaraðgerðir hafi ýtt undir bjartsýni í röðum fjárfesta til skemmri tíma litið.

Hagnaður Apple nam 1,6 milljörðum dala, jafnvirði 200 milljarða króna, á síðasta ársfjórðungi, sem er sá fyrsti í bókum Apple. Þetta er 30 milljónum dölum meira en árið á undan og þvert á spá Bloomberg-fréttaveitunnar um samdrátt upp á 21 prósent. Þá rufu tekjurnar tíu milljarða múrinn og hafa aldrei verið meiri í sögu fyrirtækisins.

Þá nam hagnaður IBM 4,4 milljörðum dala á fjórðungnum, sem er 57 prósenta aukning milli ára.

Gengi hlutabréfa í báðum fyrirtækjum rauk upp um meira en níu prósent og tóku þau önnur tæknifyrirtæki með sér í uppsveiflunni. Við það fór S&P-vísitalan upp um rúm fjögur prósent. **- jab**




**WILLAM FALL** Forstjóri Straums segir að bankinn hafi farið að lögum um gjaldeyrisviðskipti og hafi engu að leyna. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Straumur biður um rannsókn

**Straumur óskar eftir því að Seðlabanki og Fjármálaeftirlitið skoði gjaldeyrisviðskipti bankans. Starfsmenn hafa orðið fyrir áreiti vegna ásakana um brot á gjaldeyrisreglum.**

Straumur hefur farið þess á leit við Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann að gjaldeyrisviðskipti bankans verði tekin til skoðunar og hefur látið allar upplýsingar um viðskiptin í hendur eftirlitsaðila.

Bankinn er sakaður um að hafa keypt gjaldeyri á yfirverði af útflutningsfyrirtækjum bæði beint og óbeint í gegnum útibú hans erlendis og ekki skilað inn í landið eins og gjaldeyrisreglur Seðlabankans um skilaskyldu gjaldeyris, sem Alþingi samþykkti í lok nóvember í fyrra, kveða á um. Viðskiptin hafi komið í veg fyrir eðlilega styrkingu krónunnar.

„Starfsfólk Straums hefur orðið fyrir áreiti af völdum þessara ásakana," segir Georg Andersen, framkvæmdastjóri upplýsingasviðs Straums. Áreitið tengist að nokkru leyti grun um að bankinn haldi gengi krónu lágu en ekki síst því að Björgólfur Thor Björgólfsson er stjórnarformaður bankans og umsvifamestur hluthafa.

William Fall, forstjóri Straums, segir í tilkynningu ásakanir í garð bankans alrangar enda hafi hann ávallt unnið samkvæmt reglunum. „Við höfum engu að leyna," segir hann.

Straumur bendir á að bankinn hafi keypt gjaldeyri fyrir 4,5 milljarða króna frá því gjaldeyrisreglurnar voru samþykktar, þar af hafi um helmingur gjaldeyrisviðskipta átt sér stað utan landsteina, svo sem við sænska bankann SEB Enskilda og í gegnum skrifstofu Straums í Lundúnum í Bretlandi.

Viðskipti sem eiga sér stað erlendis við erlendan eiganda gjaldeyris og koma aldrei hingað til lands eru ekki skilaskyld.

Málið verður tekið til skoðunar, samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu.

Eftir því sem næst verður komist úr bankageiranum eru viðskipti Straums innan ramma laganna. Upphæðirnar sem um ræði séu lágar og hreyfi ekki gengi krónunnar nema að litlu leyti, hugsanleg áhrif séu innan við eitt prósent.

Mál manna er að framboð og eftirspurn ráði mun meiru um hreyfingar krónunnar. Innflutningsfyrirtæki þurfi gjaldeyri til greiðslu á vörum auk þess sem ýmsir innlendir aðilar hafi keypt gjaldeyri til greiðslu lána. Þá sé beinlínis fátt sem hvetji útflutningsfyrirtæki til að skila gjaldeyri heim. Nýti þau hann fremur til rekstrar erlendis.

**jonab@markadurinn.is**

## Uppgjör hafin í kauphöll

Nýherji birtir í dag uppgjör fyrir fjórða ársfjórðung síðasta árs og ríður með því að venju á vaðið, fyrst skráðra félaga. Með þessu er hafið tímabil ársuppgjöra, en næstu vikur tínast inn, eitt af öðru, ársuppgjör þeirra félaga sem enn eru skráð hér á markaði.

Næst birta uppgjör Eimskip á fimmtudaginn eftir viku og Exista degi síðar.

Í nýlegri umfjöllun IFS Greiningar um hlutabréfamarkaðinn og komandi uppgjör er útlit sagt fyrir erfiða byrjun á árinu. Þar spili inn í að horfur í efnahagslífinu séu dökkar og það dragi úr væntingum, vextir innanlands séu háir og áhættulausir, afkomuhorfur hafi versnað og óvissa sé um stöðu einstakra félaga auk þess sem óvissa sé um þróun á erlendum mörkuðum. **- óká**



**NASDAQ OMX KAUPHÖLLIN** Fyrsta ársuppgjör félags sem hér er skráð í kauphöll birtist í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# HEILSUFÆÐI

## Langhollasti þorramaturinn




Það fara fimm kíló af ferskum roðlausum og beinlausum ýsuflökum í að búa til eitt kíló af Gullfiski. Gullfiskur notar kælda framleiðsluaðferð, sem tryggir að ferskleiki og næringargildi vörunnar heldur sér þótt vatnið sé dregið úr henni.

BÓNUS Veljum íslenskt í Bónus VELJUM ÍSLENSKT

GULLFISKUR *Hollusta í hverjum bita*


Túlípanar fyrir bóndann
10 stk túlípanar
799kr
2 fyrir 1 á bíó
Þessi miði gildir 2 fyrir 1 á kvikmyndina Seven Pounds í Háskólabíó og Smárabíó dagana 23-30 janúar 2009.
Seven Pounds
nýja myndin með Will Smith
2 fyrir 1 í bíó
Fylgir öllum blómum á bóndadaginn
Bóndadagur
...frábært verð
Bóndadags-tilboð
Orkideur
999kr
10 stk túlípanar í glervasa
1199kr
Frábært tilboð!
Verkfærataska Firebird
22", 550X265X270mm
5024506
3.995
Verkfærataska Mustang
25", 600X285X330mm
5024501
3.855
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind
www.blomaval.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Það verður ekki aftur snúið.

## Pottar og sleifar en ekki grjót

JÓN KALDAL SKRIFAR

Flest bendir til að mikilvægur vendipunktur hafi orðið fyrir utan stjórnarráðið í fyrrinótt í því eldfima ástandi sem ríkir í samfélaginu. Örfáir lögregluþjónar höfðu tekið sér stöðu fyrir utan bygginguna þegar grjóti og götusteinum tók að rigna yfir þá. Lögregluþjónarnir voru mun fáliðaðri en mótmælendur og hefðu mátt sín lítils ef átök hefðu brotist út. Sú varð ekki raunin því hópur mótmælenda steig fram og sló skjaldborg um lögregluþjónana. Skilaboðin voru skýr. Grjótkast og ofbeldi verður ekki liðið.

Áður en mótmælendurnir komu lögreglunni til varnar gegn óeirðaseggjunum höfðu nokkrir lögregluþjónar slasast. Viðbrögðin við þeim fréttum hafa með réttu verið á eina leið: ofbeldi er óásættanlegt með öllu. Úr grasrót mótmælanna er línan vafningalaus: Lögreglan er ekki andstæðingur fólksins. Fáeinir ofbeldismenn mega ekki komast upp með að yfirskyggja skilaboð mótmælanna um að stjórnin fari frá og boðað verði til kosninga sem fyrst.

Viðbrögð forystumanna ríkisstjórnarinnar við þeirri kröfu benda til þess að þar fari fólk sem er ekki í góðum tengslum við raunveruleikann. Ósk forsætisráðherra um vinnufrið er óskiljanleg. Frið til hvers? er réttmæt spurning.

„Háskalegur skortur á forystu“ var fyrirsögn á pistli sem birtist á þessum stað 13. ágúst í fyrra og fjallaði um flótta forsætisráðherra frá því að grípa til aðgerða gegn því, sem þá leit út fyrir að verða djúp niðursveifla en varð að kerfishruni.

Á þeim mánuðum sem eru liðnir, hefur forsætisráðherra ekki lukkast að ná taki á hlutverki sínu, við mjög erfiðar aðstæður, svo allrar sanngirni sé gætt. Því miður er engin ástæða til að trúa á að það breytist. Þvert á móti má ætla að það hvernig haldið er um stjórnartauma landsins, sé ávísun á áframhaldandi óvissu og ólgu.

Ríkisstjórnin fékk tækifæri til að hreinsa út úr þeim stofnunum, sem brugðust, hún gat tekið til í eigin röðum og hún gat lagt fram aðgerðaáætlun með skýrum markmiðum. Hún kaus að gera ekkert af þessu. Það er fátt annað eftir fyrir ríkisstjórnina en að játa sig sigraða. Ekki fyrir mótmælum, heldur eigin getu- og andleysi. Það verður ekki snúið við úr því sem komið er. Kosningar á þessu ári eru óumflýjanlegar.

Næstu daga mun reyna mjög á hvort mótmælendur hafa þrek til að stöðva óeirðaseggina sem blanda sér í þeirra hóp. Viðbrögðin fyrir utan stjórnarráðið og kakó- og blómagjafir til lögregluþjóna á Austurvelli í gær benda til þess að þeir eiga að geta það. Ef ekki á lögreglan fáa aðra kosti en að beita allan hópinn hörðu.

Bilið milli mótmæla og óeirða getur verið hárfínt. Hingað til, með fáum undantekningum, hefur lögreglan sýnt aðdáunarverða stillingu. Lögregluþjónar hafa mátt sitja undir því að á þá er hrækt, skyri slett yfir þá og þeir ausnir svívirðingum. Þó að slíkar sendingar valdi ekki líkamlegum skaða eins og grjótkastið eiga þær ekki að líðast heldur.

Það fer heldur ekki á milli mála að hinn breiði fjöldi mótmælenda er fyllilega meðvitaður um að pottar og sleifar eru máttugri en grjótið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Hressandi starf**

Vegna breytinga á dreifingarfyrirkomulagi erum við að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð á morgnana frá kl.06 - c.a. 07.

Um er að ræða hverfi í **Kópavogi, Hafnarfirði** og **Garðabæ**.



Dreifing fer fram 6 daga vikunnar, mánudaga til laugardaga.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330 og 585 8330

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | posthusid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Greiningin

Gísli Marteinn Baldursson hefur lítið tekið þátt í mótmælum síðustu daga, enda er hann í námi í Edinborg. Gísli fylgist samt með gangi mála hér heima og birti hugleiðingar sínar um Samfylkinguna í tilefni af félagsfundi Reykjavíkurfélags flokksins á miðvikudag á heimasíðu sinni.

Gísli er ekki í nokkrum vafa um undirliggjandi ástæður þess að Reykjavíkurfélagið vill nú slíta ríkisstjórn og boða til kosninga. „Eru þetta stuðningsmenn Össurar sem vilja grafa undan Ingibjörgu Sólrúnu með þessum hætti?“ spyr Gísli.

Þegar stórt er spurt verður oft lítið um svör og víst er svo nú. Þeir sem héldu hins vegar að Samfylkingarfélagið væri að bregðast við reiði almennings hafa hins vegar greinilega farið villur vegar.



### Eðlið

Ágúst Borgþór bloggar um hvernig hans líf er ósnert af mótmælum. Á meðan stór hluti þjóðarinnar mótmælir sé hann á kafi við að skipuleggja verkefni sín, skrifa, kenna á námskeiðum og hitt og þetta. „Þetta er eðli sjálfstæðismannsins og svo sem ekkert til að stæra sig af þessa dagana.“

Að halda áfram eins og ekkert hafi í skorist og hunsa ástandið, er það eitthvað sem hljómar kunnuglega?



### Fyrirlitningin

Annar Gísli, Freyr Valdórsson í þetta skiptið, skrifar aftan á Viðskiptablaðið. Þar fer hann yfir það sem hann nefnir „fyrirlitningu VG á lögreglunni“. Grípum niður í pistilinn:

„Þá hefur Atli Gíslason farið fram á fund í allsherjarnefnd Alþingis þar sem hann vill láta fara yfir verklag lögreglunnar og það ekki í fyrsta skipti sem þingmenn VG efast um rétt lögreglunnar til að sinna starfi sínu.“

Stefán Eiríksson hefur upplýst að lögreglan fari yfir verklagsreglur sínar eftir hvern viðburð. Ætli Gísli Freyr líti á það sem efasemdir um rétt lögreglunnar til að sinna sínu starfi?

kolbeinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Tvær borgir



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Lýðræði

Fróðlegt var að bera saman svipmyndir frá Washington og Reykjavík þriðjudaginn 20. janúar 2009. Enn sýndu Bandaríkjamenn hversu sterkum rótum lýðræði hefur þar skotið. George W. Bush rétti Barack H. Obama valdataumana, og forsetarnir tveir sýndu hvor öðrum virðingu. Allt fór vel fram. Obama býður af sér góðan þokka, og mikið hlýtur að vera spunnið í mann, sem nánast einn síns liðs sigraði tvær öflugustu kosningavélar heims, fyrst Clinton-hjónanna, síðan Lýðveldisflokksins, Repúblikana. Athygli vekur, hversu rólegur Obama virðist vera og varfærinn. Ánægjulegt er og, að þessi voldúga þjóð skuli í fyrsta skipti hafa valið sér þeldökkan forseta.

Bush hverfur ekki úr forsetaembættinu með glæsibrag. En líklega fær hann betri eftirmæli síðar. Sjálfsagt var að stöðva starfsemi hryðjuverkamanna frá Afganistan. Enginn vafi er heldur á því, að Bush var í góðri trú (ef það er heppilegasta orðið), þegar hann mælti fyrir um innrás í Írak: Hann taldi eins og forsvarsmenn Sameinuðu þjóðanna, að Saddam Hussein réði yfir gereyðingarvopnum, enda hafði Hussein áður orðið ber að því að beita slíkum vopnum í árásum á grannríki. Þetta reyndist ekki rétt, en bót er í máli, að við innrásina fækkaði um einn grimman einræðisherra í heiminum. Festa Bush í baráttunni við hryðjuverkamenn hefur líka skilað árangri. Þeir eru nú einangraðir.

Bandaríkin eru ekki gallalaus, en margt hefur tekist þar vel. Þetta er samband fimmtíu ríkja. Verðmætasköpun er miklu meiri en í Evrópusambandinu, sem er samband 27 ríkja. Í tveimur Bandaríkjanna, Delaware og Connecticut, er landsframleiðsla á mann svipuð og í langríkasta Evrópusambandsríkinu, Lúxemborg. Gengi Svíþjóð úr Evrópusambandinu og í Bandaríkin, þá yrði ríkið eitt hið fátækasta þar vestra, ásamt Arkansas og Mississippi. Mörg Evrópusambandsríki eru síðan miklu fátækari. Evrópubúar ættu enn fremur að muna Bandaríkjamönnum, að þeir stöðvuðu tvö Evrópustríð á tuttugustu öld og tryggðu frið í álfunni, þegar veldi Kremverja var sem öflugast.

Þegar litið var til Reykjavíkur þriðjudaginn 20. janúar, blasti við dapurlegri mynd. Fámennur hópur grímuklæddra óspektarmanna beitir þessar vikurnar ofbeldi í því skyni að knýja löglega kjörna ríkisstjórn frá völdum. Þessi hópur kom í veg fyrir, að umræður stjórnmálaleiðtoga gætu farið eðlilega fram á gamlárskvöld, skemmdi tæki fyrir fjölmiðlum og veittist að starfsfólki þeirra jafnt og stjórnmálamönnum. Sami hópur notaði tækifærið nú á þriðjudaginn til að ráðast á Alþingishúsið, grýta lögregluþjóna, brjóta rúður og kveikja elda. Á meðan sátu ráðherrar í húsinu og gátu sig hvergi hreyft.

Þetta ástand er óþolandi. Lýðræði er ekki ofríki fámenns minni hluta og því síður ofbeldi slíks hóps. Stjórnmálamenn verða að geta tekið ákvarðanir sínar óáreittir. Umræður eiga að fara eðlilega fram, en ekki undir steyttum hnefum ofbeldisseggja. Hrun bankanna og hinir stórkostlegu efnahagserfiðleikar eftir það breyta vitanlega miklu í íslenskum stjórnmálum. En ríkið hefur samið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um viðreisnaráætlun, og bankahrunið sætir nákvæmri rannsókn. Kosningar eru ekki tímabærar, fyrr en þessu tvennu er lokið. Lýðræði er ekki skrílræði.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**MYNTA** er nokkuð sem ágætt er að rækta í gluggakistunni og bragðið af henni er ferskt og frískandi. Fleiri en sex hundruð tegundir og afbrigði eru til af myntu og er hægt að nota hana í margvíslega matargerð.









# Allt í steik

2. janúar -28. febrúar

Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik“ seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði.

1 HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“ með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRETTA

MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI með ristuðu grænmeti, kartöflumauki og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

3 ÖND með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati og sperglum (6.590 kr.)

4 LOGANDI CRÈME BRÛLÉE með súkkulaði ís

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is

Hringbrot


Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið



Haukur Valgeir Magnússon gefur uppskrift að lambahryggvöðva með lauksultu og bernaise-smjöri og hvetur fólk til að elda heima. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hvetur fólk til að elda

**Haukur Valgeir Magnússon, matreiðslumaður á Argentínu steikhúsi, vann hjá Jamie Oliver í London. Hann viðurkennir að vera undir áhrifum frá honum í matargerð og fleiru og vill að fólk eldi meira sjálft heima.**

„Matreiðsla er engin geimvísindi og í raun mjög einföld ef þú ert með uppskrift,“ segir Haukur Valgeir en hann er nýbyrjaður að elda á Argentínu eftir að hafa unnið hjá Jamie Oliver í London.

Haukur lætur vel af vistinni hjá Jamie og segist hafa tekið með sér einhverja takta frá honum hingað heim. „Þessi réttur er eiginlega beint þaðan, mín hugmynd en undir áhrifum frá Jamie. Bretar elda mikið kjöt með beini og eru mikið fyrir sultur og kryddsmjör. Eins langar mig að virkja krakka sem eru kannski milli skóla eða atvinnulausir í að læra að elda eins og Jamie Oliver hefur verið að gera. Ég vil að fólk eldi meira sjálft heima,“ segir hann.

*heida@frettabladid.is*

## LAMBAHRYGGVÖÐVI

með sultuðum lauk og bearnaise-smjöri **FYRIR 4**

**Lambahryggvöðvi:**

*800 gr. lamb brúnað á pönnu í 3 mínútur á hvorri hlið. Eldað í ofni við 180° C í 5-6 mínútur.*

**Lauksulta:**

1 kg laukur, 4 tegundir
½ l hvítvín
50 gr. sykur
100 ml hunang
Salt og pipar
Lárviðarlauf og vöndur af blönduðum kryddjurtum.

*Aðferð: Skerið laukinn í þunnar skífur, svitið hann í potti, bætið svo við hvítvíninu, hunangi, sykri og kryddinu. Látið malla við lágan hita í 3 tíma.*

**Bearnaise-smjör:**

500 g smjör
20 ml estragonedik
Þurrkað estragon
30 ml hvítvínsedik
Salt og pipar

*Aðferð: Smjör er mýkt, sett í hrærivél ásamt öllu hráefninu og hrært saman. Mótað á sílíkonmottu.*

Þú getur hringt og pantað matinn heim, komið og borðað á staðnum eða tekið með heim

www.nings.is



# Frábær tilboð fyrir 2 og fleiri

Tilboð 1
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu. Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti. Svínakjöt og grænmeti í drekasósu.
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
1450 krónur á mann
2900 krónur fyrir tvo

Tilboð 2
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu. Svínakjöt og grænmeti með plómusósu. Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti. Kjúklingastrimlar og grænmeti í drekasósu.
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
1550 krónur á mann
3100 krónur fyrir tvo

NINGS
Suðurlandsbraut 6
Hlíðasmára 12
Stórhöfða 17
S. 588 9899

# ;HELGIN



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS** verður með tónleika í Akureyrarkirkju á sunnudaginn klukkan 16.00. Á efnisskrá tónleikanna er Orgelkonsert í a-moll op. 100 eftir Marco Enrico Bossi og Sinfónía nr. 4 eftir Ludvig van Beethoven.


MaxMara MARINA RINALDI
ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR
MaxMara Hverfisgötu 6 • 101 Reykjavík • Sími 562 2862




Kaoru Umezawa, lektor í japönsku, ásamt japönskunemum og aðstoðarkennurum sem hafa lagt hart að sér undanfarna daga við undirbúning hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Japan í hávegum haft

**Gestum og gangandi gefst kostur á að kynna sér japanska menningu í Háskóla Íslands á morgun. Þar verður hægt að spila japanska tölvuleiki, dreypa á japönsku tei, læra japanskt pappírsbrot og fleira.**

Japönsk hátíð verður haldin í fimmta sinn í og við Hátíðarsal Háskóla Íslands á morgun. Þar geta gestir kynnt sér japanska menningu frá hinum ýmsu hliðum. Ýmsar nýjungar verða þar á boðstólum eins og endranær enda nýir nemendur með ferskar hugmyndir sem taka þátt í undirbúningnum hverju sinni.

„Nemendur verða með nýjan kynningarbás þar sem helstu hátíðir í Japan verða kynntar og auk þess bás með því sem ferðamenn ættu ekki að láta framhjá sér fara ákveði þeir að sækja landið heim. Eins verður nýr bás þar sem japanskar bókmenntir verða kynntar,“ segir Kaoru Umezawa, lektor í japönsku. „Á hverju ári bjóðum við upp á japanskan mat en hann er að megninu til búinn til af íslenskum japönskunemum. Þarna verða hrísgrjónabollur, japönsk karríhrísgrjón, japanskt snakk og nammi svo dæmi séu tekin.“

Þá flytja nemendur fyrirlestra um japanska menningu, kynna japanska popptónlist og bjóða gestum að skrifa nafn sitt með japönsku letri. Gestir geta heimsótt Origami-básinn og lært japanskt pappírsbrot og einnig kynnt sér hefðbundnar teathafnir að hætti innfæddra. „Það var mikill áhugi á tedrykkjunni í fyrra og var mest að gera hjá þeim sem höfðu umsjón með henni,“ segir Kaoru og telur upp fleiri spennandi dagskrárliði: „Japanskar bardagalistir verða sýndar á sviði ásamt því sem fræðandi spurningakeppni um Japan sem gestir og gangandi geta tekið þátt í fer fram. Eins gefst fólki kostur á að prófa japanska tölvuleiki af ýmsu tagi og að spreyta sig í karókí.“



Gestum gefst kostur á að læra japanskt pappírsbrot eða Origami.

Nám í japönskum fræðum hófst við Háskóla Íslands haustið 2003, en það var í fyrsta sinn sem boðið var upp á nám í tungumáli og menningu Asíulanda við skólann. Í september 2007 var öðru námsári bætt við en það gerir nemendum kleift að læra japönsku í tvö ár. Þeir geta svo tekið þriðja og síðasta árið til BA-prófs í skiptinámi.

*vera@frettabladid.is*



Á hátíðinni verður hægt að læra að skrifa nafnið sitt á japönsku.








LÍNSÉRÍ
GEFÐU BÓNDANUM GJÖF
sem gleður ykkur bæði
La Perla - Eres - Chantal Thomass
30% afsláttur af undirfötum og sundfötum
Kaupir eitt stykki, færð sambærilegt á 50% afsl.
Tilboð gildir til 31. Jan.
Opið þriðjud. - föstud. 11-18, laugard. 11-16 Garðastræti 17 101 Reykjavík sími 863-3348



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 23. janúar 2009



# TILBÚIN Í SLAGINN

Hera Björk Þórhallsdóttir keppir í dönsku Eurovision-keppninni, tæpum 30 kílóum léttari

## ÞJÓÐIN FÆR NÝTT ÚTLIT

Karl Berndsen gefur Íslendingum yfirhalningu í nýjum sjónvarpsþætti

## SNOBBIÐ Á BAK OG BURT

Jacobsen opnar þar sem skemmtistaðurinn Rex var áður til húsa í Austurstræti

## NÝ DÖNSK Á FLAKKI

Hljómsveitin kveður Reykjavík og tekur upp nýja plötu úti á landi




Landsins mesta úrval af vörum til skartgripagerðar.
Skráning á okkar sívinsælu námskeið er hafin.

*Fönduverslunin heim í stofu !*
*fondurstofan.is*

Opið
virka daga 12-18
Laug. 11-15

Föndurstofan.is

Fondurstofan.is
Síðumúli 15 • s. 553-1800

# núna

✻ í Pollýönnuleik



## PATTRA SRIYANONGE

„í kvöld er ég að fara að kíkja á Dúndurball vöku á Domo, kosningar og herlegheit í gangi. Á morgun er svokallaður Gúffhittingur hjá okkur vinkonunum, við hittumst reglulega og hver og ein kemur með eitthvað gott að borða, oftast MJÖG óhollt, og við gúffum í okkur þangað til við springum. Ætli ég kíki svo ekki í bíó á sunnudaginn.“

helgin MÍN



## Styðja Íslendinga í neyð

Danska hljómsveitin D-A-D, eða Disneyland After Dark, spilar á Nasa annað kvöld, en hún hefur notið mikilla vinsælda þar í landi. Félagsskapurinn sem stendur að komu D-A-D til Íslands heitir Because We Care og spratt upp í kringum neyð Íslendinga í Danmörku eftir bankahrunið. Danski tónlistarmaðurinn og Íslandsvinurinn Poul Krebs kynntist hremmingum íslenskra námsmanna í Árósum, en í kjölfarið var hleypt af stað söfnun og nú þegar hafa safnast átta milljónir króna sem runnið hafa til námsmanna og lífeyrisþega í vanda í Danmörku. Rokkþyrstir Íslendingar munu því ekki einungis greiða fyrir tónlistarflutninginn annað kvöld heldur styðja við bakið á samlöndum sínum í leiðinni.

þetta HELST

**föstudagur**

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir *martamaria@365.is* **Penni** Alma Guðmundsdóttir *alma@frettabladid.is* **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Karl Berndsen með nýjan sjónvarpsþátt á Skjá einum:

# TEKUR ÍSLENDINGA Í STJÖRNUYFIRHALNINGU

Ef ríkisstjórnin fer að greiða úr sínum flækjum tek ég Ísland í make-over,“ segir Karl Berndsen, hárgreiðslu- og förðunarfræðingur, um sjónvarpsþáttinn Nýtt útlit sem er væntanlegur á Skjáeinum um miðjan mars. Í þættinum fær fólk útlitsbreytingu, allt frá förðun til fata, auk þess sem Karl mun gefa áhorfendum góð ráð. „Hugsunin er að hafa þetta mjög fræðslutengt svo manneskjan sem situr heima og horfir læri eitthvað, hvort sem hún er fimmtán ára eða níræð. Þetta verður því hálfgert námskeið í leiðinni,“ segir Karl um þáttinn sem verður sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi, en álíka þættir á borð við Gok's fashion fix og How to look good naked hafa slegið í gegn í Bretlandi.

„Við förum í förðun og allt sem tengist hári frá a til ö. Skemmtilegasti parturinn er samt að við tökum venjulegt fólk í stjörnuyfirhalningu og gerum það eins glæsilegt og mögulegt er, auk þess sem við ætlum að endurskapa gömul „style icon“ í íslenskri fegurð,“ segir Karl sem á og rekur hárgreiðslustofuna Beauty-barinn í Kópavogi. „Við byrjum að taka upp um leið og það liggur ljóst fyrir hvort frumvarp verði samþykkt um að umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði verði takmörkuð, en það er til umfjöllunar á Alþingi núna. Ef frumvarpið verður ekki samþykkt fær Ísland aldrei sitt „make-over“, segir Karl og hlær. „Mér finnst þessi þáttur sýna að Skjáreinn þorir frekar en aðrar sjónvarpsstöðvar, því þetta er eitthvað nýtt og spennandi. Ég er alveg sannfærður um að þessi þáttur fær gott áhorf, en ég verð auðvitað að haga mér eins og maður og mun leggja allan minn metnað í þetta,“ segir Karl að lokum.

*- ag*



**„Make-over“** Karl Berndsen mun gefa Íslendingum stjörnuyfirhalningu, en hann hefur unnið með stjörnum á borð við Naomi Campbell, Stellu McCartney, John Galliano og hljómsveitinni Sugababes.



© 2008 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

## augnablikið



**FLOTT Á FRUMSÝNINGU** Jennifer Aniston og Owen Wilson eru ekki nýjasta Hollywood-parið, en þau voru vægast sagt innileg við frumsýningu myndarinnar Marley & Me sem er væntanleg til landsins í mars.



30% til 60% afsláttur
öll húsgögn
nýtt!
VERSAILLES
gegnheilt eikarborð
stækkanlegt í 350cm
fimm stækkanir fylgja!
verð 149.900.-
3 fyrir 2
öll glös
TAMMAN sett, 5 stk.
Settið inniheldur 4 stóla og borð
h74 X B90 X L90 / 531337
var 29.900.-
nú 20.930.-
30% afsláttur
öll kerti
80% afsláttur
öll jólavara
ANNBELL spegill
var 9.900.-
nú 4.950.-
40% afsláttur
allir speglar
VERSAILLES skápur 528665
var 39.900.-
nú 19.950.-
alvöru útsala!
the PIER
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# ER Í EÐLI MÍNU FLÖKKUKIND

**Hera Björk Þórhallsdóttir söngkona er svo sannarlega á faraldsfæti. Hún býr bæði á Íslandi og í Danmörku, kennir vítt og breitt um Evrópu og gæti allt eins endað í Moskvu í maí ef hún sigrar í undankeppni Dana fyrir Eurovision 31. janúar.**



**Hera Björk**
Er mikil útivistarkona og hugar vel að heilsunni.

*Viðtal:* Alma Guðmundsdóttir
*Ljósmyndir:* Anton Brink
*Förðun:* Elín Reynisdóttir

Hera Björk hefur sungið frá blautu barnsbeini og segir aldrei neitt annað hafa komið til greina en að verða söngkona. Þegar hún var 28 ára sneri hún hins vegar algjörlega við blaðinu og flutti til Akureyrar þar sem hún fór að læra viðskiptafræði.

„Ég fékk allt í einu nóg, nennti ekki þessu harki og fannst ekki hægt að verða neitt meira en bakraddasöngvari hérna, svo ég taldi öruggast að hafa einhverja haldbæra menntun. Þetta skynsemiskast mitt varði í tvö ár, en þá var ég alveg að kálast yfir hagfræðinni, hætti og flutti suður," segir Hera sem sneri sér þá alfarið að söngnum.

„Það var ekkert annað í boði en klassískt söngnám þegar ég var að byrja að læra og ég fór í gegnum sjö stig á mótþróanum einum fata. Ég hef alltaf verið á móti því að setja listsköpun mörk og að eitthvað sé yfirhöfuð bannað í listgreinum. Pönkarinn í mér var alveg að verða vitlaus í þessum „kassa" svo ég hætti eftir sjöunda stigið. Það hafði ekkert með kennarana mína að gera en ég kom samt sem áður niðurbrotinn einstaklingur út úr þessu námi og hafði enga trú á mér lengur. Samt vissi ég alveg hvað í mér bjó, en það var ekki fyrr en ég kynntist complete vocal-söngtækninni sem ég fékk frjálsar hendur. Þar fékk ég öll verkfærin sem ég þurfti til að geta sungið hvað sem ég vil. Í dag syng ég allt og veit enn ekki hvort ég vil fara í djassinn, rokkið eða klassíkina og vil helst ekki þurfa að velja," útskýrir Hera, sem flutti til Danmerkur um tíma þar sem hún lauk fjögurra ára söngnámi við Complete Vocal Institute og hefur meðal annars kennt í Ósló, Tékklandi, Brussel, og Hollandi. Hún var þó alltaf með annan fótinn hér á landi þar sem hún á tvö börn, Þórdísi Petru ellefu ára og Víðar Kára fimm ára, en Hera skildi fyrir tveimur og hálfu ári eftir níu ára hjónaband. „Börnin mín voru í skóla hér á meðan ég var að læra úti, en planið er að flytja saman til Danmerkur næsta sumar. Þar er ég með fasta vinnu og tækifærin fyrir mig sem söngkonu og kennara eru óteljandi."

## Í DANSKA EUROVISION

31. janúar mun Hera Björk keppa í forkeppni Eurovision í Danmörku, þar sem tíu lög hafa verið valin til að keppa í úrslitum. „Höfundar lagsins eru miklir Eurovision-aðdáendur og heyrðu talað vel um mig sem söngkonu í einhverju boði sem þau voru í. Ég hitti þá svo í Belgrad þegar ég söng bakraddir með Eurobandinu í fyrra og í september höfðu þeir samband við mig og báðu mig um að syngja nokkur lög sem þeir höfðu samið, en eitt þeirra var valið úr þeim tæplega eitt þúsund lögum sem voru send í keppnina,"

Aðspurð viðurkennir hún þá að hafa ekki strax fengið samþykki fyrir þátttöku í keppninni sem Íslendingur. „Fyrst neituðu þeir og sögðu að ég mætti ekki vera með. Reglurnar segja að sólóistinn þurfi að hafa sterk tengsl við Danmörku, svo að ég var á gráu svæði og í raun bara skilgreiningaratriði. Höfundarnir færðu rök fyrir þátttöku minni þar sem ég er með skráð lögheimili í Danmörku, er útlærð þar í landi, starfa við kennslu hjá dönsku fyrirtæki og tala dönsku. Þá vildu aðstandendur keppninnar vita hvort ég ætti nokkuð danskan kærasta eða tengdist einhverri danskri fjölskyldu náið, en ég sagði bara að mér fyndist danskir karlmenn mjög flottir," segir Hera hlæjandi. „Þeir veltu þessu fyrir sér fram og til baka og í byrjun desember fékk ég svo að vita að ég fengi að vera með."

Spurð með hverjum Íslendingar eigi eiginlega að halda fari hún fyrir hönd Dana til Moskvu, slær Hera á létta strengi. „Ég er bara að vinna að því að styrkja aftur samband okkar við Dani og alþjóðaumhverfið, svo þetta er mjög pólitískt starf sem ég er í," segir hún og hlær.

## MISSTI 26 KÍLÓ

Talið berst að líkamsrækt og þá kemur á daginn að Hera er mikil útivistarkona. „Ég tók þríþraut síðasta sumar, hjólaði Hvalfjörðinn, gekk á fjöll og tók þátt í maraþoninu. Mér finnst ofsalega gaman að fara í ferðalög, en þá ekki til Ibiza, heldur í skála uppi í fjöllum eða gista í A-tjaldi með appelsínugulum himni úti í sveit. Ég lúkka líka bara svo rosalega vel í svona Cintamani- eða 66°Norður-galla," segir Hera brosandi. „Ég er algjör flökkukind í eðli mínu og á voðalega bágt með að vera heima hjá mér í rólegheitum í marga daga í röð. Það hefur ekkert með það að gera að ég sé eirðarlaus eða „rasslaus" eins og Færeyingar segja, heldur á það bara mjög vel við mig," segir Hera.

„Ég huga vel að heilsunni og var að koma úr detoxmeðferð frá Póllandi með Jónínu Ben. Þetta er í þriðja sinn sem ég fer og hef losnað við 26 kíló hægt og rólega. Og það er ekki bara með því að skola út einhverjum saur því það halda margir að maður sé bara með eitthvað rör í rassinum allan daginn. Það er auðvitað val hvort maður fer í ristilhreinsun en ég trúi því að flest okkar mein eigi upptök sín í ristlinum. Ef hann er ekki hreinsaður með einum eða öðrum hætti að þá sé það svolítið eins og ef við værum gangandi með ruslatunnurna framan á okkur alla daga og Sorpa væri ekki til. Detoxferðirnar hafa hjálpað mér mjög mikið. Ég vel líka hollari fæðu og er duglegri að ganga, er í gönguhópnum „Eins og vindurinn" með nokkrum dásamlegum konum. Markmiðin í dag eru að halda sér frá hveiti og sykri og borða ekki eftir klukkan átta á kvöldin."

## FIMM ÁRA PLANIÐ

Hera Björk situr ekki auðum höndum því auk þess sem hún starfar bæði sem söngkona og söngkennari er hún með margs konar verkefni í vinnslu. „Ég er að skrifa sjónvarpsþátt í hjáverkum, sem er eins konar fræðsluþáttur og er ekki einungis fyrir íslenskan markað. Svo er ég líka með kabarettsýningu í skrifum sem mig langar að fara að setja upp. Ég hef verið að bíða með það í nokkur ár en læt verða af henni þegar rétti tíminn kemur," segir Hera full jákvæðni. „Þrátt fyrir að það sé kreppa og við séum að ná botninum hér á Íslandi er ég mjög bjartsýn. Jákvæðni er líka svo mikilvæg og ég reyni að sækja frekar í jákvætt fólk heldur en „helvítis fokking fokk"-týpuna. Þó mér finnist hún alveg dásamleg út af fyrir sig þá er hún bara svo langt frá mér," bætir hún við.

„Ég skrifa alltaf niður bæði ársplan og fimm ára plan. Þegar ég skoðaði það sem ég skrifaði fyrir fimm árum sá ég að flest af því hefur ræst í dag og ég er nákvæmlega þar sem ég vil vera. Það stenst ekki alltaf allt sem maður ætlar sér innan tímamarka því utanaðkomandi hlutir hafa alltaf áhrif, líkt og efnahagsástandið nú, en yfirleitt rætist það sem maður ætlar sér á endanum, með einum eða öðrum hætti."

## * bak við tjöldin




**Stjörnumerki:**
Hrútur.

**Besti tími dagsins:**
Miðnætti. Það er svo fallegt hvernig tíminn bara líður og líður og líður áfram átakalaust.

**Geisladiskurinn í spilaranum:**
Hvíld - Óskar Einarsson. Yndislegur diskur.

**Uppáhaldsverslunin:**
Herre gud! Hvernig get ég gert upp á milli? Segi Góði hirðirinn og KVK.

**Uppáhaldsmaturinn:**
Sushi og halumiostur.

**Líkamsræktin:**
Rope yoga-setrið.

**Mesta dekrið:**
Heimsókn til Kristjönu Stefáns.



**Ég lít mest upp til:**
Hennar Höbbu minnar.

**Áhrifavaldurinn?**
Cathrine Sadolin og Lóa systir mín.

**Draumafríið?**
Japan, helst með góðum vini og elskhuga.




**Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara?**
Rauðvíni og vídeóspólum.



# ASHTANGA JÓGA

**Ingibjörg Stefánsdóttir**

ÁHRIFAvaldurinn

„Það er svo ótrúlega margt sem hefur haft sterk áhrif á líf mitt, en það er ein ákvörðun sem ég tók í lífinu sem hafði mjög mikil áhrif á mig. Ég tók þá ákvörðun að fara í leiklistarnám í New York. Í skólanum notaði einn af mínum danskennurum ashtanga jóga til að hita okkur upp og ég kolféll fyrir því um leið.

Síðan þá hefur þetta jóga leitt til þess að ég hef margsinnis ferðast til Indlands og þar kynntist ég ashtanga jóga-gúrúnum, Sri K. Pattabhi Jois, sem er 93 ára í dag. Núna rek ég mína eigin jógastöð með yndislegum kennurum og elska það að sjá fólk fara út úr tíma með bros á vör. Það er svo frábært hvað lífið hefur að færa manni, eitthvað sem er óvænt, eitthvað sem maður sá ekki fyrir. Þá er svo mikilvægt að vera opinn fyrir einhverju nýju og prófa sig áfram í lífinu.“



# Úr leiklist yfir í söng



**Flottur dúett** Halli og Gói troða upp á Græna hattinum á Akureyri annað kvöld, en stefna á að halda leikhústónleika í Borgarleikhúsinu á næstunni.

„Við gerðum þetta fyrst þegar við vorum báðir að leika á Akureyri í fyrra og spiluðum þá eingöngu músík úr leikritum og söngleikjum,“ segir Hallgrímur Ólafsson leikari um fyrirhugaða leikhústónleika hans og Guðjóns Davíðs Karlssonar, betur þekktum sem Góa.

„Við verðum á Græna hattinum á Akureyri annað kvöld, en planið er svo að vera með þetta á dagskránni í Borgarleikhúsinu. Þetta var bara eina kvöldið sem við áttum frí í mánuðinum svo við ákváðum að skella okkur norður,“ útskýrir Hallgrímur og segir þá félaga taka lög úr öllum áttum.

„Við komum fram með hljómsveit, skiptumst á að syngja og röddum hjá hvor öðrum. Svo spjöllum við auðvitað inn á milli laga og erum með eitthvert grín og glens,“ segir Hallgrímur um dagskrána sem inniheldur meðal annars lög úr söngleikjunum Hárinu, Jesus Christ Superstar og Fólkinu í blokkinni. „Við ætlum líka að vera með veglegt happdrætti svo fólk eigi möguleika á glaðningi í kreppunni, til dæmis gjafakorti í leikhús hjá LA og fleira spennandi,“ bætir hann við. *- ag*



**„Nýtt „concept“** Loftur segir Jacobsen ekki vera neitt í líkingu við skemmtistaðinn Rex sem var í sama húsnæði.

## Jacobsen opnaður þar sem Rex var áður:

# Snobbið þurrkað út

„Þetta er ekki endurbættur Rex heldur algjörlega nýtt „concept“,“ segir Jón Atli Helgason, einn af skipuleggjendum opnunarpartís Jacobsen í Austurstræti sem var opnaður í gærkvöldi, þar sem skemmtistaðurinn Rex var áður til húsa. Staðurinn heitir eftir dönsku Jacobsen-fjölskyldunni sem rak vefnaðarvöruverslun í húsnæðinu forðum daga. „Nú er ekkert „dresscode“ svo allt snobb er strokað út og andrúmsloftið er afslappað,“ bætir hann við, en um helgina verða tvö einkasamkvæmi áður en staðurinn verður opnaður almenningi í næstu viku. „Á sunnudagskvöldum verðum við með vöfflukvöld þar sem fólk getur borgað í bauk eftir vild, annars fær það fríar vöfflur og innan skamms byrjum við að selja franskar crepes-pönnukökur á mjög góðu verði,“ segir Loftur Loftsson, rekstrarstjóri Jacobsen. *- ag*







# tíðin
✻ meira í dag en í gær

**SYSTUR** Ástrós Gunnarsdóttir og Lára Stefánsdóttir túlka ýmis minni kvenna í danssýningunni Systur við magnaðan texta Hrafnhildar Hagalín og fjölbreytta tónlist. Sýningin fékk frábærar viðtökur í Iðnó í maí 2008 og fer hún aftur á svið á nýju ári, á Akureyri í kvöld og annað kvöld, en í Iðnó frá 31. janúar.

**EGÓ Á NASA** EGÓ er mætt til starfa og treður upp á Nasa annað kvöld, en bandið tók flugið milli jóla og nýárs við góðar undirtektir. Á prógramminu eru öll vinsælustu lög Bubba um árin, ekki bara lög EGÓsins, heldur einnig allra hinna bandanna hans, auk laga af sólóferlinum. Ekki missa af frábæru balli.


FÓTAAÐGERÐASKÓLI ÍSLANDS

**Fótaaðgerðaskóli Íslands er að hefja sitt annað starfsár og tekur inn nýja nemendur í mars nk.**

Fótaaðgerðaskóli Íslands er sérskóli á framhaldsskólastigi og er viðurkenndur af Menntamálaráðuneytinu. Nám í fótaaðgerðafræðum er bæði hagnýtt og skemmtilegt. Að námi loknu geta nemendur sótt um löggildingu sem fótaaðgerðafræðingar hjá Landlæknisembættinu.

Áhugasömum er bent á að hafa samband í síma 553-7900 eða senda tölvupóst á skoli@snyrtiakademian.is til að fá nánari upplýsingar. Tekið er við umsóknum núna






Taka upp nýjan disk á landsbyggðinni:

## Ný Dönsk um allt land

Menn virðast alltaf hafa nóg af erindum til að sinna þegar þeir eru í bænum. Við ákváðum því að fara út á land og fá þannig frið frá þeim sem eiga heimtingu á að trufla okkur,“ segir Björn Jörundur Friðbjörnsson, Idol-dómari og Ný danskur. Hljómsveitin hyggst dveljast víðs fjarri borgarmörkunum þegar kemur að því að semja og taka upp lög fyrir nýjustu plötu sveitarinnar. Hljómsveitarmeðlimir ætla að koma sér notalega fyrir í Grímsnesi í febrúar og eyða tímanum þar í að semja lög.

Í apríl ætla Ný danskir hins vegar að nýta sér Tankinn, hið glæsilega hljóðver í Önundarfirði, og taka þar upp nokkur lög auk þess sem spilað verður fyrir nærsveitarmenn. Björn bætir því hins vegar við að platan öll verði síður en svo öll tekin upp þar. Því þeir ætli einnig að fara norður og til Vestmannaeyja og nýta hljóðverin sem þar eru fyrir. „Við höfum alltaf farið út á land og spilað, eini munurinn er sá að við ætlum bara líka að taka upp ný lög,“ segir Björn og þvertekur fyrir að þetta sé einhver hópeflismeðferð sem Ný danskir séu í.

Björn hefur annars í nægu að snúast því hann er dómari í Idolstjörnuleit. Ásamt félaga sínum úr einmitt Ný dönsk, Jóni Ólafssyni. Björn óttast ekki að setan í dómnefndinni og allar landsbyggðarferðirnar verði banabiti vináttu þeirra. „Nei, við erum fyrir löngu búnir að fá nóg af hver öðrum. Við lærðum bara að nýta reiðina, láta þá tilfinningu ekki brjóta okkur niður heldur láta hana vinna með okkur.“ *- fgg*


**Íslandslög** Ný danskir ætla að taka upp nýja plötu á flakki sínu um landið en hún verður tekin upp í Önundarfirði, á Akureyri og í Vestmannaeyjum.




Filippa K | Patrizia Peppe | SportMax | Burberry | GK Reykjavík | Lee | Wrangler

# GK REYKJAVÍK

60% AFSLÁTTUR

**VIÐ HÆKKUM AFSLÁTTINN Í DAG FÖSTUDAG.**

**GK REYKJAVÍK JAKKAFÖT & DRAGTIR 50%**
**NÝIR SKÓR 20%.**

Velkomin í nýja verslun okkar í Smáralind.

**KONUR OG MENN** | LAUGAVEGUR 66 OG SMÁRALIND

Í DAG OG Á MORGUN
LAUGARDAG

# ALLT AÐ FIMMTÍU PRÓSENTA AFSLÁTTUR

AF SÝNINGARVÖRUM

epal

Hans J. Wegner
Borge Mogenssen
Arne Jacobsen
Erik Magnussen
Philippe Starck
ofl.

Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

## KLINGENBERG SPÁIR



### Auðunn Blöndal sjónvarpsmaður

„Auðunn Blöndal er fæddur 08.07.1980 sem gefur útkomuna 33 og lífstöluna 6. Talan 33 er masterstala og margir helgir menn hafa haft hana í lífstölunni sinni, samanber Jesús Kristur, svo það er ekki leiðum að líkjast. Auðunn hefur mikið keppnisskap og setur mikinn kraft í allt sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann þarf að vinna hlutina í skorpum og framkvæma strax, svo smá biðlund ætti ekki að drepa piltinn.

Auðunn er að fara í árstöluna 8, sem er alveg gífurlega skemmtileg árstala til að fara í. Þetta er tala tækifæra, hraða, áskorana og oft flutninga, annaðhvort í vinnu eða á heimili. Þetta er því að mínu mati ein skemmtilegasta talan til að fara á. Hún er eins og hönnuð fyrir Auðun því það er ekki dauður punktur út allt árið og þættirnir sem hann er að skapa eiga eftir að slá í gegn og þetta er bara rétt byrjunin hjá hinum hugmyndaríka Blöndal.

Að vissu leyti gæti reynst erfitt fyrir Auðun að sameina kraftinn og aflið, sem hann er með í vinnuorku, við ástina. Þar sem hann hefur þörf fyrir að vera mikið á ferð og flugi á hann erfiðara með að aðlaga sig að venjulegu fjölskyldulífi, allavegana til 33 ára aldurs. Auðunn er mjög ástfanginn af ástinni og trygglyndur þegar hann hittir þær einu réttu. Ástin á eftir að blómstra á árinu með konu sem er um það bil 22 ára og Auðunn ætti að gefa sér tíma til að sinna henni, ástinni. Auðunn er fæddur undir heillastjörnu og er umfram allt heppinn, fólk allt í kringum hann hjálpar honum, svo leiðin er greið þangað sem hann vill fara.“

www.klingenberg.is





## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

### Davíð Smári Harðarson, einkaþjálfari og söngvari

1



**Fara í ræktina snemma að morgni og svitna fyrir allan peninginn.**



2

**Bjóða konunni í hádegisverð á Salatbarnum.**

3



**Ná í börnin í skólann og kíkja á hestbak.**

4



**Baka speltpitsu með stelpunum.**

**Liggja uppi í sófa með fjölskyldunni og glápa á góða DVD með popp og Kristal plús.**

5




# Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla

MISSTUM 23 KÍLÓ
TIL SAMANS Á 3 MÁNUÐUM

Kristbjörg og Guðbjörg Sveinbjörnsdætur



*Við systurnar ætluðum einungis á eitt námskeið en þau urðu þrjú og árangurinn lét svo sannarlega ekki á sér standa. Misstum 23 kíló til samans á þremur mánuðum. Það eigum við Gunnari Má þjálfara og starfsfólkinu á Nordica Spa að þakka. Frábært aðhald, skemmtun, útrás og vellíðan. Við gátum þetta og því getur þú þetta líka.*

ÉG GERÐI ÞETTA AF SKYNSEMI
ÞÚ GETUR ÞAÐ LÍKA

María Másdóttir



*Frábær leiðsögn, frábær stöð og mesta aðhald sem hægt er að fá. Betra en einkaþjálfun! Svo er líka fínt að kílóin fuku og orkan hefur aukist og almenn vellíðan. Ég missti 6,2 kg á 4 vikum. Ég gerði þetta af skynsemi og þú getur það líka!*



**Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.**

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

**Ný námskeið hefjast 2. febrúar**
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA

# Hvernig verjast smáríki ytri áföllum?

**UMRÆÐAN**
Baldur Þórhallsson skrifar um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi


BALDUR ÞÓRHALLSSON

Smáríki, eins og Ísland, þarf á öflugu efnahagslegu skjóli að halda hjá voldugum nágrönnum eða fjölþjóðastofnunum til að standa af sér alþjóðlegar hagsveiflur og tryggja hagsmuni sína í alþjóðasamfélaginu. Í þessari grein er því haldið fram að íslenskum stjórnvöldum hafi mistekist að tryggja landinu efnahagslegt skjól. Greinin tekur á stöðu smáríkja í alþjóðasamfélaginu út frá kenningum í smáríkjafræðum í ljósi núverandi efnahagslegrar og pólitískrar stöðu Íslands. Fjallað er um það skjól sem Ísland hefur notið í gegnum aldirnar sem og það skjól sem landinu stendur til boða.

### Af hverju eru smá hagkerfi viðkvæm?

Smáríki eru viðkvæmari fyrir alþjóðlegum efnahagssveiflum en stór ríki. Lítill heimamarkaður gerir það að verkum að smáríki eru háðari inn- og útflutningi en stærri ríki. Smáríki sérhæfa sig til að verða samkeppnishæfari á heimsmarkaði og útflutningur þeirra byggir því oftast nær á einni eða tveimur afurðum. Utanríkisviðskipti smáríkja er auk þess oft háðari einu tilteknu ríki eða markaðssvæði. Smáríki eru oft þau fyrstu til að finna fyrir niðursveiflu í alþjóðahagkerfinu, kreppur skella skyndilega á þeim og verða oft dýpri. Ísland fellur í einu og öllu að þessari mynd. Dagblaðið The New York Times sagði í byrjun október að Ísland væri fyrsta fullvalda ríkið sem orðið hefði fjármálakreppunni að bráð. Smáríki eru hins vegar oft fyrst til að rífa sig upp úr alþjóðlegum efnahagskreppum þar sem stuttar boðleiðir, lítil stjórnsýsla og skjót ákvarðanataka gefur þeim færi á að bregðast fyrr við og aðlaga sig enn frekar að breyttum aðstæðum.

### Af hverju leita smáríki skjóls í fjölþjóðastofnunum?

Smáríki þurfa á efnahagslegu skjóli að halda til að takmarka þau áhrif sem óhjákvæmilega fylgja veikleikum smárra hagkerfa. Ríki geta valið um tvenns konar skjól, þ.e. hjá voldugum nágrannaríkjum eða fjölþjóðastofnunum. Í vaxandi mæli hafa smáríki kosið samvinnu við ríki innan fjölþjóðastofnana frekar en tvíhliða samskipti við volduga nágranna eins og tíðkaðist öldum saman. Frá lokum seinni heimsstyrjaldar hafa flest smáríki kosið að leita skjóls í fjölþjóðastofnunum eins og Alþjóðabankanum, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Heimsviðskiptastofnuninni, Evrópusambandinu og Norðurlandaráði.

Smáríki hafa sterkari samningsstöðu innan fjölþjóðastofnana, þar sem leikreglur eru skýrar og ríki eru oft jafn rétthá, en í tvíhliða viðræðum við ríki. Samningaviðræður lítilla ríkja við voldugan nágranna eru að öllu jöfnu mjög erfiðar þar sem stóra ríkið hefur oftast sterkari samningsstöðu: efnahagslega, stjórnsýslulega og hernaðarlega. Nýlegar samningaviðræður Íslands við Bretland og Bandaríkin bera þessu glöggt vitni.

*Íslenskir ráðamenn hafa haldið í gömlu heimsmyndina, bandarísku öldina, að Bandaríkin eða aðrar voldugar vinaþjóðir komi landinu til bjargar.*

Smáríki getur leitað á náðir fjölþjóðastofnana sem það er aðili að þegar á bjátar eins og Ísland hefur gert hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Eystrasaltsríkin og Ungverjaland hafa gert hjá Evrópusambandinu. Þannig getur aðild að þessum stofnunum dregið úr ytri efnahagsáföllum sem smáríki verða reglulega fyrir vegna alþjóðlegra efnahagssveifla.

Innan fjölþjóðastofnana eiga smáríki auk þess möguleika á að hafa áhrif á alþjóðlegar reglur eins og um utanríkis- og fjármálaviðskipti. Grundvallarhagsmunir lítils ríkis felast í því að taka þátt í mótun slíkra reglna, að öðrum kosti móta stóru ríkin reglurnar upp á sitt einsdæmi. Í krafti auðs og valds geta þau auðveldlega þvingað önnur ríki til að lúta þeim.

### Hvert hefur Ísland sótt skjól?

Ísland hefur rétt eins og önnur smá samfélög leitað í skjól efnameiri og voldugri samfélaga í gegnum aldirnar. Vöruskortur og einangrun gerði það að verkum að íslenskir ráðamenn leituðu á náðir Noregskonungs á 13. öld. Hann lofaði að tryggja nauðþurftir og lámarks viðskipi við landið. Á næstu öldum var Ísland á stundum í óformlegu efnahagsskjóli siglingaþjóða í Evrópu þar til Danir tóku landið undir sinn verndarvæng. Landið var í skjóli Danaveldis allt til ársins 1918, formlega til ársins 1944. Þá tekur við bandaríska öldin.

Íslenskir ráðamenn leituðu undir verndarvæng bandaríska arnarins þegar þeir höfðu hafnað skjóli Danaveldis og töldu ekki ákjósanlegt að vera einir og óstuddir á yfirráðasvæði Breta á Norður-Atlantshafi. Ísland var í kjölfarið í efnahagslegu og hernaðarlegu skjóli Bandaríkjanna allt þar til fyrir 3 árum þegar herstöðinni var lokað og efnahagsaðstoð lauk. Nýlegar viðtökur í Bandaríkjunum við beiðni íslenskra stjórnvalda um efnahagsaðstoð staðfesta að enginn vilji er lengur til staðar í Washington til að veita Íslandi skjól. Bandarísk stjórnvöld sjá sér ekki lengur hag í því að tryggja stöðu Íslands þar sem landið er þeim hvorki hernaðarlega né efnahagslega mikilvægt.

### Nýir valkostir

Í nokkurn tíma áður en kalda stríðinu lauk höfðu hlutlausu ríkin í EFTA verið að reyna að finna sér leið í efnahagslegt skjól Evrópusambandsins (ESB). Samningaviðræður um samræmingu viðskiptareglna og aðgang að innri markaði ESB leiddu að lokum til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Í miðjum samningaviðræðunum um EES lýkur hins vegar kalda stríðinu með hruni Sovétríkjanna. Þá opnast sá möguleiki að hlutlausu ríkin í EFTA geti sóst eftir varanlegu efnahagsskjóli innan vébanda ESB. Öll aðildarríki EFTA, að Íslandi undanskildu, fóru því að líta á EES-samninginn sem skammtímasamning. Svíþjóð, Finnland, Noregur, Sviss og Austurríki, sóttu öll um aðild að ESB áður en EES-samningurinn tók gildi. Það gerðu íslensk stjórnvöld hins vegar ekki.

Forysta Sjálfstæðisflokksins tók þá afstöðu árið 1992 að sækjast ekki eftir Evrópusambandaðild, eftir að hafa velt henni fyrir sér. Á sama tíma töluðu allir systurflokkar Sjálfstæðisflokksins í hinum EFTA-ríkjunum ákaft fyrir aðild og höfðu forystu í málinu heimafyrir. Afstaða Sjálfstæðisflokksins var mörkuð á grundvelli þriggja þátta: EES tryggði efnahagslega og viðskiptalega hagsmuni þjóðarinnar; aðild að ESB væri óhagstæðari en EES-samningurinn, einkum vegna sjávarútvegsstefnu sambandsins og vegna þess að ákvarðanir í peningamálum og um viðskiptasamninga við önnur ríki myndu færast úr höndum íslenskra stjórnvalda; þeim mikla ágreiningi sem varð innan flokksins um EES og ótta um að umræða um aðild að ESB myndi leiða til mikilla átaka innan flokksins.

### Skjól annarra smáríkja í Evrópu

Nær öll smáríki í Evrópu hafa leitað í skjól ESB, þ.e. þau eru komin í sambandið eða að leita leiða til að ganga í sambandið. Flest ríkin hafa einkum verið að leita eftir samræmingu á viðskiptareglum og hindrunarlausu aðgengi að markaði sambandsins. Flest þessara smáríkja hafa leitað inn í Evrópusambandið á krepputímum og notið aðstoðar sambandsins við að byggja upp efnahagskerfið m.a. í formi byggða- og landbúnaðarstyrkja og stuðnings við hagnýtar rannsóknir og nýsköpun. Eftir að ESB tók upp sameiginlega mynt hefur aðdráttarafl sambandsins aukist mjög fyrir þau smáríki sem staðið hafa utan þess, þar sem sameiginleg mynt dregur úr viðskiptakostnaði og stuðlar að auknum viðskiptum.

Þau smáríki í Evrópu sem ekki hafa leitað skjóls innan ESB, að Íslandi undanskildu, eru örríkin Liechtenstein, Andorra, San Marinó og Mónakó. Þau hafa hins vegar öll umfangsmikla tvíhliða efnahags- og varnarsamninga við nágrannaríki sín, Sviss, Ítalíu, Frakkland og Spán, sem tryggja þeim efnahagslegan stöðugleika og varnir. Þessi ríki hafa kosið efnahagslegt skjól efnameiri og voldugri nágranna. Hagkerfi þeirra, að frumkvæði þeirra sjálfra, eru í raun samofin hagkerfum nágrannaríkjanna, í þeim tilgangi að verjast ytri efnahagsáföllum, t.a.m. eru þau með sama gjaldmiðil og nágrannaríkin.

### Skjólið er ekkert

Hvaða smáríki stendur þá eftir? Það ríki sem var fyrsta fullvalda ríkið til að verða fjármálakreppunni að bráð eins og The New York Times orðaði það. Skjólið var ekkert. Íslenskir ráðamenn hafa haldið í gömlu heimsmyndina, bandarísku öldina, að Bandaríkin eða aðrar voldugar vinaþjóðir komi landinu til bjargar. Við erum hins vegar ekki lengur í skjóli Bandaríkjanna eins og dæmin sanna og aðrar þjóðir settu þeirri takmörkuðu efnahagsaðstoð sem þær voru tilbúnar að veita, skilyrði um aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Íslensk stjórnvöld komu landinu inn í EES og í það frelsi sem aðildinni fylgdi, en brugðust þegar kom að því að tryggja hið efnahagslega skjól sem smáríki þarf nauðsynlega á að halda í alþjóðasamfélaginu.

*Höfundur er prófessor í stjórnmálafræði og formaður stjórnar Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki við Háskóla Íslands.*



Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum. Þetta tryggir tromla af nýrri gerð, (einkaleyfi Miele) lengri ending vélarinnar en gengur og gerist, sem og fullkomnasta tækni sem völ er á.

TILBOÐ

Þvottavél - verð frá kr. 164.995
Þurrkari - verð frá kr. 139.995

MOST TRUSTED BRAND 2008
best brands 2008 das deutsche markenranking

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

# Af lýðræðishalla ESB

**UMRÆÐAN**
Andrés Pétursson skrifar um Evrópumál


ANDRÉS PÉTURSSON

Ríki, til dæmis Íslandi, er stjórnað af ríkisstjórn sem samanstendur af lýðræðislega kjörnum fulltrúum sem valdir eru í beinum kosningum til Alþingis. Kjörnir þingmenn verða ráðherrar og mynda framkvæmdavald. Á löggjafarþinginu sitja svo aðrir þingmenn kosnir í sömu kosningum. Ráðherrar og ríkisstjórn (framkvæmdavald) njóta þjónustu embættismanna í ráðuneytum viðkomandi ráðherra. Þeir embættismenn vinna fyrir hönd og í umboði ráðherra og eru gjarnan ráðnir af mörgum fyrirrennara hans. Þeir taka ákvarðanir í umboði ráðherrans sem t.a.m. binda einstaklinga og lögaðila. Þeir undirbúa reglugerðir sem grundvallast á lögum samþykktum af Alþingi sem ráðherra samþykkir og gefur út. Embættismönnum er unnt að víkja frá störfum.

Innan ESB er löggjafarvaldið sameiginlega í höndum ráðherraráðsins sem samanstendur af ráðherrum aðildarríkja ESB sem sitja í ríkisstjórnum þeirra og myndaðar hafa verið á grundvelli lýðræðisskipulags hvers aðildarríkis sem byggist á stjórnarskrám þeirra og Evrópuþingsins sem kosið er beinni kosningu í hverju og einu aðildarríki á fimm ára fresti. Framkvæmdavald ESB, framkvæmdastjórnin, („ríkisstjórn“) sem samanstendur af framkvæmdastjórum („ráðherrar“) er valið af aðildarríkjunum, þ.e ríkisstjórnum sem þegnar viðkomandi ríkis hafa kosið í lýðræðislegum kosningum og Evrópuþinginu (sem kosið er beinni kosningu af íbúum aðildarríkjanna). Framkvæmdastjórninni („ríkisstjórninni“) til halds og trausts eru embættismenn sem ráðnir hafa verið til starfa til að vinna fyrir framkvæmdavald ESB; framkvæmdastjórnina. Þeir undirbúa ákvarðanir framkvæmdastjóranna og framkvæmdastjórnarinnar og þær reglugerðir/tilskipanir sem framkvæmdastjórninni hefur verið heimilað að gefa út með samþykktum ráðherraráðsins og Evrópuþingsins (löggjafarvaldi ESB). Embættismönnum er unnt að víkja frá störfum.

Getur svo einhver sagt okkur hvar hið ólýðræðislega skipulag ESB er í samanburði við hið fullkomna lýðræðislega íslenska stjórnskipulag? Getur líka einhver útskýrt fyrir okkur dauðlegum mönnum af hverju hver samtökin á fætur öðrum verja fjármagni sínu í að flytja inn Norðmenn til að útskýra fyrir Íslendingum hversu hrikalega vont þetta ESB er? Hefur engum dottið í hug að flytja inn fólk frá ESB-ríkjum sem þekkir þetta af eigin raun?

*Höfundur er formaður Evrópusamtakanna.*

# ÚTSALA

## Kæliskápar og vínskápar með allt að 50% afsl.

## Sjálfvirkar kaffivélar frá Gaggia og Saeco með miklum afslætti

## Ofnar, helluborð og háfar á mjög góðu verði

## Búsáhöld, pottar og gjafavara með allt að 60% afslætti

## Frábær tilboð á hljómtækjum og sjónvörpum frá Denon og Toshiba

William Bounds pipar- og saltkvarnir - 30% afsláttur

Canton hátalarar með 50% afslætti

DENON · TOSHIBA · Panasonic · CANTON · KitchenAid · GAGGIA

SEVERIN · Amana · De Dietrich · Brandt · Blomberg · Saeco

Silit · QED · LACOR · WilliamBounds · caffè KIMBO · danesi caffè

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

**SALVADOR DALÍ LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1989.**

*„Sex ára langaði mig að verða kokkur. Sjö ára langaði mig að verða Napóleon og metnaður minn hefur aukist statt og stöðugt síðan þá.“*

***Salvador Dalí var spænskur listamaður sem aðallega er þekktur fyrir fíngerð súrrealísk málverk.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 23. JANÚAR 1973

## *Gos hófst í Heimaey*

Gos hófst á þessum degi í Heimaey árið 1973 en lítill sem enginn fyrirvari var á því. Tvær litlar jarðskjálftahrinur höfðu átt sér stað á undan en talið var að upptök þeirra væru við Veiðivötn.

Þeir Hjálmar Guðnason og Ólafur Gräns urðu fyrstir gossins varir. Þeir voru í göngutúr uppi á Helgafelli þegar jörðin opnaðist og gos hófst.

Á innan við klukkustund var búið að vekja alla bæjarbúa og koma þeim niður að bryggju, þar sem björgunarstörf hófust. Allir bátar Vestmannaeyja voru í landi þar sem óveður hafði gert daginn áður. Hafist var handa við að selflytja fólk í land og bátar sem voru á veiðum á nálægum slóðum komu til hjálpar. Allir íbúar eyjarinnar voru komnir til lands morguninn eftir að gosið hófst fyrir utan þá hátt í þrjú hundruð sem sinntu störfum í Eyjum.

Því var formlega lýst yfir að gosinu væri lokið hinn 3. júlí. Í kjölfarið hófst skipulagt hreinsunarstarf í Vestmannaeyjum af fullum krafti. Gekk það starf framar vonum og í lok ágúst var búið að hreinsa meirihluta bæjarins af ösku.



## MERKISATBURÐIR

**1907** Jón forseti, fyrsti togarinn sem er smíðaður fyrir Íslendinga, kemur til landsins.

**1915** Gullfossi, fyrsta skipi Eimskipafélags Íslands, er hleypt af stokkunum í Kaupmannahöfn. Skipið kemur til landsins þremur mánuðum síðar.

**1978** Sænsk stjórnvöld banna notkun á gasi í þrýstihylkjum. Talið er að það skaði ósonlagið.

**1979** Fyrsti reyklausi dagurinn er haldinn á Íslandi.

**1988** Mesta frost í sjötíu ár, 32,5 gráður, mælist í Möðrudal á Fjöllum.

**2007** Ríkisútvarpinu er breytt í opinbert hlutafélag.



**INNRÉTTINGAHÚSIN LIFNA VIÐ** Arkitektinn Stefán Örn Stefánsson mun hefja fyrirlestraröðina með því að tala um Innréttingahúsin í Aðalstræti. MYND/MINJASAFN REYKJAVÍKUR

## Upphaf þéttbýlis á átjándu öld

Minjasafn Reykjavíkur efnir til fyrirlestraraðar um Upphaf þéttbýlis í Reykjavík á átjándu öld á Landnámssýningunni Aðalstræti 16, þriðjudaginn 27. janúar til 7. apríl.

Stefán Örn Stefánsson arkitekt hefur leikinn á þriðjudag klukkan 17 og talar um Innréttingahúsin í Aðalstræti. Fimm aðrir fyrirlestrar fylgja í kjölfarið í febrúar, mars og apríl. Fyrirlesarar eru: Jón Ólafur Ísberg sagnfræðingur, Guðlaugur Rúnar Guðmundsson sagnfræðingur, Hjalti Hugason guðfræðiprófessor, Hrefna Róbertsdóttir sagnfræðingur og Áslaug Sverrisdóttir sagnfræðingur. Nánari upplýsingar fást hjá Minjasafni Reykjavíkur. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



Jóhanna Kristjánsdóttir segir að straumhvörf hafi orðið í hugsunarhætti Íslendinga hvað varðar heilsu á þeim þrjátíu árum sem verslunin hefur starfað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HEILSUHÚSIÐ:** FAGNAR 30 ÁRA AFMÆLI MEÐ ÚTGÁFU OG FYRIRLESTRARÖÐ

## Ekki lengur skrítnar skrúfur

Heilsuhúsið er þrjátíu ára en það var stofnað af Erni Svavarssyni árið 1979. Fyrsta verslunin var opnuð að Skólavörðustíg 1a en í dag eru þær orðnar sex, fjórar á höfuðborgarsvæðinu, ein á Selfossi og ein á Glerártorgi á Akureyri.

„Á þeim 30 árum sem verslunin hefur verið starfrækt hafa orðið straumhvörf í hugsunarhætti Íslendinga hvað varðar heilsu og allt sem henni tengist,“ segir Jóhanna Kristjánsdóttir, rekstrarstjóri Heilsuhússins, sem hefur starfað hjá fyrirtækinu í 21 ár. „Í upphafi var verslunin litin hornauga og fólk sem þar vann og verslaði talið skrítnar skrúfur. Þetta hefur mikið breyst og nú þykir það merki um heilbrigði og hreinlega flott að hugsa um heilsuna.“

Hún segir mestar breytingar hafa orðið á viðhorfi landsmanna undanfarin tíu ár eða svo. Að hennar mati má að mestu rekja breytingarnar til aukins framboðs á upplýsingum um samspil líkamlegrar og andlegrar vellíðunar og næringar. „Fólk er orðið meðvitaðra um hvað það hefur mikið um eigin heilsu að segja. Flestir vita hversu mikilvægt það er að huga að mataræði og hreyfingu en fólk er auk þess farið að gera sér grein fyrir mikilvægi þess hvernig við hugsum, bæði um okkur sjálf og umhverfið,“ segir Jóhanna.

Heilsuhúsið hefur innleitt ýmsar nýjungar í gegnum tíðina sem spanna allt frá lífrænt ræktuðu korni til umhverfisvænna hreinlætisvara. Þá hefur verslunin haft þá sérstöðu að þar starfar sérhæft starfsfólk sem getur veitt einstaklingsmiðuð ráð og leiðbeiningar. „Við lítum á það sem okkar hlutverk að færa fólki upplýsingarnar. Það veit ekki alltaf hvar það á að leita þeirra og viljum við koma til móts við það.“

Í tilefni afmælisins stendur Heilsuhúsið fyrir margs konar útgáfu og kom til að mynda vegleg afmælisútgáfa af Heilsufréttum út fyrir skemmstu en blaðið hefur komið út tvisvar á ári undanfarin ár. Þá sendir fyrirtækið út rafrænt fréttabréf tíu mánuði ársins til meðlima í íbúaklúbbi Heilsuhússins. Auk þess verður á árinu boðið upp á hin ýmsu fræðsluerindi, fyrirlestra og námskeið tengd heilsu.

„Við byrjum á fyrirlestra- og námskeiðsröð nú í janúar og febrúar þar sem meðal annars verður fjallað um mataræði, blómadropa, barnamat og samspil manns og náttúru. Í mars og apríl ætlum við svo að beina sjónum að vorinu og sumrinu og bjóða upp á námskeið í gróðursetningu og garðrækt. Í haust einbeitum við okkur svo að uppskerunni og verðum með matreiðslunámskeið sniðin að henni.“

vera@frettabladid.is

# 85 ára afmæli

Hjartkærar þakkir til allra þeirra sem glöddu mig á einn eða annan hátt á 85 ára afmælisdegi mínum.

Kær kveðja,

**Árni B. Tryggvason**

leikari og trillukarl



†

*Elskuleg móðir og stjúpmóðir okkar,*

**Jónea Samsonardóttir**

Háaleitisbraut 117, 108 Reykjavík,

sem andaðist hinn 16. janúar verður jarðsungin frá Fossvogskirkju hinn 26. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast hinnar látnu eru vinsamlegast beðnir um að láta Umhyggju, félag langveikra barna, njóta þess. Reikningur: 0101 15 371020, kennitala 581201 2140.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar, börn hinnar látnu.**

## Formennska í fjórða sinn

Sigríður Ingvarsdóttir hefur verið skipuð formaður stjórnar Caritas, hjálparsamtaka Kaþólsku kirkjunnar, til næstu fimm ára af kaþólska biskupnum í Reykjavík, Pétri Bürcher. Er þetta hennar fjórða formennskutímabil.

Sigríður hefur annast styrktartónleika Caritas undanfarin ár en þeir eru orðnir þekktur viðburður í tónlistarlífinu á hverju hausti í Reykjavík. Þess má geta að hún starfaði fyrir uppboðshús Sotheby's á Íslandi árum saman.

Caritas-samtökin hafa tekið virkan þátt í hjálparstarfi hérlendis síðustu ár. Reykjavíkurbiskup leggur ríka áherslu á að því verði haldið áfram.

Með Sigríði í stjórn Caritas sitja séra Patrick Breen, sóknarprestur Kristskirkju, Gyða Magnúsdóttir, Jóhanna Long og Karl Smith.



Sigríður Ingvarsdóttir hefur annast styrktartónleika Caritas undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**NAFNIÐ MITT:** GÍSLI GALDUR ÞORGEIRSSON

# *Gilli Galli og Gilbert Sauber*

Þegar Gísli Galdur Þorgeirsson, tónlistarmaður og plötusnúður, er inntur eftir því hvernig standi á því að hann heiti Galdur bendir hann á móður sína, Guðrúnu Gísladóttur leikkonu.

„Ég held að það væri sniðugra að tala um þetta við mömmu, henni datt þetta í hug. Ég man ekki hvort einhver sérstök ástæða var fyrir þessu nafni en veit að það var hins vegar mikið vesen að fá þetta í gegn því enginn hét þetta. Mannanafnanefnd neitaði en mamma fékk prest með sér í lið sem skírði mig og þegar það var búið gátu þeir ekki neitað nafninu."

Gíslanafnið kemur frá móðurafa Gísla Galdurs en hann kannast ekki við að neinir galdramenn leynist innan fjölskyldunnar nema þá helst mamma hans. „Mamma galdrar bara á sviðinu, listamenn eru náttúrlega alltaf svo klikkaðir en yngsti sonur mömmu heitir einmitt Ísleifur Eldur."

Gísli Galdur segist ekki hafa orðið fyrir neinum óþægindum vegna nafnsins. Hann er ánægður með að heita svo sterku nafni og upplífði enga stríðni vegna þess í æsku. „Það er ekki hægt að finna neitt móðgandi við nafnið. Ég hef alla tíð verið sáttur við það en hef verið kallaður endalausum útúrsnúningum. Sumir kalla mig Galdur, aðrir Gísla Galdur eða Gilla Galla, Galdra eða Magic. Sumir kalla mig líka Gilbert Sauber. Það eru mismunandi vinahópar sem kalla mig mismunandi nöfnum og ég er alveg sáttur við þau. Það er alltaf gaman að fá ný viðurnefni. Núna heita nokkrir á landinu Galdur svo ég er því miður ekki lengur sá eini, en ég er guðfaðirinn. **- rat**



Gísli Galdur Þorgeirsson kannast ekki við að galdramenn leynist í fjölskyldunni aðrir en móðir hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

# Ásgeirsmót í Tungudal

Ásgeirsmót í alpagreinum verður haldið á skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal sunnudaginn 25. janúar. Mótið er fyrir alla aldurshópa en yngstu krakkarnir fá að spreyta sig í leikjabraut á barnasvæðinu meðan eldri krakkarnir keppa í svigi.

Mótið er haldið til minningar um Ásgeir Kristján Karlsson frá Hnífsdal sem lést í fiskiróðri árið 1966. Það var fyrst haldið árið 1967 og árlega til ársins 1978. Það var síðan endurvakið árið 2005 af afkomendum Ásgeirs og hefur verið haldið árlega síðan.

Áður fyrr var keppt um farandbikar í karlaflokki en nú er einnig keppt um kvennabikar.

Frétt af vef www.bb.is en nánari upplýsingar eru á www.snjor.is.



Keppt verður í alpagreinum í Tungudal á sunnudag.

---



✝

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, sonar og tengdaföður,*

**Lúðvíks Friðrikssonar**
verkfræðings, Sóleyjarrima 19, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimahlynningar, 11-E og allra þeirra sem lögðu hönd á plóg.

**Áshildur Þorsteinsdóttir**
**Kristín Guðrún Lúðvíksdóttir**
**Anna Sigga Lúðvíksdóttir**
**Þorsteinn Lúðvíksson** **Marta Silfá Birgisdóttir**
**Friðrik Ólafsson** **Kristín Lúðvíksdóttir**

---

✝



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Guðlaugar Brynju Guðjónsdóttur**
Laugarásvegi 20, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 5. hæðar á hjúkrunarheimilinu Skjóli fyrir frábæra umönnun og hlýju.

**Guðjón Jens Guðjónsson** **Shelly Ólafsson**
**Bryndís Guðjónsdóttir** **Guðjón Baldursson**
**Brynja Guðjónsdóttir**
**Ása Björk Guðjónsdóttir** **Daniel Oates**
**Ólafur Kjartan Guðjónsson**
**og barnabörn.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bjarni Björnsson**
Álfalandi 8, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 19. janúar. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 27. janúar kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Sóltúns.

**Valgerður Gísladóttir**
**Sólborg Bjarnadóttir** **Sigurður Júlíus Kristinsson**
**Dagbjört Bjarnadóttir** **Páll Högnason**
**Hjalti Bjarnason** **Kristín Kristjánsdóttir**
**Sigríður Bjarnadóttir** **Jón Orri Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elísabet Guðjónsdóttir**
Sóltúni 2 , Reykjavík,

lést að heimili sínu miðvikudaginn 21. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Kristján S. Baldursson**
**Elsa Baldursdóttir** **Kristján Guðmundsson**
**Guðjón Baldursson** **Bryndís Guðjónsdóttir**
**Birgir Bragi Baldursson**

---

✝



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, systir og mágkona,*

**Regína Anna Hallgrímsdóttir (Bíbí)**
frá Búðardal, síðast til heimilis að Lindargötu 57,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 26. janúar kl. 15.00. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 12 E á Landspítalanum við Hringbraut fyrir umönnun og hlýhug í hennar garð.

**Hallgrímur Guðmundsson** **Súsanna Dubrowsky**
**Sólrún Hjálmarsdóttir** **Dave Zimmermann**
**Vilmundur Hjálmarsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---

**Helgi Hálfdanarson**
frá Sauðárkróki, Máshólum 19, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 20. janúar. Útför verður ekki auglýst. Að ósk hans eru blóm, kransar og umfram allt hvers konar eftirmæli vinsamlega afþökkuð.

---



✝

*Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,*

**Jónatan Hall**
Hátúni 12, Reykjavík,

lést að kvöldi 20. janúar. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 27. janúar kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hans er bent á Sjálfsbjörg.

**Garðar Hall** **Rannvá Kristina Hansen**
**Brynhildur Hall** **Jónas Egilsson**
**Guðrún Hall** **Agnar Einarsson**
**Jónas Hall** **Ólafía Jónsdóttir**
**Hjördís Anna Hall** **Sigurjón Stefánsson**
**og afabörn.**

---

✝



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Huldars Ágústssonar**
Þjóðbraut 1, Akranesi.

**Helga Margrét Aðalsteinsdóttir**
**Erling Steinar Huldarsson** **Áslaug Ólafína Harðardóttir,**
**Aðalsteinn Huldarsson** **Elísabet S. Kristjánsdóttir,**
**Ingibjörg Guðný Huldarsdóttir** **Ólafur Björn Gunnarsson**
**og afabörn.**

---

✝



*Innilegar þakkir færum við öllu því góða fólki sem sýndi okkur hlýhug og velvild við andlát ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Jónínu Lilju Waagfjörð (Stellu),**
hjúkrunarfræðings, frá Garðhúsum, Vestmannaeyjum, áður til heimilis að Rauðalæk 25.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Víðinesi fyrir yndislega hlýju og umhyggju síðustu æviárin.

**Kristín Dóra Karlsdóttir** **Hallur Birgisson**
**Sólveig Ásta Karlsdóttir** **Allan Deis**
**Stella, Tinna, Kalli, Freyja og Anna Björk.**

---

✝



*Elsku, hjartans mamma okkar, dóttir, systir, mágkona og frænka,*

**Valgerður (Vallý) Árný Einarsdóttir,**
Hvassaleiti 24,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi hinn 21. janúar.

**Aníta Rut Erlendsdóttir** **Sylvía Margrét Cruz**
**Einar Róbert Árnason** **Margrét Guðmundsdóttir**
**Ingunn St. Einarsdóttir** **Þorsteinn Auðunn Pétursson**
**Margit Elva Einarsdóttir** **Guðmundur Emil Jónsson**
**Róbert Örn Einarsson** **B. Anný Baldursdóttir**
**og frændsystkini.**

---

✝



*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur og afi,*

**Þorvaldur Ólafsson**
húsasmíðameistari, Iðalind 1, Kópavogi,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 20. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigríður Kjartansdóttir**
**Kristbjörg E. Þorvaldsdóttir** **Sigurjón Fjeldsted**
**Andrea S. Þorvaldsdóttir** **Bjarni R. Garðarsson**
**Ásdís B. Þorvaldsdóttir** **Björn K. Sigurþórsson**
**Erna Gunnarsdóttir**
**og afabörn.**






NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

# Gunnlaugsson-heilkennið

Áður en kunningi minn hitti Valdimar tengdaföður sinn í fyrsta sinn hafði hann verið varaður við því að tengdapabbinn væri sláandi líkur Hrafni Gunnlaugssyni. Kunningjanum var ráðlagt að minnast ekkert á Hrafn í nálægð við Valda, því það pirraði hann mjög að vera sífellt minntur á tvífara sinn. „Ekkert mál,“ hugsaði kunninginn með sér.

En eftir því sem fyrsti hittingur tengdafeðganna nálgaðist hófu óþægilegar hugsanir að sækja á kunningjann, jafnt í svefni sem vöku. Myndi hann klúðra þessu? Myndi hann bregðast nýju tengdafjölskyldunni með því að minnast á Hrafn Gunnlaugsson svo Valdi heyrði til? Yrði hann útskúfaður? Fátt annað komst að í huga kunningjans síðustu dagana fyrir fundinn kvíðvænlega. „Ekki minnast á Hrafn Gunnlaugsson“ varð að möntru sem hann endurtók í sífellu.

Eftir allar vangavelturnar og magahnútana var í raun óhjákvæmilegt að stóra stundin endaði með skelfingu. Fyrsta setningin sem kunninginn sagði við Valda tengdaföður sinn var: „Komdu sæll Hrafn, gleður mig að kynnast þér.“

Geir Haarde ákvað snemma í kreppuferlinu að biðjast ekki afsökunar á sínum þætti í hruninu og boða ekki til kosninga. Hann hefur staðið við það, haldið sig við sína möntru og sýnt af sér mikla staðfestu í hverju viðtalinu á fætur öðru. Engin afsökunarbeiðni hefur sloppið út og engar kosningar boðaðar. Geir hefur forðast Gunnlaugsson-heilkennið fimlega. Fer ekki að koma að því að hann snappi?



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið
Sýningar um helgina



Heiður
Joanna Murray-Smith
Magnað meistaraverk í Kassanum
frumsýn. 24/1 uppselt
sun. 25/1 uppselt

Sumarljós
Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
Hrífandi, einlæg og æsandi sýning
fös. 23/1 örfá sæti laus

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Hrífandi verk sem snertir okkur öll
★★★★ EB, FBL
lau. 24/1 uppselt
sun. 25/1 uppselt

Kardemommubærinn
Thorbjörn Egner
Frumsýning 21. febrúar
Miðasala í fullum gangi!

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ

# ÞRÆLGOTT Á ÞORRANUM



**30%** AFSLÁTTUR

LAMBAKÓTILETTUR M/RASPI FRÁ KJARNAFÆÐI

**1.609 kr./kg.**

MERKT VERÐ 2.298 KR./KG

**30%** AFSLÁTTUR

SÚRSUÐ EISTU FRÁ KJARNAFÆÐI

**2.098 kr./kg.**

MERKT VERÐ 2.998 KR./KG

**30%** AFSLÁTTUR

BLANDAÐUR SÚRMATUR Í EKTA SKYRMYSU, 1,3KG FRÁ KJARNAFÆÐI

**1.609 kr./fatan**

MERKT VERÐ 2.298 KR./FATAN



**20%** AFSLÁTTUR

SÉRVERKUÐ SVIÐ FRÁ VOPNAFIRÐI

**479 kr./kg.**

MERKT VERÐ 599 KR./KG



**40%** AFSLÁTTUR

TEXASBÚÐINGUR FRÁ KJARNAFÆÐI

**539 kr./kg.**

MERKT VERÐ 899 KR./KG



**1.349**

VÍKINGASTEIK FRÁ KJARNAFÆÐI

**10% AFSLÁTTUR**

MERKT VERÐ 1.499 KR./KG



**179**

RÓFUSTAPPA 350GR FRÁ KJARNAFÆÐI

**179 kr./dósin**



**398**

KJÖTFARS - FERSKT FRÁ KJARNAFÆÐI

**10% AFSLÁTTUR**

MERKT VERÐ 442 KR./KG

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MÁN. - FIM. 12:00-18:30, FÖS. 10:00-19:30, LAU. 10:00-18:30 OG SUN. 12:00-18:00.

> SPRINGSTEEN Í TÓNLEIKAFERÐ

Bruce Springsteen ætlar í tónleikaferð um Evrópu í sumar ásamt hljómsveit sinni E-Street Band til að fylgja eftir sinni nýjustu plötu, Working on a Dream. Kemur hún út 27. janúar. Þegar hafa tíu tónleikar verið staðfestir og verða þeir fyrstu 30. maí á Pink Pop-hátíðinni í Hollandi. Einnig ferðast Springsteen meðal annars til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Skrifar skáldsögu á ensku

„Ég er bara rétt að byrja, en markmiðið er að klára bókina á þessu ári og ég stend yfirleitt við það sem ég ætla mér,“ segir Guðjón Bergmann, jógakennari og rithöfundur, sem vinnur nú að nýrri skáldsögu á ensku sem kallast The Search. „Þetta er sjálfsævisöguleg skáldsaga, sem fjallar um leitina að tilganginum í lífinu, hvernig hlutirnir eru ekki alltaf eins og þeir sýnast og hvernig hversdagsleikinn getur verið merkilegur. Margar af þeim hugmyndum sem ég hafði um hvað það var að vera andlegur molnuðu í minni leit og með því að setja það fram í skáldsögu frekar en sjálfsævisögu get ég sett hlutina í samhengi út frá upplifunum karaktersins í stað þess að segja þá persónulega. Enda er ég allt of ungur til að skrifa sjálfsævisögu,“ segir Guðjón og hlær.

Aðspurður segist hann sjálfur lesa mest á ensku og finnst tungumálið opna fleiri möguleika hvað varðar útgáfu. „Ég skrifaði eina bók árið 2006 sem ég gaf út sjálfur á amazon.com og heitir Seven human needs. Það er mun erfiðara að koma sér á framfæri erlendis en býður samt upp á möguleikann á að ná til stærri hóps.

Persónulega les ég nánast bara á ensku og hef gert síðastliðinn tíu eða fimmtán ár. Allt tungutakið í kringum mínar upplifanir hefur verið í tengslum við enska kennara, bækur, námskeið eða vini, svo nýja bókin kemur mjög eðlilega á ensku,“ bætir hann við. **- ag**



**NÝ BÓK Á ÁRINU** Væntanleg bók Guðjóns Bergmann ber heitið The Search og er sjálfsævisöguleg skáldsaga. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK



**THE BAD SEEDS** Mick Harvey er hættur í hljómsveitinni eftir 25 ára starf.

# Yfirgefur Bad Seeds

Mick Harvey, einn af stofnendum hljómsveitarinnar Nick Cave and the Bad Seeds, hefur ákveðið að yfirgefa hljómsveitina. „Af ýmsum persónulegum og öðrum ástæðum hef ég ákveðið að hætta samstarfi mínu við Nick Cave & the Bad Seeds,“ sagði í yfirlýsingu frá Harvey. „Eftir 25 ár yfirgef ég hljómsveitina á einum af mörgum hápunktum hennar; í mjög heilbrigðu ásigkomulagi og með frábærar framtíðarhorfur.“

Harvey fæddist í Ástralíu og kynntist Nick Cave og Phil Calvert, trommara The Bad Seeds, í skóla í Melbourne. Eftir að hljómsveitin var stofnuð árið 1983 hefur hún notið mikilla vinsælda. Síðasta plata hennar, Dig Lazarus, Dig!!!, kom út í fyrra.

# Benjamin með 13 Óskarstilnefningar

**Rómantíska fantasían The Curious Case of Benjamin Button hlaut þrettán tilnefningar til Óskarsverðlaunanna í ár. Næst á eftir kom Slumdog Millionaire með tíu tilnefningar.**

Báðar ofantöldu myndirnar voru tilnefndar sem besta myndin ásamt Frost/Nixon, Milk, The Reader og Slumdog Millionaire.

The Dark Knight var aftur á móti ekki tilnefnd eins og svo margir höfðu vonast eftir. Hún fékk engu síður átta tilnefningar, þar á meðal Heath Ledger sem besti aukaleikarinn, en engar í stærstu flokkunum. Tilnefning Ledgers kom nákvæmlega ári eftir að hann lést af völdum of stórs lyfjaskammts. Margir telja að hann eigi Óskarinn vísan, enda þótti hann standa sig einkar vel sem Jókerinn eins og Golden Globe-verðlaun hans bera vitni um. Fái Ledger verðlaunin verður það í annað sinn sem leikari fær Óskarinn eftir dauða sinn. Sá fyrsti var Peter Finch árið 1976 fyrir hlutverk sitt í Network.

Sem besti aðalleikarinn voru tilnefndir Brad Pitt (Benjamin Button), Frank Langella (Frost/Nixon), Sean Penn (Milk), Richard Jenkins (The Visitor) og Mickey Rourke (The Wrestler), sem vann einmitt Golden Globe-verðlaunin á dögunum fyrir hlutverkið.

Kate Winslet, sem vann tvenn Golden Globe-verðlaun, var tilnefnd sem besta leikkonan fyrir hlutverk sitt í The Reader ásamt þeim Anne Hathaway (Rachel Getting Married), Melissa Leo (Frozen River), Angelinu Jolie (Changeling) og Meryl Streep (Doubt), sem hlaut þarna sína fimmtándu Óskarstilnefningu.

Í flokknum besti leikarinn í aukahlutverki voru tilnefndir auk Heaths Ledger, þeir Josh Brolin (Milk), Robert Downey Jr. (Tropic Thunder), Philip Seymour Hoffman (Doubt) og Michael Shannon (Revolutionary Road). Í kvennaflokki fengu þær Amy Adams (Doubt), Penélope Cruz (Vicky Christina Barcelona), Viola Davis (Doubt), Taraji P. Henson (The Curious Case of Benjamin Button) og Marisa Tomei (The Wrestler) tilnefningar.

Þá voru Wall-E, Bolt og Kung Fu Panda tilnefndar sem bestu teiknimyndirnar og einnig voru Entre les murs (Frakklandi), Okuribito (Japan), Revanche (Austurríki), Vals im Bashir (Ísrael) og Der Baader Meinhof Komplex (Þýskalandi) tilnefndar sem bestu erlendu myndirnar.

Óskarsverðlaunin verða afhent í 81. sinn í Kodak-leikhúsinu í Hollywood 22. febrúar.



**THE CURIOUS CASE OF BENJAMIN BUTTON** Brad Pitt hefur verið tilnefndur til Óskarsins fyrir hlutverk manns sem fæðist gamall og yngist eftir því sem árin líða.

| BESTA MYNDIN |
| --- |
| Slumdog Millionaire |
| The Reader |
| The Curious Case of Benjamin Button |
| Frost/Nixon |
| Milk |


# Kellogg's Special K kemur mér á sporið

Við fjölskyldan borðum alltaf morgunmat, eins og t.d. **Kellogg's Special K.** Það auðveldar mér líka að komast á sporið á ný eftir jólaboðin og áramótin. Með vel samsettum morgunmat hættir mér líka miklu síður til að detta í óhollustu á miðjum morgni eða fituríkan skyndibita í hádeginu. Eftir allt laufabrauðið og heimagerða konfektið mitt yfir jólin er frábært að eiga gómsæta Special K stöng að grípa til. Þá þarf ég heldur ekki að hafa neinar áhyggjur af því að innbyrða of margar hitaeiningar.







## Mig langar til að ...

... geta verið löt að loknum vinnudegi þegar börnin eru sofnuð enda eru letiköst eitt helsta áhugamál mitt. Í sjónvarpssófanum með **Kellogg's Special K bliss** og góða bíómynd. Er það ekki bara allt í lagi?

Kristjana Guðbrandsdóttir, blaðamaður og móðir

Kellogg's Special K

specialk.is

Fiton/SÍA FI024291



**LJÚFT INDÍPOPP** Hljómsveitin Nóra var í hljóðveri.

# Nóra græðir á kreppunni

Bandaríkjamaðurinn Seanie Blue var svo ánægður með hljómsveitina Nóru að hann borgaði hljóðverstíma undir sveitina. „Þetta er náungi sem kom hingað fyrir löngu en kom svo aftur núna í kreppunni. Hann segist hrífast svo af sköpunarkraftinum sem hann segist finna í ástandinu hérna núna,“ segir Auður Viðarsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Nóru.

Seanie Blue hefur fengist við sjónvarpsþáttagerð og ljósmyndun og bloggar um upplifun sína á Íslandi. „Þetta er ægilegur töffari og talar rosalega mikið og „name-droppar“ alls konar „underground“-liði,“ segir Auður.

„Hann hitti frænda okkar á borgarafundi sem sagði honum að hlusta á lögin okkar á mæspeis (myspace.com/noraband). Svo fékk hann að koma á æfingu hjá okkur. Við tókum „Guns of Brixton“ eftir Clash og okkar eigin lög og hann heimtaði að fá að borga undir okkur stúdíótíma. Það var auðvitað sjálfsagt. Við vorum í Hljóðrita langt fram á nótt og tókum upp eitt lag, Skóflaðu mig, og svo grófar útgáfur af fleiri lögum. Það er auðvitað gaman að fá viðbrögð og flott að einhver vilji borga fyrir okkur hljóðverstíma.“

Hljómsveitin Nóra spilar ljúft indípopp og hefur verið starfandi í eitt og hálft ár. Auður segir að þau hafi verið dugleg að spila á síðasta ári og ætli að setja allt aftur í gang í febrúar. - drg



**SPENNT FYRIR WEST END** Tom Cruise og Katie Holmes íhuga nú að flytjast til Englands til að geta tekið að sér hlutverk í leikritum á West End.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Vilja bæði leika á sviði

**Stjörnuparið Tom Cruise og Katie Holmes íhugar nú að flytja til London. Ástæðan er sú að þau vilja bæði taka að sér hlutverk í leikritum á West End. Katie Holmes lék nýlega í leikverki Arthurs Miller, All My Sons, á Broadway og naut þess svo að hún vill gjarnan taka að sér meiri sviðsleik. Cruise, sem þekktur er fyrir hlutverk í kvikmyndum á borð við Top Gun og Mission Impossible, vill gjarnan feta í fótspor eiginkonunnar. Krúsi er tilbúinn til að flytjast til London.**

**„Það myndi vera frábært. Katie var alveg frábær á Broadway og það myndi vera einstakt að vinna á West End. Þetta er auðvitað eitthvað sem má skoða fyrir okkur bæði. Ég held að við myndum kunna vel við okkur í Bretlandi, þrátt fyrir kuldann!“ segir Tom Cruise.**

# Kraftmikill Hjörvar

A Copy of Me er önnur plata Hjörvars Hjörleifssonar, en þá fyrri, Paint Peace sem kom út árið 2004, gerði hann undir listamannsnafninu Stranger. Hún fékk góðar móttökur og var meðal annars tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Paint Peace var tekin upp í heimahljóðveri Hjörvars, en A Copy of Me tók Hjörvar upp ásamt hljómsveit í Puk Recording Studios í Danmörku. Hljómsveitin sem spilar með Hjörvari er ekki af verri endanum, en í henni eru þeir Addi, Guðni og Tobbi úr Dr. Spock og Hrafn úr Ensími, en í einstaka lögum koma að auki við sögu Barði Jóhannsson sem spilar á gítar, Lára Rúnarsdóttir sem bakraddar og fleiri.

Tónlist Hjörvars er undir töluverðum áhrifum frá yfirlýstum áhrifavöldum hans eins og Depeche Mode og Gary Numan, en sterkust eru áhrifin að mínu mati frá David Bowie. Söngrödd Hjörvars minnir töluvert á Bowie og lagasmíðarnar og útsetningar sömuleiðis, hvort sem Hjörvar tekur þessi áhrif beint frá Bowie eða í gegn um fyrrnefnda listamenn.

Styrkur Hjörvars er sem fyrr fínar lagasmíðar og góður söngur, en að auki hefur mikið verið gert til þess að búa til flottan hljóm á A Copy of Me. Platan hefur sterkan heildarsvip, en hún er alls ekki einsleit; lögin hafa hvert sinn karakter. Þannig setur hrátt bassasánd til dæmis sterkan svip á News For Everyone, hljómborð og rafmagnsgítarar einkenna A Copy of Me, í See the Sea og Mothers er píanó grunnhljóðfærið og í Bring Out The Dead fær kassagítarinn að njóta sín. Lögin eru mishörð og hröð, en það er kraftur í þeim öllum.

Á heildina litið er hér komin fín plata frá listamanni sem fer sína eigin leið og stendur greinilega á saman um það hvort tónlistin hans fellur að tískustraumum samtímans eða ekki.

**Trausti Júlíusson**



**TÓNLIST**

**A Copy of Me**

Hjörvar

★★★★

Styrkur Hjörvars eru fínar lagasmíðar, góður söngur og flottur hljómur. Kraftmikil plata frá listamanni sem fer sínar eigin leiðir.


Enn meiri verðlækkun

4 fyrir 2

Lokahelgi

Útsölumarkaðurinn Grensásvegi 15

**Opið** laugardag 11 - 18 // sunnudag 12 - 17

NOA NOA

next

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| UNDERWORLD 3 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SEVEN POUNDS D | kl. 10.30 | L |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 | L |
| AUSTRALIA D | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SAGAN / ENSKUR TEXTI | kl. 5.45 | L |
| C. R. A. Z. Y. / ENSKUR TEXTI | kl. 8 | L |
| SKÓLABEKKURINN / ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 | L |
| NIÐDIMM NÓTT / ENSKUR TEXTI | kl. 10.20 | 12 |
| REVOLUTIONARY ROAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEVEN POUNDS | kl. 8 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| UNDERWORLD 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| TAKEN | kl. 8 - 10 | 16 |
| AUSTRALIA | kl. 6.30 - 10 | 12 |
| INKHEART | kl. 5.50 | 10 |
| TRANSPORTER 3 | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| UNDERWORLD 3 | kl. 8 - 10 | 16 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 6 | L |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR



NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| REVOLUTIONARY ROAD | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 12 |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 12 |
| CHANGELING | kl. 10 | 16 |
| BOLT 3D - ÍSLENSKT TAL | kl. 4 | L |
| INKHEART | kl. 4 | 10 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA | kl. 4 | L |
| TAKEN | kl. 6 og 8 | 16 |



SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ROLE MODELS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| ROLE MODELS | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| BEDTIME STORIES | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| BEDTIME STORIES | kl. 3:40 - 5:50 | VIP |
| ROCKNROLLA | kl. 10:20 | 16 |
| CHANGELING | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| YES MAN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| THE SPIRIT | kl. 10:20 | 12 |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| CITY OF EMBER | kl. 3:40 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:50 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ROLE MODELS | kl. 6:10 - 8:20 - 10:30 | 12 |
| BEDTIME STORIES | kl. 4D - 6:10D | L |
| ROCKNROLLA | kl. 8:10D - 10:30D | 16 |
| YES MAN | kl. 8:20 - 10:30 | 7 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 4(3D) DIGTAL-3D | L |
| BOLT 3-D m/Ensku tali | kl. 6:10(3D) DIGTAL-3D | L |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 6 - 8 | L |
| TRANSPORTER 3 | kl. 10:10 | 16 |
| BOLTI m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| INKHEART | kl. 8 | 10 |
| THE SPIRIT | kl. 10:10 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ROLE MODELS | kl. 8 - 10 | 12 |
| YES MEN | kl. 6 | 7 |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| BEDTIME STORIES | kl. 8 | L |
| ROCKNROLLA | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ROLE MODELS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| BEDTIME STORIES | kl. 5:50 | L |
| CHANGELING | kl. 8 | 16 |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SparBíó 850kr Á DIGITAL 3D MYNDIR MERKTAR MEÐ GRÆNU




NÝ STURLUNGAÖLD Benedikt segir ýmislegt svipað með ástandinu nú og þegar Sturlungaöld var. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Sturlunga vaknar til lífsins

**Benedikt Erlingsson leikari vinnur að heimildarþáttum um Sturlungaöld. Tökur hefjast líklega í sumar.**

„Fyrsta uppkast er komið,“ segir leikarinn Benedikt Erlingsson sem vinnur nú að gerð heimildarþáttaraðar um Sturlungaöld. Þættirnir verða sjö talsins, farið verður á sögustaði og lykilatburðir endurgerðir. „Þetta verður reyndar ekki eins og í öðrum heimildarþáttum, þar sem einhverjir menn eru klæddir í miðaldabúninga og látnir leika. Heldur verður þetta svona svipað og þegar lögreglan rannsakar vettvang glæps nema með ábúendur í aðalhlutverki, fólkið sem býr þarna núna,“ útskýrir Benedikt og bætir við að menn fái eflaust að segja eitthvað áður en þeir stinga járnum hver í annan.

Sumir hafa jafnvel fleygt því fram að ný Sturlungaöld sé í sjónmáli. Benedikt er ekki alveg reiðubúinn að kvitta upp á það. Og þó. „Sturlungaöld var auðvitað upphafið að sjálftökusamfélaginu þegar þjóðveldið riðaði til falls og jafnvægi þjóðfélagsins riðlaðist. Stórhöfðingjar urðu til og okkar forni fjandi, fákeppnin, birtist þarna fyrst.“ Og það er auðveldlega hægt að finna fleiri samlíkingar að sögn Benedikts; Baugs- og Björgólfsfeðgar væru Haukdælir og Svíndælingar okkar tíma og samningurinn við Noregskonung ekkert annað en innganga í Evrópusambandið. „En þetta veltur auðvitað allt á því hvernig menn kjósa að lesa í og túlka sögu okkar.“ Benedikt hefur þegar fengið styrk úr Kvikmyndasjóði og hefur verið í góðu sambandi við Ríkissjónvarpið um sýningar og framleiðslu á þáttaröðinni og er bjartsýnn á að tökur geti hafist í sumar.

**freyrgigjafrettabladid.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 23. janúar**

### Kvikmyndir

**Frönsk kvikmyndahátíð** stendur yfir í Háskólabíói 16.-29. jan. Nánari upplýsingar á www.graenaljosid.is og www.midi.is.

### Leiklist

**20.00** Leikverkið **Janis 27** eftir Ólaf Hauk Símonarson er sýnt í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti.

**20.00** Leikverkið **Dubbeldusch** eftir Björn Hlyn Haraldsson er sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu, Strandgötu 50, Hafnarfirði.



### Tónlistarhátíð

**Undercover Music Lovers** á Íslandi standa fyrir tónlistarhátíð 23-25. jan. þar sem fjöldi tónlistarmanna kemur fram. Ókeypis verður á alla viðburði. Nánari upplýsingar á www.myspace.com/melodicaiceland.

### Sýningar

Í START ART listamannahúsi við Laugaveg 12b sýnir **Árni Bartels** abstraktmálverk á báðum hæðum hússins og **Sveinbjörg Jónsdóttir** sýnir verk í Vestursal. Opið þri.-lau. kl. 13-17.

**Kristján Steingrímur** sýnir verk í Listasafni ASÍ við Freyjugötu 41. Opið alla daga nema mánudaga kl. 13-17.

### Dansleikir

Hljómsveitin **Skítamórall** spilar á Players, Bæjarlind 4.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




# Mógil í tónleikaferð um Belgíu

Íslensk-belgíska hljómsveitin Mógil er á leiðinni í tónleikaferð um Belgíu í febrúar. Sveitin spilar tilraunakennda djasstónlist með þjóðlegu, klassísku ívafi og hlaut fyrsta plata hennar, Ró, tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna í ár.

„Þetta verða tónleikar á hverju kvöldi í heila viku. Þetta verður æðislegt," segir söngkonan Heiða Árnadóttir. Meðal annars spila þau í hinu virta tónleikahúsi í Brussel, Salle Moliere.

Platan Ró kom út hjá belgíska útgáfufyrirtækinu Radical Duke síðasta haust og í kjölfarið fór Mógil í tónleikaferð um Holland, Belgíu og Lúxemborg. „Við fengum alveg frábærar viðtökur. Það var alltaf fullt hjá okkur," segir Heiða.



**MÓGIL** Heiða Árnadóttir, Hilmar Jensson, Ananta Roosens og Joachim Badenhorst.

Gagnrýnendur hafa hampað plötunni mjög og virðist Icesave-ævintýrið ekkert hafa komið í veg fyrir góða dóma. „Þrátt fyrir Kaupþing er besta belgíska platan í augnablikinu Ró með íslensku hljómsveitinni Mógil," sagði einn gagnrýnandinn. - fb

# Ný plata Benna kemur út í Japan

Murta St. Calunga, nýjasta plata Benna Hemm Hemm, er nýkomin út í Japan. Fyrirtækið Afterhours gefur plötuna út þar í landi í samstarfi við Kimi Records.

Mikil vinna hefur verið lögð í textaþýðingar og greinargóðar skýringar sem fylgja með plötunni og því greinilegt að miklar vonir eru bundnar við útgáfuna.

Murta St. Calunga kom út síðasta sumar við góðar undirtektir og því má telja líklegt að Japanir eigi einnig eftir að taka plötunni opnum örmum.



**BENNI HEMM HEMM** Nýjasta plata Benna Hemm Hemm er komin út í Japan.



**LILY ALLEN** Söngkonan Lily Allen spilar á Glastonbury-hátíðinni í ár.

# Lily Allen á Glastonbury

Breska söngkonan vinsæla Lily Allen ætlar að spila á Glastonbury-tónlistarhátíðinni sem verður haldin í júní. „Ég elska Glastonbury," sagði hún. „Ætla ég að spila í ár? Það hefur ekki verið tilkynnt en ég hefði mikinn áhuga á því að spila klukkan sex á föstudeginum. Úps." Orðrómur er einnig um að Neil Young, Bruce Springsteen og Blur stígi á svið á hátíðinni. Nýlega bárust fregnir af því að þegar hefðu um 90 prósent miða á Glastonbury selst og því greinilegt að hátíðin hefur hvergi nærri misst sjarma sinn.



**MARIAH CAREY** Söngkonan vinsæla ætlar sér stóra hluti á hvíta tjaldinu í framtíðinni.

# Í dramatískri kvikmynd

**Nýjasta mynd söngkonunnar Mariuh Carey, Push, var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni um síðustu helgi. Carey fékk slæma gagnrýni fyrir frammistöðu sína í Glitter sem kom út 2001 og vill nú ólm sýna að hún hafi eitthvað fram að færa á hvíta tjaldinu.**

**Í hinni dramatísku Push, sem er byggð á metsölubók, leikur Carey konu sem aðstoðar móður á unglingsaldri við að glíma við erfiða fortíð sína. „Ég var mjög hrifin af bókinni þegar ég las hana, að ég held árið 1998, og síðan þá hefur hún verið greypt í minni mínu," sagði Carey. Hún er ekki eini popparinn sem leikur í myndinni því Lenny Kravitz kemur þar einnig við sögu.**




## > Hundrað prósent nýting á úrslitastundu

Helena Sverrisdóttir tryggði TCU 81-78 sigur á Wyoming með því að nýta öll sex vítin sín á síðustu 83 sekúndum leiksins. Helena lét ekki þunna loftið trufla sig en leikurinn fór fram í Laramie í Wyoming sem stendur í 2.184 metra hæð yfir sjávarmáli. Þetta var í fyrsta sinn sem TCU nær að vinna leik á þessum stað. Helena var með 21 stig, 8 fráköst og 4 stoðsendingar og TCU hefur nú unnið 4 af fyrstu fimm leikjum sínum í Mountain West-deildinni.



# sport

sport@frettabladid.is

**ANNA ÚRSÚLA GUÐMUNDSDÓTTIR:** MEIDDIST ILLA Á ÖKKLA OG ER HUGSANLEGA Á HEIMLEIÐ FRÁ DANMÖRKU

## *Farið að gera grín að því hversu óheppin ég er*



Það var stutt Danmerkurævintýri Önnu Úrsúlu Guðmundsdóttur sem gekk á dögunum til liðs við danska úrvalsdeildarliðið TEAM Esbjerg. Anna náði ekki að spila leik með liðinu áður en hún meiddist illa á ökkla á æfingu. „Ég missteig mig illilega á æfingu á þriðjudaginn. Ég er með trosnuð eða slitin ytri og innri liðbönd í hægri ökklanum. Það er örugglega langur tími þangað til að ég verð spilfær aftur,“ segir Anna Úrsúla en næstu skref eru í skoðun. „Við erum búin að vera að velta fyrir okkur hvort það væri ekki sniðugast fyrir bæði mig og liðið að ég komi bara heim og þeir finni annan leikmann í þennan tíma,“ segir Anna en hún er með ökklann í spelku og gengur um á hækjum. „Það heldur ekkert við ökklann. Það er eiginlega betra að þetta sé slitið því þá geta þeir bara saumað þetta. Það tekur oft lengri tíma að finna stöðugleikann aftur ef þetta er trosnað en ekki slitið,“ segir Anna sem er að ræða við félagið um hvað sé best að gera í stöðunni. „Þetta er svolítið dýrt fyrir bæði mig og liðið að halda uppi leikmanni sem getur ekki spilað og aðeins með hálfsárs samning. Ég get tekið endurhæfinguna heima þar sem ég er með miklu betri aðstöðu og einhver getur keyrt mig. Ég hefði samt ekki tekið illa í það að vera áfram hérna úti en fólk áttar sig kannski ekki á hversu mikinn tíma og pening þetta kostar fyrir félagið,“ segir Anna.

Anna Úrsúla tekur þessu áfalli af sönnum íþróttaanda og ætlar sér að koma aftur til baka. „Maður brosir bara í gegnum tárin. Ég er svo vön því að óheppnin elti mig þannig að fólk er bara farið að gera grín að mér. Það er ekkert hægt að gera nema standa upp og halda áfram,“ segir Anna og hún sér sig upplifa atvinnumannadrauminn einhvern tímann síðar. „Þetta er ekkert „mega“, alls ekki. Þetta er „bömmer“. Maður verður bara að halda áfram og reyna að komast aftur í sömu aðstöðu. Það er ekkert hægt að grenja yfir þessu en það tekur bara tíma að koma sér aftur á stað. Hvernig leikmaður væri maður ef maður gæfist bara upp við nokkrar hindranir?“ sagði Anna að lokum.



**FRÁBÆR** Kiril Lazarov (t.h.) er búinn að skora 53 mörk HM. NORDICPHOTOS/GETTY

HM í handbolta í Króatíu:

## Rússland og Spánn úr leik

**HANDBOLTI** Riðlakeppni HM í handbolta í Króatíu lauk í gær og þá var ljóst hvaða tólf lið komust inn í milliriðil.

Makedónar unnu 36-30 sigur á Rússum og skildu þá eftir í C-riðlinum en Makedónar sáu einmitt til þess að Íslendingar eru ekki á HM. Spánverjar komust heldur ekki áfram upp úr B-riðli eftir 23-24 tap á móti Kóreu í úrslitaleik um sæti í milliriðlinum. - óój

Gunnar Már Guðmundsson æfir með Crewe í viku:

## Lánssamningur á teikniborðinu

**FÓTBOLTI** Fjölnismaðurinn Gunnar Már Guðmundsson heldur út til æfinga hjá enska c-deildarfélaginu Crewe Alexandra á morgun en þar er Guðjón Þórðarson við stjórnvölinn. Ef allt gengur að óskum hjá Gunnari Má mun hann líklega gera lánssamning við félagið fram á sumar.

„Maður þorir ekki að vona of mikið en þetta kemur allt í ljós eftir þessa viku sem ég mun æfa með liðinu. Ef það gengur vel þá mun ég skrifa undir lánssamning við félagið og kem þá ekkert aftur heim fyrr en í maí,“ segir Gunnar Már.

Gunnar Már vakti verðskuldaða athygli fyrir spilamennsku sína með Fjölni síðasta sumar og fór meðal annars út til æfinga hjá norska félaginu Lyn í vetur.

„Maður hefur náttúrlega stefnt leynt og ljóst að því að fara út. Ég var líka sæmilega passífur í kringum jólin þannig að ég er ekkert of þungur, en maður mætti sjálfsagt vera léttari og það verður fljótt að koma,“ segir Gunnar Már á léttum nótum. - óþ



**GUNNAR MÁR** Gæti dvalið hjá Crewe fram í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR








**GRIMMIR** Örn Ingi Bjarkason og félagar í FH unnu toppliðið í gær. Hér sækir Örn að varnarmönnum Framara, Brjáni Bjarnasyni og Rúnari Kárasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Guttarnir stimpluðu sig aftur inn

**FH-ingar byrja nýja árið með stæl en þeir lögðu topplið Fram, 39-35, í gær. FH gaf eftir undir lok síðasta árs en mætir sterkara til leiks á nýju ári.**

**HANDBOLTI** Enginn skal afskrifa lið FH í baráttunni um titilinn. Liðið hefur styrkst í fríinu og spilaði flottan leik gegn toppliði Fram í gær og vann verðskuldaðan sigur, 39-35.

Viggó Sigurðsson, þjálfari Fram, kom nokkuð á óvart með því að geyma Rúnar Kárason á bekknum í upphafi og stilla Jóhanni Gunnari Einarssyni upp í skyttustöðunni hægra megin. Í horninu var síðan hinn rétthenti Guðjón Drengsson sem átti flottan leik.

Heimamenn voru talsvert grimmari framan af, keyrðu grimmt á hraðaupphlaupum og skoruðu úr 8 slíkum í fyrri hálfleik. Fram var alltaf að elta en sóknarleikur liðsins varð markvissari eftir að Rúnar kom inn fyrir Jóhann sem meiddist. Rúnar kom með mikla skotógnun og skoraði ein 6 mörk í hálfleiknum.

Sóknarleikur FH var nokkuð stirður framan af en skánaði er leið á og þá hitnaði Aron Pálmarsson einnig. FH-ingar voru duglegir að finna línuna þar sem Sigurður Ágústsson var sterkur. FH leiddi í leikhléi, 20-17, og munaði helst um markvörsluna sem var þolanleg hjá FH en lítil sem engin hjá Fram.

Fram byrjaði á því að taka Aron strax úr umferð í upphafi síðari hálfleiks. Davíð Svansson hrökk í gírinn og varði 20 skot í hálfleiknum. Það var ekki nóg fyrir Fram því sóknarleikurinn var afar brösóttur hjá þeim og þeir sífellt að elta, voru allt frá einu upp í fjórum mörkum á eftir. Aðeins munaði marki þegar sex mínútur lifðu leiks en taugar FH voru sterkari. Guðmundur Pedersen skoraði mikilvæg mörk sem og Aron undir lokin. Einnig munaði um innkomu Hilmars Guðmundssonar í markið en hann varði mikilvæga bolta. FH vann sanngjarnan fjögurra marka sigur og er búið að stimpla sig inn á nýjan leik.

„Þetta var hörkustuð og á bara eftir að verða skemmtilegra eftir því sem á líður,“ sagði landsliðsmaðurinn Bjarni Fritzson sem spilaði sinn fyrsta leik fyrir FH í gær. Hann vann sig vel inn í leikinn og komst vel frá sínu. „Það var gott að geta sett nokkur mörk og ekki ónýtt að byrja á því að leggja toppliðið að velli.“

Stefán Baldvin Stefánsson Framari spilaði sinn fyrsta leik í nokkra mánuði fyrir Fram en hann er aðeins með 15 prósenta sjón á öðru auganu. Hann ætlaði upprunalega að spila með gleraugu frá Valsaranum Sigfúsi Páli Sigfússyni en hætti við skömmu fyrir leik.

„Ég sá bara ekki neitt með þeim. Annars var gaman að koma aftur og þetta gekk ágætlega,“ sagði Stefán sem skoraði fín mörk í fyrri hálfleik en spilaði ekkert í þeim síðari. „Mig vantar spilform en gekk samt þokkalega, ég veit alveg hvar markið er enn þá,“ sagði Stefán léttur en hann var ekki kátur með leik sinna manna. „Við gátum ekkert. Ég veit ekki hvað var að en við vorum ekki tilbúnir í dag.“

henry@frettabladid.is

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *N1-deild karla*

FH - Fram 39-35 (20-17)

**Mörk FH (skot):** Aron Pálmarsson 9/1 (14/1), Guðmundur Pedersen 9/1 (15/3), Bjarni Fritzson 6/1 (13/1), Sigurður Ágústsson 4 (5), Hjörtur Hinriksson 3 (3), Ólafur Guðmundsson 3 (7), Hermann Björnsson 2 (3), Jónatan Jónsson 1 (1), Örn Ingi Bjakason 1 (2), Sigursteinn Arndal 1 (1).
**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 10 (36/2) 28%, Hilmar Þór Guðmundsson 5 (14) 36%.
**Hraðaupphlaup:** 12 (Bjarni 3, Guðmundur 3, Hjörtur 2, Ólafur, Sigurður, Aron, Hermann).
**Fiskuð víti:** 5 (Aron 2, Sigurður, Guðmundur, Jónatan). **Utan vallar:** 10 mín.
**Mörk Fram (skot):** Rúnar Kárason 11 (17), Guðjón Finnur Drengsson 9 (10), Halldór Jóhann Sigfússon 5/2 (8/2), Stefán Baldvin Stefánsson 4 (5), Andri Berg Haraldsson 2 (12), Brjánn Bjarnason 1 (1), Magnús Stefánsson 1 (1), Haraldur Þorvarðarson 1 (2), Jóhann Gunnar Einarsson 1 (2).
**Varin skot:** Davíð Svansson 23/2 (52/5) 44%, Magnús Erlendsson 3 (13) 23%.
**Hraðaupphlaup:** 6 (Rúnar 2, Guðjón 2, Stefán 2). **Fiskuð víti:** 2 (Andri, Magnús).
**Utan vallar:** 6 mín.
**Dómarar:** Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson, ágætir.

Haukar - Valur 25-23 (14-9)

**Mörk Hauka:** Sigurbergur Sveinsson 7/2 (16/3), Freyr Brynjarsson 4 (5), Elías Már Halldórsson 3 (5), Gunnar Berg Viktorsson 3 (5), Einar Örn Jónsson 3/1 (5/2), Andri Stefan 2 (4), Gísli Jón Þórisson 1 (1), Heimir Óli Heimisson 1 (1), Kári Kristján Kristjánsson 1 (3), Arnar Jón Agnarsson (1)
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 14/2 (34/4 41,2%), Gísli Guðmundsson 1 (4 25%)
**Hraðaupphlaup:** 8 (Freyr 2, Elías 2, Andri, Gunn ar, Heimir, Einar)
**Fiskuð víti:** 5 (Sigurbergur 2, Freyr, Elías, Kári)
**Utan vallar:** 6 mínútur
**Mörk Vals:** Fannar Þór Friðgeirsson 5/2 (10/2), Heimir Örn Árnason 4 (7/1), Orri Freyr Gíslason 3 (3), Arnór Þór Gunnarsson 3 (8/1), Sigfús Sigurðsson 2 (2), Hjalti Þór Pálmason 2 (2), Hjalti Gylfason 2 (4), Sigfús Páll Sigfússon 1 (2), Sigurður Eggertsson 1 (1), Ingvar Árnason (1), Elvar Friðriksson (4)
**Varin skot:** Ólafur Haukur Gíslason 3 (12/1 25%), Pálmar Pétursson 11/1 (27/3 40,7%)
**Hraðaupphlaup:** 7 (Heimir 2, Sigfús 2, Sigfús P., Sigurður, Fannar)
**Fiskuð víti:** 4 (Orri, Ingvar, Heimir, Arnór)
**Utan vallar:** 4 mínútur

Akureyri - Víkingur 25-27 (7-14)

**Mörk Akureyrar (skot):** Jónatan Þór Magnússon 15/11 (19/11), Hörður Fannar Sigþórsson 5 (9/0), Oddur Grétarsson 4 (7), Rúnar Sigtryggsson 1 (2), Andri Snær Stefánsson (4). Goran Gusic (2), Anton Rúnarsson (2), Brynjar Þór Hreinsson(1).
**Varin skot:** Hafþór Einarsson 4/1 (12/1, 33%), Hörður Flóki Ólafsson 5 (24/3, 21%)
**Mörk Víkings(skot):** Einar Örn Guðmundsson 7/1 (9/2), Sveinn Þorgeirsson 5 (9), Davíð Georgsson 4/2 (5/2), Hreiðar Haraldsson 4 (6), Sverrir Hermannsson 3 (6), Þröstur Þráinsson 3 (3), Davíð Ágústss. 1 (2), Hjálmar Arnas. (1).
**Varin skot:** Björn Viðar Björnsson 19 (43/10, 44%), Árni Gíslason 2 (3/1, 67%).

Stjarnan - HK 28-28 (12-13)

Stjörnumaðurinn Vilhjálmur Halldórsson jafnaði úr víti þegar 13 sekúndur voru eftir. HK var mest með fimm marka forustu í seinni hálfleik.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fram** | **12** | **7** | **2** | **3** | **342-331** | **16** |
| Haukar | 12 | 8 | 0 | 4 | 344-310 | 16 |
| **Valur** | **12** | **6** | **3** | **3** | **330-288** | **15** |
| FH | 12 | 6 | 2 | 4 | 361-357 | 14 |
| **HK** | **12** | **5** | **3** | **4** | **320-327** | **13** |
| Akureyri | 12 | 6 | 0 | 6 | 313-326 | 12 |
| **Stjarnan** | **12** | **2** | **3** | **7** | **302-323** | **7** |
| Víkingur | 12 | 1 | 1 | 10 | 309-359 | 3 |

### *HM í handbolta í Króatíu*

**A-RIÐILL**

Argentína-Ástralía 36-16 (15-8)
Slóvakía-Rúmenía 28-23 (12-13)
Frakkland-Ungverjaland 27-22 (13-8)
**Lokastaðan:** Frakkland (10 stig), Slóvakía (7) og Ungverjaland (7) fóru áfram en Rúmenía (4), Argentína (2), Ástralía (0) sitja eftir í riðlinum.

**B-RIÐILL**

Kúvæt-Kúba 23-26 (9-12)
Spánn-Kórea 23-24 (15-14)
Króatía-Svíþjóð 30-16 (14-13)
**Lokastaðan:** Króatía (10 stig), Svíþjóð (8) og Kórea (6) fóru áfram en Spánn (4), Kúba (2), Kúvæt (0) sitja eftir í riðlinum.

**C-RIÐILL**

Makedónía-Rússland 36-30 (15-14)
Þýskaland-Pólland 30-23 (14-11)
Túnís-Alsír 36-25 (18-11)
**Lokastaðan:** Þýskaland (9 stig), Makedónía (6) og Pólland (6) fóru áfram en Rússland (5), Túnis (4), Alsír (0) sitja eftir í riðlinum.

**D-RIÐILL**

Serbía-Sádía Arabía 38-29 (21-13)
Eygyptaland-Brasilía 25-22 (13-6)
Danmörk-Noregur 32-28 (16-14)
**Lokastaðan:** Danmörk (10 stig), Serbía (6) og Noregur (6) fóru áfram en Egyptaland (4), Brasil ía (4), Sádí Arabía (0) sitja eftir í riðlinum.

Ekki kom að sök þótt Haukar misstu niður sjö marka forystu í síðari hálfleik gegn Valsmönnum í gær:

# Meistararnir upp að hlið Fram á toppnum

**HANDBOLTI** Haukar lögðu Val í toppslag N1-deildar karla, 25-23, í spennandi leik á Ásvöllum í gær þrátt fyrir að missa niður sjö marka forskot í síðari hálfleik.

Haukar voru mun betri aðilinn í fyrri hálfleik en þá lék liðið frábæra vörn og fína sókn á sama tíma og ekkert gekk hjá Val. Haukar voru fimm mörkum yfir í hálfleik, 14-9, og náðu sjö marka forystu í upphafi síðari hálfleiks.

Valsliðið fór þá að leika þann varnarleik sem stuðningsmenn liðsins hafa vanist í vetur og þeim tókst að jafna metin þegar fimm mínútur voru eftir af leiknum, 23-23, en Haukar skoruðu tvö síðustu mörk leiksins og eru á toppnum ásamt Fram.



**SPENNA Á ÁSVÖLLUM** Kári Kristjánsson í Haukum gegn Val í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Flestallir leikir á milli þessar liða eru hörkuleikir þar sem varnarleikur og markvarsla skiptir sköpum,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, í leikslok.

„Við spiluðum gríðarlega vel í fyrri hálfleik, bæði í vörn og sókn, og Birkir varði mjög vel. Markvarslan datt aðeins niður í seinni hálfleik sem gerði það að verkum að þeir komust inn í leikinn. Við duttum aðeins niður í vörninni og gerðum mistök í sókninni en við náðum neistanum aftur í vörninni og lönduðum gríðarlega mikilvægum sigri,“ sagði Aron

„Það sýndi mikinn karakter að jafna leikinn eftir að hafa verið sjö mörkum undir. En það fór mikil orka í að jafna leikinn og neistann vantaði í lokin,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson þjálfari Vals.

**- gmi**

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ

blað
alla laugardaga

**Kröftugra og stærra helgarblað á laugardögum.**

Nú fylgir Atvinnublaðið ásamt Heimili og hönnun Fréttablaðinu alla laugardaga ásamt áhugaverðum mánaðarlegum sérblöðum um ferðalög, fjölskylduna, mat og menningu.

Spennandi viðtöl, fréttaúttektir og fjölmargar aðrar áhugaverðar greinar gera helgarblað Fréttablaðsins að ómissandi lesefni um hverja helgi.

**Meðal efnis í helgarblaðinu:**

- Saga mótmæla síðustu aldar.
- Þjóðríki keppast við að bjarga bönkum.
- Nýstárleg sköpun og verslunarrekstur í miðbænum.

**Ferðalög**

- Matgæðingar og menningarborgin Akureyri.
- Svaðilför til Grænlands.

**Heimili og hönnun**

- Steldu stílnum - Fimm ódýrir hlutir sem flikka upp á stofuna.
- Íslendingar atkvæðamiklir - Íslensk hönnun tilnefnd í hönnunarsamkeppni Forum Aid 2009.




Allt sem þú þarft

Gott Fólk



> **Christopher Walken**

„Það sem mér hefur fundist best og verst í lífinu eru viðburðir sem ég gat ekki séð fyrir.“

Walken leikur í myndinni Bjarnasveitin (The Country Bears) sem sýnd er í sjónvarpinu í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÉR LJÓSIÐ

# *Þulurnar eru okkar eina von*

Auðvelt væri að eyða öllum orðaforðanum í pælingar um mótmælin við Alþingishúsið og hellukast. Nú eða vangaveltur um skaðsemi piparúða og táragasbombur. Spyrja sig síðan þeirra spurningar hvort hallarbylting sé í nánd og í kjölfarið velta því fyrir sér hvort landið sé komið í þrot, bæði líkamlega og andlega. Svo mikil er óvissan, sjónvarpsstjörnur týna tölunni og jafnvel stjórnmálamenn fara huldu höfði, að eina haldreipið, eina staðfestingin á því að heimurinn sé ekki farinn fjandans til, eru þulurnar á RÚV.

Þær og hann [Guðmundur Bragason] hafa frá árdögum Ríkissjónvarpsins fylgt sjónvarpsáhorfendum í gegnum hverja kvöldstundina á fætur annarri og fyllt stofur landsmanna af hlýju og umhyggju. Þær hafa sannfært áhorfendur með blíðu brosi að næsti dagskrárliður sé algjör snilld þótt þar kunni að vera á ferðinni tóm leiðindi. Þær fara létt með að halda kúlinu þegar þær bera fram nöfn á bandarískum b-stjörnum af jafnmikilli ástríðu og um væri að ræða Bogart eða De Niro.

Þulurnar hafa lifað tímanna tvenna, ein var gagnrýnd fyrir að sötra kaffi í beinni og sitja nakin fyrir á rósabeði á meðan önnur var sökuð um að bera nafnið Matlock fram sem „Natlock“. En þegar öllu er á botninn hvolft þá veit maður að ef þulurnar á RÚV birtast á skjánum, segja manni hver les fréttir og hvað sé á dagskrá næstu klukkutímana, þá er enn von.



**ÞULUR** Guðmundur Bragason er einn fárra karlkynsþula. Rósa Ingólfs er sennilega sú þekktasta.

## FÖSTUDAGUR



▶ **20.10 Logi í beinni** STÖÐ 2



▶ **20.45 The O.C.** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.15 Bjarnasveitin (The Country Bears)** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50 The Contender** SKJÁREINN



▶ **00.00 Detroit – Dallas, beint** STÖÐ 2 SPORT

### SJÓNVARPIÐ

**15.50 Leiðarljós** (e)
**17.15 Táknmálsfréttir**
**17.25 Spæjarar** (3:26)
**17.47 Músahús Mikka** (40:55)
**18.10 Afríka heillar** (Wild at Heart) (3:6) Breskur myndaflokkur um hjón sem hefja nýtt líf ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Útsvar** Að þessu sinni eigast við lið Álftaness og Ísafjarðar. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.
▶**21.15 Bjarnasveitin** (The Country Bears) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2002 um skógarbirni sem spila saman í kántríhljómsveit við mikinn fögnuð. Aðalhlutverk: Christopher Walken, Daryl Mitchell, Haley Joel Osment.
**22.45 Lögin í Söngvakeppninni** Flutt verða lögin tvö sem komust áfram í Söngvakeppni Sjónvarpsins um síðustu helgi.
**22.55 Áttfætlan ógurlega** (Eight Legged Freaks) Bandarísk bíómynd frá 2002. Eitraðar köngulær stækka gríðarlega vegna efnamengunar og herja á íbúa í afskekktum námubæ. Aðalhlutverk: David Arquette, Kari Wuhrer og Scarlett Johansson.
**00.30 Lögin í Söngvakeppninni** Flutt verða lögin tvö sem komust áfram í um síðustu helgi.
**00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 The Ant Bully**
**10.00 The Shaggy Dog**
**12.00 Dawn Anna**
**14.00 Shopgirl**
**16.00 The Ant Bully**
**18.00 The Shaggy Dog**
**20.00 Dawn Anna** Sannsöguleg mynd um Dawn Önnu sem þarf að berjast fyrir lífi sínu eftir að hún greinist með afar sjaldgæfan og lífshættulegan sjúkdóm.
**22.00 Edison**
**00.00 Hard Candy**
**02.00 The Night We Called It a Day**
**04.00 Edison**
**06.00 The Family Stone**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli kanína og vinir, Refurinn Pablo, Gulla og grænjaxlarnir og Lalli.
**07.50 Oprah**
**08.30 Í fínu formi**
**08.45 Ofurhundurinn Krypto**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (237:300)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (5:25)
**11.00 The Riches** (2:7)
**12.00 Grey's Anatomy** (1:17)
**12.45 Neighbours**
**13.10 Forboðin fegurð** (105:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (106:114)
**14.40 Forboðin fegurð** (107:114)
**15.35 A.T.O.M.**
**15.58 Nornafélagið**
**16.18 Camp Lazlo**
**16.43 Bratz**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Neighbours**
**17.58 Friends** (8:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.15 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**19.45 The Simpsons** (16:23) Lísa á erfitt með sig þegar hún er neydd til að deila herbergi með bróður sínum.
▶**20.10 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.
**20.55 Wipeout** (11:11) Hörkuspennandi og bráðskemmtilegur raunveruleikaþáttur þar sem 24 manneskjur hefja keppni um 50.000 þúsund dollara.
**22.00 Beerfest** Gamanmynd um tvo bræður sem láta draum sinn rætast og fara til Þýskalands á októberfest.
**23.50 Mo' Better Blues** Mynd frá Spike Lee sem fjallar um tónlistarmanninn Bleek sem slær í gegn með hljómsveit sinni og þarf að velja á milli tveggja kvenna sem vita ekki af hvor annari.
**01.55 The General's Daughter**
**03.50 Wipeout** (11:11)
**04.50 The Simpsons** (16:23)
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**16.00 Gillette World Sport 2009**
**16.30 Utan vallar með Vodafone**
**17.20 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**17.45 Spænski boltinn** Hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.
**18.15 World Supercross GP** Sýnt frá World Supercross GP mótinu en að þessu sinni fór mótið fram á Chase Field í Phoenix.
**19.10 FA Cup - Preview Show 2009** Hitað upp fyrir elstu og virtustu bikarkeppni í heimi.
**19.40 Derby - Nottingham Forest** Bein útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.
**21.50 UFC Unleashed** Bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**22.35 World Series of Poker 2008** Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum mæta til leiks.
**23.30 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
▶**00.00 Detroit - Dallas** Bein útsending frá leik í NBA körfuboltanum.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Chelsea - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.10 Bolton - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**21.20 PL Classic Matches** Bradford - Watford, 1999. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.50 Leeds - Tottenham, 2000** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.20 Sunderland - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**00.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.35 Vörutorg**
**18.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.20 America's Funniest Home Videos** (42:42) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (1:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)
**20.10 Charmed** (18:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir. Coop reynir að hjálpa Phoebe að finna ástina á meðan Paige óttast að hún elski Henry of mikið.
**21.00 The Bachelor** (7:10) Raunveruleikaþáttur þar sem efnilegur piparsveinn leitar að stóru ástinni. Það eru aðeins þrjár stúlkur eftir og þær fara með Brad til Cabo San Lucas í Mexíkó þar sem rómantíkin ræður ríkjum. Hann á inniteg stefnumót með öllum stúlkunum og þeim stendur öllum til boða að eyða nótt með honum. En eru þær tilbúnar til þess?
▶**21.50 The Contender** (9:10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu stórstjörnu í hnefaleikaheiminum. Efnilegir boxarar mæta til leiks og berjast þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.
**22.45 The Dead Zone** (6:12) Bandarísk þáttaröð sem byggð er á sögupersónum eftir Stephen King. Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. (e)
**23.35 Comanche Moon** (3:3) (e)
**01.15 Jay Leno** (e)
**02.05 Jay Leno** (e)
**02.55 Vörutorg**
**03.55 Óstöðvandi tónlist**

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Föstudagsþátturinn** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 19.15**
**Auddi og Sveppi**

Þeim er ekkert heilagt, komast upp með allt, láta sig allt varða og svo er öllu slegið upp í grín. Vinirnir Auddi og Sveppi sameinast á ný á skjánum strax eftir fréttir í kvöld kl 19.15 í opinni dagskrá á Stöð 2. Þátturinn verður einnig sýndur á Stöð 2 extra kl. 22.45.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Beerfest**
**Stöð 2 kl. 22.00**

Gamanmynd um tvo bræður sem láta draum sinn rætast og fara til Þýskalands á Októberfest en þar kynnast þeir ævafornum leynilegum drykkjuleik. Myndin kemur frá grínhópnum Broken Lizards sem gerði meðal annars myndina Super Troopers. Aðalhlutverk: Cloris Leachman, Erik Stolhanske, M.C. Gainey og Paul Soter.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Svörtu hestarnir
**15.30** Miðdegistónar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (109:260)
**16.30 Hollyoaks** (110:260)
**17.00 Ally McBeal** (8:24)
**17.45 The O.C.** (5:27)
**18.30 20 Good Years** (5:13)
**19.00 Hollyoaks** (109:260)
**19.30 Hollyoaks** (110:260)
**20.00 Ally McBeal** (8:24)

▶ **20.45 The O.C.** (5:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.

**21.30 20 Good Years** (5:13) Frumlegir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólifuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ítrasta.

**22.00 Prison Break** (15:22) Fjórða serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.

**22.45 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

**23.10 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.

**23.55 Armed and Famous** (1:6)
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn Hrafnaþings kemur saman: Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm.

**21.00 Sportið mitt** Íþróttaþáttur í umsjá Sverris Júlíussonar þar sem íþróttaviðburðir verða til umfjöllunar.

**21.30 Frumkvöðlar** Elinóra Inga Sigurðardóttir tekur á móti Bjargeyju Ingólfsdóttur heilsuhönnuði og Þorsteini Broddasyni framkvæmdastjóra Hátæknisetursins.

## DR 1

**10.00** Stemmer fra opgangen **10.30** Forandring på vej **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet med Vejret **12.30** Danmark Ekspeditionen **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Amigo **16.30** Shanes verden **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** For Your Eyes Only **22.35** Daredevil

## NRK 1

**10.05** Verdensarven **10.25** V-cup alpint **11.45** X-games **12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** V-cup skiskyting **14.35** V-cup alpint **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Slipp naboene løs **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Ugleskogen **17.10** Mumfie **17.20** Charlie og Lola **17.35** Danny og Daddy **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Mesternes mester **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Livvaktene **22.10** Kveldsnytt **22.25** KORK i disco-inferno **23.10** Duran Duran. Rio **00.00** Riksarkivet

## SVT 1

**10.00** Tuff tid **11.00** Rapport **11.05** Debatt **11.50** Antikrundan **13.05** Skidskytte **15.00** Rapport **15.05** Konståkning. EM **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Konståkning. EM **22.00** Kulturnyheterna **22.15** Solens mat **22.45** Misstänkt **00.45** Sändningar från SVT24

Fiskikóngurinn
Bóndadagurinn er í dag



Sjáumst eldhress í dag,
blóm til okkar fisksalanna væru vel þegin
Næg bílastæði
Stelpur við fáum pottþétt gott að borða í kvöld!!
Hvað ætlar þú að gefa þínum heittelskaða í kvöld??
Súr Hvalur
Stór Humar
Glæný lúða
Túnfisksteikur




Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er jarðarberjagleði á Wellness Café í Sporthúsinu í Kópavogi. Þetta er bæði bragðgott og hollt.“*

Guðlaug Birna Aradóttir, nemi í íþróttafræðum.

# Ólafur F. ryður Benna Ólsara út

„Þetta er bara fyndið. Auddi var að hringja í mig og flauta þetta af. Þá var allt orðið vitlaust,“ segir Benjamín Þór Þorgrímsson sem betur er þekktur sem Benni Ólsari sem komið hefur við sögu í fréttum af handrukkunum.

Hinir landsþekktu, dáðu og elskuðu grínarar Auddi og Sveppi byrja með glænýjan sjónvarpsþátt á Stöð 2 í kvöld en þeir hafa hugsað sér að taka beygju, henda sér inn í þjóðfélagsumræðuna miðja en þær fyrirætlanir hafa steytt á steinum. Þeir hafa verið að taka púlsinn á mótmælunum og voru búnir að finna einkar áhugaverðan viðmælanda, nefnilega Benna Ólsara, og ætluðu að ræða við hann um heima og geima – þjóðfélagsmálin. En þá kom babb í bátinn. Audda og Sveppa var ekki kunnugt um að fyrir dyrum stæðu málaferli Benna á hendur fyrirtækinu 365 vegna Kompássþáttar þar sem Benni kom við sögu.

„Þetta var nú eiginlega eina viðtalið sem ég ætlaði að veita,“ segir Benni. „Ég hefði alveg verið til í að hitta þá og grína aðeins með þeim. En þeir vissu náttúrulega ekkert um þessa stefnu. Saklausir og skemmtilegir strákar sem eru að gera einhvern grínþátt.“

Sveppi kýs að tjá sig ekki um málið en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sá gestur sem hleypur í skarðið fyrir Benna sé enginn annar en Ólafur F. Magnússon, fyrrverandi borgarstjóri. **- jbg**



**SVEPPI OG AUDDI Í MIÐJU MÓTMÆLANNA** Í þættinum í kvöld verður enginn Benni Ólsari eins og til stóð en í hans stað kemur Ólafur F. Magnússon. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT**
2. mælieining, 6. drykkur, 8. töffari, 9. bókstafur, 11. í röð, 12. skopleikrit, 14. græða, 16. samtök, 17. skurðbrún, 18. óðagot, 20. hreyfing, 21. stefna.

**LÓÐRÉTT**
1. vísupartur, 3. einnig, 4. nagdýr, 5. málmur, 7. ótvíræður, 10. frjó, 13. atvikast, 15. sóða, 16. ái, 19. 2000.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. volt, 6. te, 8. gæi, 9. eff, 11. mn, 12. farsi, 14. lækna, 16. aa, 17. egg, 18. fum, 20. ið, 21. ismi.
**LÓÐRÉTT:** 1. stef, 3. og, 4. læmingi, 5. tin, 7. efalaus, 10. fræ, 13. ske, 15. agða, 16. afi, 19. mm.













MYND/ARI MAGG



## BÚSÁHALDABYLTING SÉÐ FRÁ STÚDÍÓI ARA MAGG

Ljósmyndarinn **Ari Magg** segir það hafa verið skrítna tilfinningu að koma til vinnu í fyrrakvöld. Þá blöstu mótmælin við Hverfisgötu við beint út um gluggann hjá honum. Í stúdíóinu hvílir stór innrömmuð mynd af Ólafi Ragnari sem Ari tók á sínum tíma fyrir TIME.

ARI MAGG: MEÐ EINKAÚTSÝNI YFIR BÚSÁHALDABYLTINGUNA

# Ljónheppinn tískuljósmyndari

„Eins og ég hafi pantað þetta,“ segir Ari Magg, auglýsinga- og tískuljósmyndari, og einhver sá virtasti á sínu sviði.

Mótmælin á Hverfisgötu fyrir framan Þjóðleikhúsið og Þjóðmenningarhúsið að kvöldi miðvikudags voru sérlega mögnuð. Mikill mannfjöldi hafði safnast þar saman og kveikt bál við tröppur leikhússins og hrópaði: „Vanhæf ríkisstjórn!“ Og barði í potta og pönnur. Búsáhaldabyltingin stóð sem hæst. Í Þjóðleikhúskjallaranum var fundur hjá Reykjavíkurfélagi Samfylkingar. Þegar þau tíðindi spurðust að samþykkt lægi fyrir um að slíta bæri stjórnarsamstarfinu greip fögnuður um sig meðal fólks. Erpur Eyvindarson tónlistarmaður, sem staðið hefur framarlega í flokki mótmælenda, taldi í samtali við blaðamann Fréttablaðsins, sigur hafa unnist. Stjórnin væri tæknilega fallin. Og fór ásamt fjölda annarra á næstu krá til að fagna.

Meðan þessu fór fram var einn fremsti ljósmyndari landsins í óvæntri kjöraðstöðu. Mótmælin fóru fram nánast fyrir framan stóran glugga ljósmyndastúdíós hans. Það stendur í portinu sem er gegnt Þjóðleikhúsinu. Útsýnið var kjörið.

„Þetta var skemmtilegt. Ég hafði einkaútsýni yfir þetta og náði ágætis myndum. Reyndar hefur líka verið hægt að mynda af bílastæðahúsinu. Ég hafði einmitt farið kvöldið áður að Alþingishúsinu. Og var þá að horfa á nokkra staði í kring sem hefði verið gott að geta stillt sér upp á. Svo gerist þetta að næsta kvöld er þetta beint fyrir framan glugga minn.“

Víst er að búsáhaldabyltingin býður upp á frábært myndefni og mótív fyrir ljósmyndara og tökumenn. Margar myndavélar voru á lofti. Gósentíð fyrir ljósmyndara. „Þetta eru spennandi tímar fyrir blaðaljósmyndara og aðra ljósmyndara einnig. Ég veit um nokkra kollega sem hafa fylgst með þessu frá upphafi,“ segir Ari sem góðfúslega veitti Fréttablaðinu sýnishorn af því sem við blasti frá ljósmyndastúdíói hans.

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Formenn Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna mættu í viðtal til Sigmars Guðmundssonar í Kastljós á miðvikudagskvöld en á sama tíma var verið að senda út Gettu betur á Rás 2. Talsverður fjöldi ungmenna var saman kominn á Markúsartorgi og leið Steingríms J. Sigfússonar lá í gegnum unglingafjöldina á leið í förðun án þess að nokkur tæki eftir því sérstaklega. Hins vegar var eins og **Geir Haarde** forsætisráðherra félli af himnum ofan í stúdíóið – en honum var smyglað inn bakdyramegin en áður voru FBI-legir menn búnir að taka svæðið út. Ekki þótti á það hættandi að leiða hann um meðal unglinganna.



Gestur Bubba Morthens í útvarpsþættinum Færibandið síðasta mánudagskvöld var Geir H. Haarde. Bubbi boðaði 5. gráðu yfirheyrslu en þeir sem bjuggust við boxi heyrðu sérlega kurteisan gúanórokkara spyrja forsætisráðherra en Bubbi ætlar að gera sig gildandi í þjóðfélagsumræðunni og lagar nú grillvökvann. **Björgvin G. Sigurðsson** viðskiptaráðherra er næstur á dagskrá hjá Bubba og verður spennandi að vita hver staða mála verður þá nú þegar stjórnin rambar á barmi gjaldþrots.



Nýlega tók sjónvarpsstjarnan **Pacas** úr Hæðinni við sem afleysingakokkur í leikskólanum Sæborg við Ægisíðu í Reykjavík. Krakkarnir og starfsfólkið þar er vant góðum mat og ekki hefur matarlystin minnkað eftir að Pacas kom í eldhúsið. Hann reiðir nú fram svo framandi og ljúffenga rétti að allur skólinn stendur gjörsamlega á blístri.



**- jbg, drg**

Fiskikóngurinn
SÚR HVALUR
STÓR HUMAR
Strákar verið nú góðir við elskurnar ykkar
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# Heimir og Kolla í beinni á BBC

„Maður er eiginlega alveg orðinn ruglaður. Ég held að ég sé bókaður í viðtöl langt fram eftir kvöldi,“ segir morgunhaninn Heimir Karlsson. Lopapeysusöfnun útvarpsþáttarins Ísland í bítið virðist sanna fyrir fullt og allt að Íslendingar bera engan kala til Breta.

Í gærkvöldi sigldi nefnilega Arnarfellið áleiðis til Hull með tuttugu tonn af hvers kyns lopavörum, rúma fimmtíu rúmmetra af lopapeysum, síðbrókum, húfum og vettlingum. Heimir segir áhuga breskra fjölmiðla á þessari einstöku söfnun vera með ólíkindum. Hann velti því jafnvel fyrir sér hvort tími sé kominn til að ráða fjölmiðlafulltrúa. „Daily Telegraph, Daily Mail og Fokal-Radio í Stoke hafa öll haft samband í dag,“ útskýrir Heimir sem hafði lítinn tíma til að spjalla enda bókaður í annað viðtal aðeins nokkrum mínútum seinna. Rúsínan í pylsuendanum er þó án nokkurs vafa umfjöllun morgunþáttar BBC sem sjónvarpar beint frá því þegar Arnarfell leggst að bryggju eftir siglingu yfir Humber-ána á mánudagsmorgun. Heimir og Kolbrún Björnsdóttir verða að sjálfsögðu viðstödd.



**HEIMIR KARLSSON** Bretar eru himinlifandi með ullargjöf Íslendinga.

Breskir blaðamenn hafa velt því fyrir sér hvers vegna í ósköpunum Íslendingar séu að leggja Bretum lið, svona í ljósi þess að breska yfirvöld, með Gordon Brown fremstan í flokki, settu hryðjuverkalög á landið. Heimir svarar því yfirleitt til að þetta séu óskyld mál. „Okkur fannst bara skelfilegt til þess að hugsa að gamalmenni í vestrænu ríki væru að frjósa úr kulda,“ segir Heimir sem tekur þó fram að það hafi verið Íslendingafélagið í Bretlandi sem hafi átt hugmyndina að þessu framtaki. **- fgg**


heima
Öndvegi
mood
BÚUM BETUR
25%
sófar
sófaborð
borðstofuborð
skápar
skenkar
stólar
bókahillur
25%
mottur
silkiblóm
speglar
ljós
klukkur
gjafavara
25%
25%
25%
rúm
kommóður
fatastandar
rúmfatnaður
teppi
glös
diskar
hnífapör
karöflur
bollar
könnur
servéttur
25% afsláttur af öllum vörum!
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**

Bergsteins Sigurðssonar


## Geir til varnar

Kæri Geir. Það er ábyggilega erfitt að vera þú núna. Mér datt þess vegna í hug að skrifa uppörvandi pistil um leiðtogahæfileika þína og hvað þú ert góður forsætisráðherra. Allt frá falli bankanna hefur Geir H. Haarde sýnt að hann er…öh… góður í að…mmm… Geir kann að…neineinei…bæta upplýsingaflæði – nei, ekki það…bíðum við, ekki síðan Davíð…nei, ekki það heldur. Maður fólks…nei, bíddu…maður sem horfist í augu við…við hvað? …horfist í augu við…ástand…sem fæstir myndu…fæstir gætu…? öh…æi fokk!

**HEYRÐU** Geir, það er kannski best að þú klárir að skrifa þennan.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 23. janúar, 23. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.34 | 13.39 | 16.46 |
| Akureyri | 10.35 | 13.24 | 16.14 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


